



## Verkbann

*Yfirlit yfir beitingu verkbanns á Íslandi á árunum 1938 til 2015*

Rín Samía Raiss



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**FÉLAGSVÍSINDASVIÐ**

---

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

## **Verkbann**

***Yfirlit yfir beitingu verkbanns á Íslandi á árunum 1938 til 2015***

Rín Samía Raiss

Lokaverkefni til MS-gráðu í viðskiptafræði

Leiðbeinandi: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

Viðskiptafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Október 2015

Verkbann.

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til MS prófs við Viðskiptafræðideild,  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

© 2015 Rín Samía Raiss

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2015

## Formáli

Þessi ritgerð er 30 eininga (ECTS) lokaverkefni í meistaranámi í mannauðsstjórnun við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Ég vil færa leiðbeinanda mínum, Gylfa Dalmanni Aðalsteinssyni dósent, kærar þakkir fyrir allt það sem hann kenndi mér á námsárum mínum í Háskóla Íslands. Hann á einnig þakkir skyldar fyrir þann áhuga sem hann vakti hjá mér á vinnumarkaðsfræði strax í grunnámi mínu við Háskóla Íslands. Einnig vil ég þakka honum góða ábendingu um efnisval, hvetjandi athugasemdir og veitta leiðsögn við gerð þessa verkefnis.

Viðfangsefnið var sérlega áhugavert þar sem lítið hefur verið fjallað um verkbönn hér á landi. Vinna við ritgerðina hófst í maí 2015 og lauk á haustmánuðum 2015.

Ég vil þakka Hildi Katrínu Rafnsdóttur, námsráðgjafa við Háskóla Íslands, vel veittan stuðning og hvatningu. Fjölskyldu minni vil ég þakka vel veitan stuðning, áhuga og hvatningu. Að lokum vil ég minnast sérstaklega á áhuga og stuðning afa míns, Guðmundar Valdimarssonar, sem var mér ómetanleg hvatning.

## Útdráttur

Þessi ritgerð er 30 eininga (ECTS) lokaverkefni í meistaranámi í mannauðsstjórnun við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Umfjöllunarefnið er verkþann sem er form af vinnustöðvun. Felst verkþann í því að vinnuveitandi eða vinnuveitendur neita að taka við vinnuframlagi hóps starfsmanna. Verkþann getur einnig falist í því að hópi starfsmanna sé sagt upp, að því tilskyldu að uppsögnin eða neitunin á viðtöku vinnuframlags sé vegna annarra þátta en sjónarmiða er snúa að rekstrinum. Verkþann má nýta sem vopn til að knýja á um lausn kjaradeilu og einnig til þess að lágmarka kostnað eða tap vinnuveitenda af verkfallsaðgerðum.

Meginmarkmið verkefnisins var að skoða hvað felst í verkþanni samkvæmt lögum nr. 80 frá árinu 1938. Í því sambandi var meðal annars skoðað hvernig standa skal að framkvæmd og boðun verkþanns og hverjir geta beitt úrræðinu. Enn fremur voru þau takmörk sem voru á úrræðinu til skoðunar.

Ekki er hægt að segja til um með neinni vissu hvenær verkþanni var fyrst beitt hér á landi. Í upphafi síðustu aldar var almennt ekki um fastráðningu eða uppsagnarfrest starfsmanna að ræða. Tímabilið frá því að verkþann var innleitt í íslenska löggjöf árið 1938 til ársins 2015 var til skoðunar í þessari rannsókn. Rýnt var í hvenær verkþönnum hefur verið beitt á þessu tímabili auk þess sem skoðað var hvenær hótanir hafa verið uppi um að beita úrræðinu.

Notast var við eigindlega aðferðafræði (e. qualitative methodology) eða nánar tiltekið innihaldsgreiningu (e. content analysis). Öll fyrirliggjandi gögn á rannsóknartímabilinu 1938 til 2015 sem fjölluðu með einum eða öðrum hætti um verkþann á Íslandi voru rýnd. Gögnum var safnað saman á vefsíðunni [www.timarit.is](http://www.timarit.is) sem er stafrænt bókasafn á vegum Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns.

Lykilorð: Verkþann, vinnustöðvun, ríkið, kjaradeilur, stéttarfélag, Samtök atvinnurekenda.

## **Abstract**

This is the final thesis in my Master studies in Human Resource Management at the Faculty of Business Administration, School of Social Sciences at the University of Iceland, counting 30 ECTS units.

This is a research on lockout which is a form of work stoppage. Lockout consists of an employer or employers refusing to receive the work of an employee or employees. A lockout can also consist of a group of employees being dismissed, as long as the termination or refusal to receive the work comes about because of factors other than those having to do with the running of the business. A lockout can be utilized as a weapon to enforce the solution of an industrial dispute and also to minimize the cost or loss of an employer during strike time.

The main goal of this thesis was to research what a lockout entails according to law nr. 80/1938. In that regard among other things the author explored how to go about implementing and proclaiming a lockout as well as who can apply the measure. Furthermore the limits of a lockout were investigated. One can not claim with any certainty when a lockout was first used in Iceland. At the beginning of last century employees were not typically given a permanent employment nor a notice period. The period since lockouts came a part of the Icelandic legislation in 1938 until the year 2015 was researched in this thesis. Inspected was when a lockout had been implemented in the research period as well as when threats had been made about using the resource.

Qualitative research methodology was utilized or more to the point content analysis. All available data on lockouts during the research period from 1938 to 2015 were investigated. Study data was gathered from the website [www.timarit.is](http://www.timarit.is) which is a digital library operated by the National and University library of Iceland.

Keywords: Lockout, work stoppage, the government, work dispute, unions, The organization of Icelandic employers.

## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	9
2	Vinnulöggjöf verður til .....	11
2.1	Félagsdómur .....	14
2.2	Ríkissáttasemjari .....	17
3	Vinumarkaður .....	19
3.1	Opinberir starfsmenn.....	21
3.2	Upphaf verkalýðshreyfingar og myndun heildarsamtaka á vinnumarkaði .....	24
3.2.1	Stéttarfélög .....	27
3.2.1.1	Atvinnuleysi og stéttarfélög.....	28
4	Rétturinn til vinnustöðvana .....	30
4.1	Lög á vinnustöðvanir.....	32
5	Samtök atvinnurekenda.....	34
5.1	Samþykktir Samtaka atvinnulífsins um vinnustöðvanir.....	36
6	Verkbann.....	39
6.1	Framkvæmd og ákvörðun um verkban.....	43
6.2	Boðun verkbanns .....	46
6.3	Tilkynningarskylda .....	47
6.4	Verkbannsvarsla.....	48
7	Dæmi um beitingu verkbanns erlendis.....	50
8	Aðferðafræði.....	53
8.1	Tilgangur og markmið rannsóknarinnar .....	53
8.2	Rannsóknaraðferð.....	53
8.3	Takmarkanir og annmarkar rannsóknar .....	55
9	Greining fjölmiðlaumfjöllunar um verkbönn og verkbannshótanir.....	56
9.1	Verkbönn og hótanir um verkbönn á árunum 1938 til 2015.....	58
10	Umræða .....	96
10.1	Verkbönn á árunum 1938 til 2015 .....	96
10.2	Hótanir um verkbönn á árunum 1938 til 2015 .....	104
11	Lokaorð .....	106

## Töfluskra

Tafla 1 Samantekt verkanna á árunum 1938 til 2015 .....	97
Tafla 2 Samantekt hótanana um verkönn á árunum 1938 til 2015 .....	104



# 1 Inngangur

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er beiting verkbanns á Íslandi á árunum 1938-2015. Tilgangur rannsóknarinnar var að rýna í þá þróun sem orðið hefur á beitingu verkbanns á fyrrnefndu tímabili og veita yfirlit yfir beitingu verkbanns á rannsóknartímabilinu.

Með rannsókninni var leitast við að svara rannsóknarspurningunum: Hvað er verkbann? Hvenær hefur verkbanni verið beitt og við hvaða aðstæðu? Hvenær hafa verið uppi hótanir um að beita verkbanni og við hvaða aðstæður? Notast var við innihaldsgreiningu sem er form af eigindlegri aðferðafræði. Rýnd voru öll fyrirbyggjandi gögn á rannsóknartímabilinu 1938 til 2015 sem fjölluðu með einum eða öðrum hætti um verkbann á Íslandi. Gögnunum var safnað saman á vefsíðunni [www.timarit.is](http://www.timarit.is) sem er stafrænt bókasafn á vegum Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns. Þegar höfundur tók til við að greina rannsóknargögnin bar strax á þeim vanda að ítrekað var vísað til aðgerða sem verkbanns þrátt fyrir að í reynd væri um aðrar aðgerðir að ræða svo sem verkfall, lögbann, innflutningsbann eða annað. Sérstaklega er greint frá dæmum um slík tilfelli í ritgerðinni.

Verkbann er form af vinnustöðvun sem felst í því að vinnuveitandi eða vinnuveitendur neita að taka við vinnuframlagi hóps starfsmanna. Verkbann getur einnig falist í því að hópi starfsmanna sé sagt upp, að því tilskyldu að uppsögnin eða neitunin á viðtöku vinnuframlags sé vegna annarra þátta en sjónarmiða er snúa að rekstrinum. Verkbann má nýta sem vopn til að knýja á um lausn kjaradeilu og einnig til þess að lágmarka kostnað eða tap vinnuveitenda af verkfallsaðgerðum. Leitaðist höfundur við að fjalla um verkbann á Íslandi frá ýmsum sjónarhornum auk þess sem dæmi eru tekin um notkun verkbanns erlendis.

Lítið hefur verið fjallað um verkbönn á Íslandi og því vakti umfjöllunarefnið áhuga höfundar. Ein helsta heimildin sem nýtt var við gerð þessarar ritgerðar er lokaverkefni Ásmundar G. Vilhjálmssonar til ML gráðu við Háskóla Íslands frá árinu 1981. Þer verkefni Ásmundar titillinn Verkbann og fjallar um beitingu verkbanna og þau ákvæði laga nr. 80/1938 um Stéttarfélög og vinnudeilur er varða beitingu úrræðisins.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir aðdraganda þess að lög um Stéttarfélög og vinnudeilur voru lögfest hér á landi. Um mikilvægan atburð er að ræða þar sem lagasetningin hafði margvísleg áhrif á samskipti aðila á vinnumarkaði.

## 2 Vinnulöggjöf verður til

Fyrir 1938 hafði sitthvað verið gert til að innleiða í íslensk lög ákvæði um hvernig taka skyldi á samskiptum aðila vinnumarkaðarins og vinnudeilum enda var þörfin mikil. Árið 1915 voru sett á Alþingi lög nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna. Má segja að með þeirri lagasetningu hafi fyrsta skrefið í átt að því að innleiða vinnumarkaðslöggjöf á Íslandi verið tekið (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981). Lagasetningin lagði jafnframt dröggin að stofnanabindingu átaka hér á landi líkt og fyrr hafði verið gert á hinum Norðurlöndunum. Helst galli laganna var hins vegar skortur á skýrum leikreglum um hvaða og hvernig úrræðum mætti beita í vinnudeilum. Skorti því enn á skýran ramma um samskipti aðila vinnumarkaðarins. Tilkoma embættis sáttasemjara ýtti þó undir að unnt væri að leysa deilumál friðsamlega. Ljóst var að þörf var á að lögfesta frekar réttarreglur um vinnudeilur (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2006).

Árið 1923 er fyrsta formlega frumvarpið á Alþingi um vinnulöggjöf lagt fram. Var um að ræða frumvarp Bjarna Jónssonar frá Vogli er sneri að gerðardómum í deilum um kaup. Var lagt til að það yrði dómsstóla að skera úr um laun ef til deilna kæmi á milli atvinnurekenda og launamanna. Dagaði þetta frumvarp uppi og varð aldrei að lögum (Tillögur um vinnulöggjöf, 1938). Tveimur árum síðar eða árið 1925 var aftur lagt fram frumvarp um aðkomu gerðadóms að launadeilum en það varð heldur ekki að lögum (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Máttur heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins var smám saman að aukast sem jók einnig líkurnar á að upp úr syði með kostnaðarsömum afleiðingum. Þar af leiðandi varð sífellt meira aðkallandi að lögfesta hvernig bæri að taka á deilumálum (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 1993). Á þessum tíma hófust vinnustöðvanir almennt fyrirvaralaust auk þess sem enginn formlegur farvegur var til staðar til að fá leyst úr deilumálum til dæmis vegna samningsrofa. Oft enduðu vinnudeilur með ofbeldi: „Ef atvinnurekendur eða verkamenn utan stéttarfélaga, sem framan af voru í miklum meirihluta meðal vinnandi fólks, sinntu ekki fyrirmælum verkfallsforingja og reyndu að halda áfram störfum máttu þeir eiga von á að aflsmunar yrði neytt væru tök á því ....“ (Guðmundur Magnússon, 2004).

Síðar árið 1925 setti Alþingi lög nr. 55/1925 (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981). Fjölluðu þau um sáttatilaunir í vinnudeilum og naut málið þverpólitískrar samstöðu, þrátt fyrir að frumvarpið væri sett fram af Framsóknarflokki (Tillögur um vinnulöggjöf, 1938). „Fyrsti vísir að vinnulöggjöf á Íslandi voru lög um sáttastörf í vinnudeilum“ (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 1993). Með þeirri lagasetningu var kveðið á um hlutverk, skyldur og réttindi sáttasemjara. Var embættið afar valdlítið í upphafi og má segja að það hafi einskorðast við réttinn til að kveða deiluaðila að fundarborðinu. Hafði sáttasemjari engin úrræði til að beita menn neinum viðurlögum væri slíku boði ekki hlýtt. Voru lög in gildi allt til ársins 1980 eða þar til lög nr. 80/1980 leystu þau af hólmi (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981). Segja má að með lögunum hafi veigamesta breytingin verið tilkoma sáttasemjara sem hafði það hlutverk að liðka til um sáttir (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 1993). Embætti sáttasemjara var í upphafi einungis hlutastarf þrátt fyrir víðtækar skyldur. „Átti sáttasemjari að fylgjast með ástandi og horfum atvinnulífsins og öllum samningum um kaup og kjör. Til afskipta hans af vinnudeilu skyldi því aðeins koma, að hún hefði óheppileg áhrif á atvinnulífið og samningaumleitunum deiluaðila hefði verið slitið, ef þær hefðu átt sér stað ... var honum heimilt að bera fram miðlunartillögu til lausnar deilu.“ (Guðmundur Magnússon, 2004).

Þrátt fyrir að lög nr. 55/1925 legðu grunninn að stofnanabindingu átaka tóku þau ekki á samskiptum deiluaðila. „... engin fyrirmæli voru um það hvaða vopn mætti nota í vinnudeilum og hvernig þeim skyldi beitt. Engar formlegar leikreglur voru til sem kváðu á um samskiptareglur á vinnumarkaði“ (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2006).

Á þessum tíma höfðu hin Norðurlöndin lögfest þær reglur sem aðilar að vinnudeilum þurftu að fara eftir. Grundvallar markmið slíkrar lagasetningar var að ýta undir og búa til farveg til að deilandi aðilar gætu leyst úr ágreiningsefnum sínum án átaka. Tækist ekki að semja um deilumál friðsamlega var aðilum heimilt að grípa til vinnustöðvana í samræmi við ákvæði laganna til að knýja á um hagsmunamál sín. Reynslan af gangi mála á íslenska vinnumarkaðnum í samanburði við það sem tíðkaðist á hinum Norðurlöndunum benti til þess að þörf væri á að lögfesta frekari réttarreglur í vinnudeilum (Alþingi vinnulöggjafarnefnd, 1938).

Árið 1929 var aftur gerð tilraun til að lögfesta vald dómstóla í þrætum um kaup og kjör á vinnumarkaði. Innihélt það frumvarp til að mynda ákvæði um að verkföll og

verkbönn væru óheimil (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981). Var frumvarpið keimlíkt þeim sem lögð höfðu verið fram árin 1923 og 1925 um svokallaða vinnudóma í kaupgjaldsprætum en frumvarpið varð aldrei lögfest (Tillögur um vinnulöggjöf, 1938).

Eggert Claessen, þáverandi framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins ferðaðist til Danmerkur sumarið 1934 til að fræðast um norræna vinnulöggjöf. Eftir ferðina samdi hann skýrslu um málefnið og lagði fyrir framkvæmdanefnd Vinnuveitendafélagsins vorið 1935. Mikil andstaða var hins vegar við allar hugmyndir um vinnulöggjöf hjá verkalýðsfélögunum (Guðmundur Magnússon, 2004). Baráttan fyrir lögfestingu vinnulöggjafar var þó engan veginn búin og árin 1937, 1938 og 1939 voru enn og aftur gerðar tilraunir til að leggja fram frumvörp til vinnulöggjafar sem ekki urðu lögfest (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Í lok árs 1936 skipaði atvinnumálaráðherra nefnd í þeim tilgangi að setja saman tillögur að löggjöf um réttindi og skyldur verkalýðsfélaga, stöðu þeirra gagnvart atvinnurekendum og hvernig bæri að meðhöndla deilumál á milli aðila vinnumarkaðarins (Arnmundur Backman og Gunnar Eydal, 1986). Úr þeirri vinnu kom frumvarp til laga um stéttarfélög og vinnudeilur sem lögfest var sem lög nr. 80/1938 (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Hafði nefndin afluð sér heimilda um vinnulöggjöf fjölmargra annarra landa og kannað hvernig til hafði tekist í viðkomandi löndum. Var í þessu sambandi sérstaklega horft til uppbyggingar vinnulöggjafarinnar á hinum Norðurlöndunum eða í Svíþjóð, Noregi og Danmörku ásamt því sem rýnt var í nefndarálit og önnur gögn sem sneru að innleiðingu vinnulöggjafarinnar. Enn fremur var vinnulöggjöf Frakklands og Bretlands skoðuð. Nefndin leitaði einnig til Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendafélags Íslands og Iðnsambands Íslands til þess að óska eftir upplýsingum um innlandan vinnumarkað. Svo sem starfsemi þessara félaga, skipulag þeirra, vinnustöðvanir, lög og vinnusamninga. Björn Þórðarson, lögmaðurinn í Reykjavík, sem gegnt hafði embætti sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum frá 1. október 1926, var á meðal þeirra Íslendinga sem aðstoðuðu nefndina með sérþekkingu sinni og reynslu. Sú vinnulöggjöf og þær tilraunir sem höfðu verið gerðar til myndunar vinnulöggjafar héraendis áður en nefndin tók til starfa voru einnig til skoðunar hjá millipingnefndinni (Tillögur um vinnulöggjöf, 1938).

Í álitinu vinnulöggjafarnefndarinnar er tekið fram að þörf væri á að endurskoða löggjöfina miðað við hvernig hún reyndist. Þrátt fyrir þetta hefur vinnulöggjöfin tekið afar takmörkuðum breytingum frá því að hún var lögfest fyrir tæplega 75 árum fyrir utan kafla um sáttasemjara. Lögin eru grundvallarforsenda þess með hvaða hætti samskipti aðila vinnumarkaðarins fara fram hér á landi. Við það voru fest í lög reglur um fjölmörg atriði er lúta að samskiptum aðila vinnumarkaðarins svo sem um rétt launamanna til að stofna stéttarfélög með það að markmiði að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum sínum (Lára V. Júlíusdóttir, 1994).

Verkalýðshreyfingin hefur ekki séð sér hag í að styðja við breytingar á löggjöfinni og hefur hún frá upphafi staðið á móti öllum hugmyndum um meiriháttar breytingar. Af gefinni reynslu er ljóst að ekki kemur til greina að gera veigamiklar breytingar á löggjöfinni án samvinnu við verkalýðshreyfinguna. Hefur verkalýðshreyfingin jafnframt alla tíð staðið dyggilega vörð um grundvallarréttindi sín svo sem verkfallsréttinn og réttinn til að stofna félagssamtök. Vinnuveitendur hafa hins vegar frá upphafi leitast eftir að gerðar yrðu breytingar á löggjöfinni. Hafa þeir til að mynda óskað eftir bættu verklagi við kjarasamningagerð auk þess sem þeir hafa sóst eftir að settar yrðu reglur um lágmarksfjölda atkvæða í kosningum um kjarasamninga og verkfallsboðanir. Vinnuveitendur hafa einnig talað fyrir því að annað dómstigi yrði innleitt svo mögulegt yrði að áfrýja ákvörðunum Félagsdóms til æðra dómstigs (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2008).

Hér á eftir verður fjallað um hlutverk Félagsdóms og gerð grein fyrir þeim málaflokkum sem tilheyra dómnum.

## **2.1 Félagsdómur**

Félagsdómur starfar á grundvelli laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og kom hann fyrst saman þann 5. október árið 1938. Félagsdómur er sérdómstóll sem gegnir því hlutverki að dæma í réttarágreiningu á milli aðila vinnumarkaðarins. (Félagsdómur var stofnaður ..., 1998). Fimm dómarmenn eiga sæti í Félagsdómi og eru þeir skipaðir til þriggja ára í senn í samræmi við 39. gr. laganna. Í 42. grein er kveðið á um að dómendur eigi að vera íslenskir ríkisborgarar, hafa fjárráð og óflekkað mannorð. Þeir dómendur sem Hæstiréttur skipar eiga jafnframt að hafa lokið embættisprófi í lögfræði (Svanhildur Másdóttir, 2012).

Mál sem heyra undir Félagsdóm geta verið af þrennum toga: Í fyrsta lagi mál sem „... rísa út af kærur um brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur sem og tjóni sem orðið hefur vegna ólögmeðtra vinnustöðvanna“. Í öðru lagi „Út af kærur um brot á vinnusamningi eða ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans“. Í þriðja lagi vegna annarra mála „... milli verkamanna og atvinnurekenda sem aðilar hafa samið um að leggja fyrir dóminn enda séu a.m.k. þrír af dómendum því meðfylgjandi“. Enn fremur er hægt að leita eftir úrskurði Félagsdóms „... um hvort starfsemi geti talist vera iðnaður og til hvaða iðngreinar hún taki ...“. Í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins eru ákvæði um að Félagsdómur dæmi í skilyrtum tegundum mála starfsmanna banka í ríkiseigu og opinberra starfsmanna (Velferðarráðuneytið, e.d.).

Hafi Félagsdómur ekki tekið ákvörðun um að neita að taka mál fyrir er óheimilt að flytja mál fyrir almennum dómstólum sem höfða má fyrir Félagsdómi. „Þá eru úrskurðir og dómar Félagsdóms endanlegir og verður almennt ekki áfrýjað. Málsmeðferð fyrir Félagsdómi fer að miklu leyti eftir lögum um meðferð einkamála en er þó frábrugðin í nokkrum atriðum, einkum að því er lítur að hraða í málsmeðferð“ (Svanhildur Másdóttir, 2012).

Ein af megin skyldum vinnuveitenda er að greiða laun samkvæmt kjarasamningi fyrir þá vinnu sem unnin er af hendi. Sé það ekki gert er um brot á ráðningasamningi að ræða. Á þessu geta þó verið undantekningar, til dæmis séu laun greidd fyrirfram og hafi vinnuveitandi ástæðu til að ætla að megin skyldur samkvæmt ráðningasamningi verði ekki efndar til að mynda vegna verkabanns. Kemur þá í hlut Félagsdóms að skera úr um hvort vinnuveitanda er heimilt að greiða starfsmönnum ekki laun vegna fyrirhugaðs verkabanns. Hér á eftir fer reifun dóms sem sneri að greiðslu launa vegna verkabanns.

Félagsdómur 12/1984 snýr að verkabanni Nútímans hf. á blaðamenn. Forsaga málsins var sú að bókagerðarmenn höfðu staðið í verkfalli í þrjár vikur fyrir hið boðaða verkabann á blaðamenn. Í verkabannsboðun Nútímans hf. var greint frá því að ástæðan fyrir boðun verkabannsins væri verkfall Félags bókagerðarmanna en vegna þess hafði Nútíminn ekki komið út í rétt um þrjár vikur. Af þeim sökum hafði atvinnurekandinn orðið fyrir umtalsverðu tekjutapi. Var það mat Blaðamannafélagsins að verkabannsboðunin stæðist ekki lög vegna þess að tilgangur hennar var ekki að vinna að framgangi krafna í

kjaradeilu. Gaf þá stjórn Nútímans út nýja og endurbætta verkfallsboðun þar sem uppgæfin ástæða hins boðaða verkbanns var tilraun félagsins til að vinna að framgangi krafna félagsins í yfirstandandi kjaradeilu (Blaðamannafélag Íslands gegn Nútímanum, 1984).

Samkvæmt kjarasamningi voru laun þeirra blaðamanna sem voru fastráðnir greidd út fyrirfram. Þegar kom að greiðslu launa hinn 1. október báru blaðaútgefendur hins vegar fyrir sig fyrirhuguðu verkbanni og greiddu einungis út laun fyrir tímabilið 1.-3. október. Félagsdómur féllst á sjónarmið útgefendanna vegna meginreglu vinnuréttar um að vinnusamningar vinnuveitenda og launþega, væru gagnkvæmir. Launþegi sem innir ekki vinnuskyldu sína af hendi hvort heldur sem er vegna verkfalls eða verkbanns á því ekki rétt á að fá laun greidd frá vinnuveitanda sínum þá daga sem verkfallið stendur yfir (Alþýðusamband Íslands, e.d.).

Félagsdómur féllst því á það sjónarmið útgefenda að ákvæði í vinnusamningum um fyrirframgreiðslur bæri ekki að túlka þannig að það hefði átt að tryggja félagsmönnum Blaðamannafélagsins launagreiðslur á meðan á fyrirsjáanlegu verkbanni stæði. Þar af leiðandi taldi dómurinn að útgefendur hefðu verið í fullum rétti til að greiða bara laun fyrir fyrstu þrjá dagana í október þar sem ljóst var að unnið yrði þá daga. Var ekki talið að óvissan um hvort til verkbanns kæmi hefði verið nægjanlega mikil hinn 1. október til að vinnuveitendum hefði borið skylda til að greiða fyrirfram föst laun fyrir mánuðinn í heild sinni (Blaðamannafélag Íslands gegn Nútímanum, 1984).

Dómar Félagsdóms hafa oft verið umdeildir. Eftir að úrskurður þess efnis að verkbannsboðun Vinnuveitendasambandsins hefði verið ólöglegt þann 7. febrúar árið 1998 hófust nokkrar umræður um leggja ætti dómstólinn niður. Ljóst var að vilji Vinnuveitendasambandsins stóð til þess og hugleiddu menn þar á bæ jafnvel að taka upp skipulagða baráttu fyrir því að Félagsdómur yrði lagður niður (Félagsdómur var stofnaður..., 1998). Það hefur þó ekki fengið nægjanlega mikinn hljómgrunn og er Félagsdómur enn starfandi.

Hér á eftir verður fjallað um embætti og hlutverk ríkissáttasemjara.



## 2.2 Ríkissáttasemjari

Þriðji kafli vinnulöggjafarinnar lítur að sáttastörfum í vinnudeilum. Þar er greint frá embætti og hlutverki ríkissáttasemjara, auk þeirra reglna sem í gildi eru varðandi embættið. Árið 1978 var ein stærsta breytingin á vinnulöggjöfinni frá upphafi innleidd þegar nýtt ákvæði um sáttastörf í vinnudeilum og hlutverk ríkissáttasemjara var lögfest. Fólst sú breyting meðal annars í tilkomu ákvæðis um viðræðuáætlun milli deiluaðila (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2008).

Ríkissáttasemjari annast sáttastörf í vinnudeilum á milli aðila vinnumarkaðarins. Í síðasta lagi tíu vikum áður en samningar eru lausir gera þessir aðilar viðræðuáætlun. Eftir að viðræðuáætlun hefur verið gerð geta deiluaðilar óskað eftir milligöngu eða aðstoðar ríkissáttasemjara eftir eigin hentugleikum. Ef að aðilar komast ekki að samkomulagi um viðræðuáætlun áður en fresturinn til þess rennur út setur ríkissáttasemjari upp slíka áætlun. Takist samningar ekki geta aðilar hvor í sínu lagi eða sameiginlega vísað deilunni til sáttasemjara. Hann getur einnig átt frumkvæði að því að taka að sér stjórn viðræðna. Fer hann þá alla jafna með verkstjórn viðræðna. „Aðilum er skylt að mæta á fundi, sem ríkissáttasemjari boðar til og honum ber að skrá og varðveita gögn sem koma fram á fundum og halda fundargerðir.“ (Ríkissáttasemjari, e.d.).

Ekki er heimilt að boða til vinnustöðvana nema að undangengnum samningaviðræðum undir stjórn ríkissáttasemjara. Stefni í vinnustöðvun er skylt að tilkynna bæði sáttasemjara og þeim er deilan beinist að um væntanlega vinnustöðvun með að minnsta kosti viku fyrirvara. „Sáttasemjari getur ekki frestað boðaðri vinnustöðvun, en aðilum á almenna vinnumarkaðnum er það heimilt. Samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna gilda sérstök ákvæði þar um m.a. að boðunarfrestur er 15 dagar en ekki 7 dagar.“ Sáttasemjari getur lagt fram miðlunartillögu til lausn deilunnar ef sátttaumleitanir eru árangurslausar. Hann þarf þó fyrst að eiga viðræður við deiluaðila. „Miðlunartillöguna skal leggja fyrir félög eða félagasambönd launafólks og atvinnurekenda en ekki samninganefndir, til samþykkis eða synjunar allra atkvæðisbærra félagsmanna. Sáttasemjari getur borið fram miðlunartillögu svo oft sem þurfa þykir. Miðlunartillaga telst felld í atkvæðagreiðslu ef meira en helmingur greiddra atkvæða er á móti henni og ef mótatkvæðin eru fleiri en ¼ atkvæða atkvæðisbærra félagsmanna.“ Sáttasemjari hefur afskipti af deilandi aðilum þar

til að samningar nást auk þess sem ekki má líða lengra en 14 dagar á milli samningaumleitana. (Ríkissáttasemjari, e.d.).

Sáttasemjari gegnir þó ekki aðeins fjölmörgum skyldum við úrlasun deilna á vinnumarkaði. Hann sinnir einnig eftirlitshlutverki með kjaramálum, atvinnulífi og vinnumarkaði. Hann hefur yfirgripsmiklar heimildir til að afla gagna, skýrslna og skýringa eftir því sem hann metur nauðsynlegt. „Sáttasemjari tekur ekki þátt í samskiptum samningsaðila við stjórnvöld en hefur milligöngu um að koma viðræðum á ef þörf er á.“ (Ríkissáttasemjari, e.d.).

Hér á eftir fer kafli um íslenskan vinnumarkað þar sem meðal annars helstu hugtök verða skilgreind.

### 3 Vinnumarkaður

Hugtakið atvinnu má skilgreina með ýmsum hætti. Í lögfræðiorðabók með skýringum er atvinna skilgreind á eftirfarandi hátt: „Starf sem maður fær laun fyrir, lífsviðurværi“ (Páll Sigurðsson, 2008). Í vinnu felst virðisaukandi atferli auk þess sem vinna hefur mikið gildi félagslega. Enn fremur vísar atvinna til stöðu viðkomandi og hlutverks (Edgell, 2006; Liebel, 2004). „Atvinnurekstur má almennt skilgreina sem sjálfstæða starfsemi, sem stunduð er með reglubundnum hætti og í nokkru umfangi í ekki mjög skamman tíma í þeim efnahagslega tilgangi að hagnast að fé“ (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003). Hugtakið vinnuveitandi á sér fjölbreyttar skýringar en sú skýring sem notast verður við í þessari rígerð kemur frá Ásmundi G. Vilhjálmssyni (1981) en hann segir vinnuveitenda vera „hvern þann einstakling eða ópersónulegan aðilja, sem lætur annan mann vinna fyrir sig eitthvert verk, tíðkast gegn greiðslu í peningum, en það er þó ekki hugtaksatriði, heldur getur verið um annars konar greiðslu að ræða t.d. aflahlut.“ Launþegi er „...sá, sem á rétt til orlofs samkvæmt orlofslögum, rétt til forgangs í búí, vegna ógreiddra launa o.s.frv.“ (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003).

Vinnumarkaður er markaður þar sem að framboð vinnuveitenda eftir vinnuafli og eftirspurn vinnuafslins eftir atvinnu mætast. Um margslunginn markað er að ræða þrátt fyrir þær tilraunir sem gerðar hafa verið til að draga úr flækjustiginu með kjarasamningum, lagasetningu og öðrum opinberum aðgerðum. Í kjarasamningum er skýrt kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila og þau úrræði sem í boði eru til að leysa úr deilumálum. Fjölmargir þættir hafa áhrif á vinnumarkaðinn. Lýtur hann lögmálum framboðs og eftirspurnar sem aftur ræðst af stöðu efnahagsmála. Hefðir, lagaákvæði og kjarasamningar eru jafnframt þættir sem stýra ástandinu á markaðnum. Kjarasamningar eru afar mikilvægir hér á landi en í þeim er meðal annars kveðið á um lágmarkskjör (Garðar Gíslason, 2001). Þrátt fyrir að vísað sé til vinnumarkaðarins í eintölu er í raun um marga undirmarkaði að ræða sem hver og einn samanstendur af fjölda ólíkra starfa. Á hvaða vinnumarkaði hver og einn starfar ræðst svo af einstaklingsbundnum færniþáttum svo sem þekkingu, menntun og reynslu (Blyton og Turnbull, 2004). Samsetning vinnumarkaðarins gefur ýmsar upplýsingar, til dæmis um

fjölda starfa, gerð þeirra og skiptingu starfstétta (Salamon, 2000). Þar sem einstaklingar eru ekki fullkomlega öruggir með vinnu sína ríkir alltaf ákveðinn óstöðugleiki á vinnumarkaðnum (Blyton og Turnbull, 2004). Samskipti aðila fara eftir þeim reglum, venjum og siðum sem hafa móttast um hvernig þeim skuli háttað (Blyton og Turnbull, 2004; Salamon, 2000).

Vinnumarkaðurinn er í stöðugri þróun og á meðan sumar atvinnugreinar dragast saman eða hverfa jafnvel vaxa aðrar hratt. Vinnumarkaður skiptist í opinberan vinnumarkað og almennan vinnumarkað, þar sem kjarasamningar og launakjör eru ólík. Á almenna vinnumarkaðnum starfa fyrirtæki í eigu einkaaðila og hlutafélaga. Þau fyrirtæki sem ríki og sveitarfélög eiga starfa hins vegar á opinbera vinnumarkaðnum ásamt þeim félögum sem veita opinbera þjónustu (Garðar Gíslason, 2001).

Eitt af því sem þótt hefur einkenna íslenskan vinnumarkað er mikill sveigjanleiki. Sem dæmi um það má nefna mat OECD sem framkvæmt var árið 2008, en samkvæmt því er Ísland í 11. sæti af 40 aðildarríkjum sambandsins, þegar kemur að hversu strangar reglur gilda um vinnumarkaðinn (Katrín Ólafsdóttir, 2008). Afskipti ríkisvaldsins af íslenskum vinnumarkaði eru því fremur lítil en slíkt getur verið afar mismunandi á milli ólíkra landa. Þar af leiðandi eru vinnumarkaðir afar mismunandi innbyrðis (Garðar Gíslason, 2001).

Samskipti aðila á vinnumarkaðnum hér á landi bera einkenni margræðishyggju (e. pluralism). Í því felst að vinnulöggjöfin tryggir launþegum rétt til að vera í stéttarfélögum. Rétturinn til að semja um eigin kaup og kjör liggur hjá einstökum félagsmönnum. Vinnulöggjöfin tryggir auk þess rétt launamanna til að standa að kjarasamningagerð og réttinn til að þrýsta á um kjarabætur með vinnustöðvunum (Friðrik Friðriksson og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2010). Mikill fjöldi verkalýðsfélaga og hve hátt hlutfall starfandi er í verkalýðsfélögum þykir einkennandi fyrir íslenskan vinnumarkað (Ingólfur Ingvarsson, 2004).

Einn þeirra þátta sem aðgreinir hinn almenna vinnumarkað frá hinum opinbera eru mismundi réttarstaða starfsmanna gagnvart uppsögn. Meginregla vinnuréttar á hinum almenna vinnumarkaði er sú að atvinnurekendur hafa frelsi til þess að ráða og reka starfsmenn eftir eigin geðþótta. Þessum rétti eru þó nokkur takmörk sett með lögnum um Stéttarfélög og vinnudeilur. Til dæmis njóta trúnaðarmenn sérstakrar verndar í starfi og bannað er að segja trúnaðarmanni upp starfi sínu eða láta hann með neinum hætti

gjalda vinnu sinnar fyrir stéttarfélagið. Áriðandi er að gera greinarmun á uppsögn trúnaðarmanns vegna trúnaðarmannshlutverksins og verkþanns. Slík uppsögn heyrir ekki undir verkþann „... heldur brot gegn 11. gr. ...“ laganna um Stéttarfélög og vinnudeilur (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Hér á eftir verður fjallað um opinbera starfsmenn og meðal annars þau lög er varða réttindi þeirra og skyldur.

### **3.1 Opinberir starfsmenn**

Lögin um stéttarfélög og vinnudeilur eru heildstæð lög sem eiga við starfsmenn á almennum vinnumarkaði en gilda ekki um opinbera starfsmenn. Ekki eru til heildstæð lög sem fjalla beint um opinberan vinnumarkað. Hins vegar eru til nokkur lög er varða réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Fyrstu lögin er vörðuðu réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins voru sett árið 1954 (Ríkisendurskoðun, 2011). Nú eru í gildi lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986, lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 og lög um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 10/1997 (Lára V. Júlíusdóttir, 2005). Nánar verður gerð grein fyrir þessum lögum hér á eftir.

Lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 eiga við um hvern þann sem skipaður er, settur eða ráðinn er í störf hjá ríkinu til lengri tíma en eins mánaðar, óviðkomandi því hvort viðkomandi sé í stéttarfélagi (Lára V. Júlíusdóttir, 1995). Lögin eru gjarnan nefnd starfsmannalög og eiga við alla sem starfa hjá ríkinu að undanskyldum forseta landsins, ráðherrum, alþingismönnum og starfsmönnum opinberra hlutafélaga í eigu ríkisins. Samkvæmt lögum njóta starfsmenn ríkisins meiri starfsverndar en almennir starfsmenn þar sem tryggja þarf að ríkisstarfsmenn geti rækt skyldur sínar í starfi án óæskilegra áhrifa frá valdhöfum á hverjum tíma (Ríkisendurskoðun, 2011)

Lögin nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna gilda um alla starfsmenn sem eru félagar í stéttarfélögum að því gefnu að stéttarfélögin hafi rétt til að gera kjarasamninga á grundvelli laganna og séu ráðnir til starfa hjá ríkinu, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða stofnunum þeirra. Æðstu embættismenn, starfsmenn ríkisbanka og lánastofnana heyra ekki undir þessi lög. Gilda lögin bara um þau stéttarfélög sem starfsmenn ríkis og sveitarfélaga tilheyra og um samtök slíkra félaga. Þeir sem falla undir lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna tilheyra því ekki sama hópi og þeir starfsmenn sem heyra undir lögin um réttindi og skyldur

starfsmanna ríkisins (Lára V. Júlíusdóttir, 1995). Ríkið, sveitarfélög og önnur fyrirtæki sem eru í eigu hins opinbera tilheyra ekki samtökum vinnuveitenda. Semja þessir aðilar sjálfstætt um kaup og kjör sinna starfsmanna (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Laun ríkisstarfsmanna voru upphaflega ákveðin með lagasetningum sem miðuðust í byrjun 20. aldarinnar við dönsk lög. Árið 1919 voru svo í fyrsta sinn samþykkt á Alþingi sjálfstæð lög um launagreiðslur til embættismanna (Sverrir Jónsson, 2012). Á sjötta áratug síðustu aldar hóf Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) að berjast fyrir því að opinberir starfsmenn öðluðust samningsrétt líkt og aðrir launþegar. Varð sú barátta til þess að Gunnar Thoroddsen fjármálaráðherra skipaði þann 12. nóvember árið 1959 nefnd til að kanna hvernig hægt væri að mæta kröfum BRSB með frumvarpi til laga. Skilaði nefndin álit sínu í þrennu lagi árið 1961 sökum ósamkomulags um niðurstöðu. Úr varð að Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómari, Gunnlaugur Briem ráðuneytisstjóri og Torfi Hjartarson ríkissáttasemjari voru fengnir af fjármálaráðherra til að semja frumvarp til laga um rétt opinberra starfsmanna til samninga. Skyldi frumvarpið taka mið af tillögum þeim er fram komu í nefndarálitunum árið 1961. „... Þó skyldi byggt á því meginsjónarmiði að þegar samkomulag næðist ekki hefði Kjaradómur úrslitavald um kjaraákvörðun og ekki skyldi veita starfsstéttunum verkfallsrétt.“

Frumvarp var svo lagt fyrir á Alþingi 11. apríl árið 1962 og sköpuðust miklar umræður um það. Björn Jónsson, þingmaður Alþýðusambandsins var einn þeirra sem tjáði sig um frumvarpið en hann taldi að opinberir starfsmenn ættu að búa við sama verkfallsrétt og aðrir launþegar í stað ákvæða í frumvarpinu um gerðardóm. Var Björn ekki einn um þá skoðun en ýmsir þingmenn Framsóknarflokksins auk kommúnista voru hinum sammála. Varð frumvarpið að lögum hinn 17. apríl sama ár (Friðrik G. Olgeirsson, 2008). Þar sem að opinberir starfsmenn höfðu ekki verkfallsrétt til að þrýsta á um hagsmunamál sín nýttu þér önnur úrræði svo sem hópuppsagnir. Sú aðferðafræði mætti þó gagnrýni, til að mynda frá Ara Skúlasyni, þáverandi framkvæmdastjóra Alþýðusambands Íslands. Að hans mati var um að ræða brot á friðarskyldunni auk þess sem farið væri frjálsglega með ráðningarverndina (Ari Skúlason, 1999).

Það var ekki fyrr en árið 1976 að opinberir starfsmenn öðluðust rétt til þess að beita verkfallsvopninu (Sverrir Jónasson, 2012). Hafði ríkisstjórnin fallist á að veita opinberum starfsmönnum verkfallsrétt þar sem um aðalkjarasamning var að ræða. Rétturinn var því

takmarkaðri en verkfallsréttur starfsmanna á almenna vinnumarkaðnum og miðaðist við að geta ýtt á eftir kröfum í tengslum við aðalkjarasamning (Gísli Gíslason, 1986).

Eins og fyrr sagði er einn þeirra þátta sem helst aðgreinir hinn opinbera vinnumarkað frá hinum almenna að reglur stjórnisýsluréttarins og lög um opinbera starfsmenn gilda á opinbera vinnumarkaðnum. Af því leiðir að forstöðumenn opinberra stofnana þurfa að fylgja nokkuð stífum reglum við uppsagnir ríkisstarfsmanna og hafa ekki rétt til að beita verkbanni. Færa má rök fyrir að opinberi vinnumarkaðurinn á Íslandi sé sérhæfður vinnumarkaður sé miðað við skilgreiningu Beardwell og Holden (2001). Opinberi vinnumarkaðurinn er stór en stærð hans kemur til vegna þess að ríki og sveitarfélög sjá um rekstur heilbrigðis- og menntamála (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2006).

Þrátt fyrir að starfsmenn á opinberum vinnumarkaði hafi nú öðlast verkfallsrétt eru ýmsir þættir ólíkir með verkfallsrétti starfsmanna á almennum vinnumarkaði og verkfallsrétti starfsmanna á opinbera markaðnum. Þegar að opinberir starfsmenn beita verkfallsvopninu bitnar það fyrst og fremst á þriðja aðila eða almenningi. Þegar að starfsmenn á almenna vinnumarkaðnum eru í verkfalli bitnar það hins vegar fyrst og fremst á atvinnurekandanum. Ríkið hefur heldur ekki rétt til að beita verkbanni líkt og atvinnurekendur á almenna vinnumarkaðnum. Af þessu leiðir að hvati ríkisins til að semja í kjaradeilum er ekki sambærilegur við hvata atvinnurekenda (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2006). Segja má að verkföll séu neyðarúrræði launþega en þar sem að engin ný verðmæti líta dagsins ljós í verkfalli er ljóst að geta atvinnurekenda til að standa undir auknum kostnaði bíður hnekki. Þar sem að atvinnurekandinn verður af verðmætum í verkfalli hafa þau áhrif til að ýta á kjarabætur. Í tilfalli hins opinbera bitnar efnahagslegt tjón verkfallsins hins vegar á samningsaðilunum sjálfum og er það því ekki best til þess fallið að ýta á um samninga hjá hinu opinbera (Friðrik Friðriksson og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2010).

Hér á eftir verður fjallað um upphaf íslenskrar verkalýðshreyfingar og myndun heildarsamtaka á markaði.

### 3.2 Upphaf verkalýðshreyfingar og myndun heildarsamtaka á vinnumarkaði

Upphaf íslenskrar verkalýðshreyfingar á rætur sínar að rekja til þeirra samfélagsbreytinga sem fylgdu í kjölfar iðnbyltingarinnar eins og fjallað verður nánar um hér á eftir.

Í Englandi hefst iðnbylting um 1750 og á mikil þróun sér stað á næstu áratugum. Á 19. öld eru farnar að myndast stórar iðnvæddar borgir, landbúnaður er ekki lengur alsráðandi atvinnugrein og til er orðin eiginleg verkalýðsstétt bæði á Englandi og víðar í Vestur-Evrópu. Þessi þróun berst svo til Norðurlandanna um miðja 19. öldina og í kjölfarið hingað til lands. Þrátt fyrir að Ísland væri ekki sjálfstætt ríki á 19. öld var mönnum frjálst að bindast samtökum (Ólafur R. Einarsson, 1970). Gátu menn því stofnað til félagasamtaka um sameiginleg baráttumál sín en rétturinn til þess var varinn með stjórnarskránni frá árinu 1874 (Guðmundur Magnússon, 2004). Er þetta áhugavert í ljósi þess að víðast hvar erlendis þurfti að berjast fyrir félagafrelsinu (Lára V. Júlíusdóttir, 1995).

Miklar breytingar urðu á vinnumarkaðnum á nokkrum áratugum en árið 1850 eiga 82% Íslendinga framfærslu sína undir landbúnaði. Á þessum tíma er því ekki um neina frjálsa verkalýðsstétt að ræða. Smám saman eykst hlutur annarra atvinnugreina en landbúnaðar, svo sem iðnaðar og fiskveiða. Árið 1910 er svo komið að rétt rúmlega 50% landsmanna starfa enn við landbúnað (Ólafur R. Einarsson, 1970). Launakjör og aðstæður verkafólks voru afar bágbornar á þessum tíma. Meðal annars var algengt að fólk fengi einungis greitt fyrir vinnu sína í formi vöruúttekta. Vinnudagar voru langir, barnavinna viðgekkst víða og lítið var skeytt um velferð verkafólks almennt. Var því ærinn hvati til staðar fyrir verkafólk að grípa til aðgerða til að reyna að bæta kjör sín (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013).

Um 1900 stofnuðu ýmsar stéttir, svo sem iðnaðarmenn og sjómenn til félagasamtaka sem segja má að séu undanfarar stéttarfélag (Ólafur R. Einarsson, 1970). Sem dæmi um slíka félagamyndun má nefna Kaupfélag Þingeyinga sem stofnað var árið 1882 og góðtemplarafélagið sem stofnað var 1884. Sameiginlegur tilgangur slíkra félaga var að vinna markvisst að því að bæta kjör almennings (Lára V. Júlíusdóttir, 2012).



Fyrsta íslenska stéttarfélagið var Prentarafélagið sem stofnað var árið 1887 og var það einungis starfrækt í þrjú ár (Arnmundur Backman og Gunnar Eydal, 1986). Er áhugavert að prentarar skyldu verða fyrstir til að stofna stéttarfélag þar sem þeir voru á þessum tíma fámenn stétt. Líklegt er að áhuga þeirra á því megi rekja til ýmissa þátta, svo sem þess að þeir sóttu sér menntun til Kaupmannahafnar þar sem uppgangur verkalýðshreyfingarinnar var mikill á þessum árum. Auk þess voru prentarar betur lesnir en margir aðrir Íslendingar vegna vinnu sinnar og því mögulega móttækilegri fyrir nýjungum (Ingólfur Ingvarsson, 2004).

Árið 1896 var fyrsta félag verkamanna stofnað hér á landi og var það á Seyðisfirði. Voru helstu baráttumál þess stytting vinnuvikunnar og bætt launakjör (Lára V. Júlíusdóttir, 2012). Verkamannafélagið Dagsbrún sem stofnað var árið 1906, var fyrsta stéttarfélag almenns verkafólks hér á landi. Á tímum fyrri heimstyrjaldarinnar voru ýmis stéttafélög stofnuð en þau náðu einungis til einstakra starfsstétta og einbeittu sér að afmörkuðum hagsmunamálum sinna félaga. Samstarf á milli hinna ýmsu ólíku félaga var afar takmörkað og náðu þau því ekki að virkja samtakamátt sinn (Þorleifur Friðriksson, 2007). Árið 1914 var Verkakvennafélagið Framsókn stofnað (Lára V. Júlíusdóttir, 2012). Prentarar stofnuðu nýtt stéttarfélag, Hið íslenska prentarafélag. Náði það sögulegum árangri í baráttu sinni þegar félagið varð fyrst íslenskra stéttarféлага til að fá vinnuveitanda til að viðurkenna samningsumboð sitt með kjarasamningi sem gerður var við félagið árið 1906 (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013).

Sjö verkalýðsfélög stóðu að baki stofnunar Alþýðusambands Íslands árið 1916 og var það stofnað samtímis Alþýðuflokknum. Var um að ræða samband einstakra stéttar- og jafnaðarmannafélaga (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013). Var tilgangur félagsins að gæta hagsmuna launamanna og stéttarféлага og var því ætlað að verða brautryðjandi í stéttabaráttu almennings hér á landi (Lára V. Júlíusdóttir, 2012). Markmið félagsins var einnig að stofna til samstarfs á milli íslenskra alþýðumanna sem byggðist á jafnaðarstefnu í þeim tilgangi að bæta hag hins almenna borgara (Lára V. Júlíusdóttir, 1994). Í upphaflegum lögum og stefnuskrá Alþýðusambandsins er lögð áhersla á að efla talsmenn sambandsins til ábyrgðarstarfa innan bæjar- og sveitarfélaga á landsvísu (Þorleifur Friðriksson, 2007). Við stofnun Alþýðusambands Íslands voru félagsmenn einungis 650 en þeim fjölgaði ört og voru orðnir um 5500 árið 1930. Samfara auknum

fjölda félaga jókst samtakamáttur stéttarfélaganna og kjarabaráttan harðnaði (Guðmundur Magnússon, 2004).

Var Alþýðusambandið samband einstakra stéttarféлага og þing Alþýðusambandsins skipaði í upphafi sjö manna sambandsstjórn og var á þeim árum um nokkra miðstýringu að ræða. Aðildarfélögin þurftu að fara eftir fyrirmælum sambandsstjórnarinnar eða eiga ella brottrekstur úr sambandinu yfir höfði sér (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013).

Barátta verkalýðsfélaganna var verulega lituð af pólitík og það var ekki fyrr en árið 1940 að skilið var á milli Alþýðusambands Íslands og Alþýðuflokksins sem áður hafði lotið sameiginlegri stjórn. Eftir aðskilnaðinn var Alþýðusamband Íslands óháð öllum stjórnsmálaöflum og sinnti einungis hlutverki sínu sem fagleg félagssamtök íslenskra stéttarféлага (Lára V. Júlíusdóttir, 1995).

Á árunum 1920 til 1930 snerist barátta félaganna meðal annars um að fá samningsumboð sitt viðurkennt en það var ekki fyrr en eftir 1930 sem atvinnurekendur viðurkenndu að mestu samningsrétt stéttarfélaganna. Var það forsenda þess að verkalýðsfélögin ættu sæti við samningaborðið þegar samið var um kaup og kjör og þar með að önnur baráttumál næðu fram að ganga. Enn fremur var barist fyrir því að laun verkamanna væru í samræmi við taxa verkalýðsfélaganna og að félagar ættu forgang um vinnu en auk þess var unnið að því markmiði að allir verkamenn væru meðlimir í stéttarfélagi. Við samþykkt vinnulöggjafarinnar á Alþingi árið 1938 urðu stéttarfélögin loks almennt viðurkennd sem samningsaðili í kjarasamningum. (Ingólfur Ingvarsson, 2004).

Árið 1934 var Vinnuveitendafélag Íslands stofnað sem svar atvinnurekenda við Alþýðusambandi Íslands. Seinna varð Vinnuveitendafélagið að Vinnuveitendasambandi Íslands og að lokum að Samtökum atvinnulífsins, sem enn eru starfandi (Lára V. Júlíusdóttir, 2012). Í kjölfar stofnunar Alþýðusambands Íslands og heildarsamtaka vinnuveitenda varð þörfin fyrir að binda samskiptareglur þessara aðila og leikreglur við sáttatilaunir í lög orðin áriðandi. Mikil þörf var því á vinnulöggjöf sem tæki meðal annars á fyrrnefndum málefnum (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2006).

Hér á eftir verður fjallað um tilkomu stéttarféлага og það mikilvæga félagslega hlutverk sem þau gegna.

### 3.2.1 Stéttarfélög

Stéttarfélög sinna margvíslegum málaflokkum sem eiga það allir sameiginlegt að snúa með einum eða öðrum hætti að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna svo sem sjúkratryggingum og vinnuvernd (Lára V. Júlíusdóttir, 2012). Hugtakið stéttarfélag verður skilgreint hér á eftir auk þess sem fjallað verður um þann hugmyndafræðilega grunn sem starfsemi félaganna byggir á.

Í íslenskum lögum er hvergi að finna ákvæði um stéttarfélög eða verkalýðsfélög fyrr en vinnulöggjöfin er lögfest árið 1938. Í lögunum nr. 80/1938 er hugtakið stéttarfélag ekki formlega skilgreint. Í athugasemdum sem fylgdu upphaflega frumvarpinu kemur þó fram ákveðin skýring: „... félög sem stofnuð eru í þeim tilgangi að gæta hagsmuna þeirra manna sem hafa lífsviðurværi sitt af því að selja vinnu sína gegn ákveðnu kaupgjaldi ...“ (Lára V. Júlíusdóttir, 2012). Samkvæmt skilgreiningu Gunnars Sæmundssonar (1969) má skilgreina stéttarfélag sem: „... félagsskap manna sem hafa eða höfðu við inngöngu í félagið, lífsviðurværi sitt af störfum í þágu annarra og taka laun fyrir vinnu sína en einnig manna sem hafa samkvæmt kunnáttu sinni heimild til að vinna eftir þeirri starfsgrein sem félagið starfar í enda fáist þeir ekki við atvinnurekstur í greininni, stofnaðan í þeim tilgangi að gæta hagsmuna þeirra fyrst og fremst gagnvart vinnuveitendum.“

Af dómum sem fallið hafa má sjá að gert er ráð fyrir að stéttarfélög starfi sem ákveðið mótvægisafli við samtök vinnuveitenda, auk þess sem meðlimir þeirra láta af hendi ákveðið vinnuframlag í skiptum fyrir launagreiðslur (Lára V. Júlíusdóttir, 2012).

Hugmyndafræðileg umfjöllun um stéttarfélög byggir á tveimur skilgreindum meginstefnum. Annars vegar er um að ræða einingjahyggju (e. unitarism ), og hins vegar fjölhyggju (e. pluralism). Samkvæmt einingarhyggju fara hagsmunir starfsmanna, stjórnenda og eigenda skipulagsheilda saman og eru í reynd sameiginlegir. Vinna þessir aðilar því í sameiningu að lausn sinna hagsmunamála. Ekki er þörf á stéttarfélögum þar sem allir hagsmunaaðilar hafa sömu hagsmuna að gæta og vinna sameiginlega að lausn ágreiningsefna í sátt og samlyndi. Fjölhyggja gerir hins vegar ráð fyrir að ólíkir aðilar hafi ólíkra hagsmuna að gæta auk þess sem eðlilegt er að skoðanir þeirra og viðhorf fari ekki endilega saman. Eru allir hagsmunaaðilar þátttakendur í skoðanaskiptum og koma sameiginlega að ákvarðanatöku þar sem leitast er við að komast að niðurstöðu sem allir geta unað við. Með fjölhyggjunni er því lögð áhersla á heilbrigði ólíkra skoðana og

skoðanaskipta auk þess sem áhersla er lögð á lausn ágreinings með samningum (Fox, 1966). Samkvæmt fjölhyggju hugmyndafræðinni er óumflýjanlegt að ágreiningur og átök komi upp á vinnumarkaði. Slík átök eru lögmæt og byggja stéttarfélög starfsemi sína á þessari plúralísku hugmyndafræði. Því ber að líta á stéttarfélög sem heppilega stofnun til að stýra slíkum ágreiningi (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2007).

Mikill fjöldi stéttarfélaganna og há stéttarfélagsaðild eru einkennandi þættir fyrir íslenskan vinnumarkað (Tinna Ástrún Grétarsdóttir og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2010). Talið er að orsök hárrar stéttarfélagsaðildar liggja einkum í þremur þáttum. Forgangsréttarákvæði kjarasamninga eru einn þeirra þátta, „... óhjákvæmileg afleiðing þess, að stéttarfélag hefur í upphafi samið um forgangsrétt meðlima sinna til vinnu hjá hlutaðeigandi vinnuveitendum ...“ (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981). Önnur hugsanleg ástæða kann að liggja í hinu svokallaða „Ghent kerfi“ sem byggðist á því að réttur til atvinnuleysistrygginga og aðild að stéttarfélagi voru samtengd. Að lokum má svo nefna tengingu félagsaðildar við lífeyrissjóðskerfið en vinnuveitendur þurftu lögum samkvæmt að greiða mótframlag í lífeyrissjóði vegna starfsmanna sinna (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2012).

Hér á eftir verður fjallað um atvinnuleysistryggingar og styrktarsjóði þá er stéttarfélögin starfrækja.

### **3.2.1.1 Atvinnuleysi og stéttarfélög**

Árið 1955 átti sér stað erfitt sex vikna verkfall sem varð meðal annars til þess að samið var um stofnun atvinnuleysistryggingasjóðs, en hlutverk hans skyldi vera að greiða atvinnulausum bætur. Var samið um að ríkissjóður myndi greiða 2% af almennum daglaunakaupi Dagsbrúnarmanna miðað við 48 klukkustunda vinnuviku í sjóðinn. Atvinnurekendur og bæjar- og sveitarfélög skyldu svo greiða 1% (6 vikna verkfalli lokið ..., 1955, 29. apríl). Í lok febrúar árið eftir er svo lagt fyrir Alþingi frumvarp um atvinnuleysistryggingar. Í því er skýrt kveðið á um að þeir sem taki þátt í verkfalli eða verkabanni eigi ekki rétt til bóta úr atvinnuleysistryggingasjóði (Frumvörp lögð fram ..., 1956). Stofnfé atvinnuleysistryggingasjóðsins var allar eignir forvera hans atvinnuleysisstyrktarsjóðs (Hið íslenska prentarafélag sextíu ára, 1957). Í 50. grein laga um atvinnuleysistryggingar sem tóku gildi 1. júlí 2006 segir:

„Launamaður, sbr. a-lið 3. gr., sem leggur niður störf í verkfalli eða vegna verkbanns vinnuveitanda telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum þann tíma sem vinnustöðvunin stendur yfir. Launamaður sem hefur misst starf sitt áður en til verkfalls eða verkbanns kom en tekur það fram í umsókn að hann sé að leita að starfi í þeirri starfsgrein sem verkfallið eða verkbannið tekur til telst ekki tryggður þann tíma sem vinnustöðvunin stendur yfir á fyrstu fjórum vikunum frá því að Vinnumálastofnun tók við umsókn hans. Ákvæði 2. mgr. á þó ekki við þegar verkfall eða verkbann tekur einungis til starfa í viðkomandi starfsgrein á afmörkuðu svæði“.

Jafnframt er áhugavert að í 15. grein sömu laga er kveðið á um að sá tími sem að launamaður tekur þátt í verkbanni eða verkfalli á ávinnslutímabili atvinnuleysisbóta, teljist til starfstíma á því tímabili. Jafnframt er kveðið á um að við mat á starfshlutfalli í verkfalli eða verkbanni skuli taka mið af starfshlutfalli viðkomandi í almanaksmánuðinum áður en verkfall eða verkbann hófst (Lög um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006).

Stéttarfélögin starfrækja styrktarsjóði meðal annars til að styðja félagsmenn sína fjárhagslega ef til verkbanns kemur. Hvernig staðið er að reglum um greiðslur úr styrktarsjóðum er mismunandi og fer það eftir reglugerðum hvers styrktarsjóðs fyrir sig. Sem dæmi má nefna Reglugerð styrktarsjóðs Félags Málmiðnaðarmanna á Akureyri en í fjórðu grein er kveðið á um að allir löglegir félagsmenn eigi rétt á styrkjum úr sjóðnum. Einnig er kveðið á um að lögmætur félagsfundur geti, ef aðstæður krefjast, kosið um styrkveitingar til einstakra stéttarféлага í verkfalli eða verkbanni. Í fimmtu grein er kveðið á um hvernig ákvarða skal um upphæð greiðslna úr sjóðnum og hvenær byrjað verði að greiða út úr honum. Skal stjórn sjóðsins taka ákvörðun um slíkt en sú ákvörðun er þó háð samþykki löglegs félagsfundar (Félag Málmiðnaðarmanna Akureyri, e.d.).

Hér á eftir verður fjallað um réttinn til vinnustöðvana og þau takmörk sem réttinum eru sett með lögum.

## 4 Rétturinn til vinnustöðvana

Rétturinn til vinnustöðvana er stjórnarskrárvarinn með ákveðnum skilyrðum (Friðrik Friðriksson og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2010). Lögin um Stéttarfélög og vinnudeilur frá árinu 1938 tryggja réttinn til vinnustöðvana en þann rétt er einungis hægt að skerða með lagasetningu. Verkföll hafa löngum verið eitt öflugasta vopn launþega í kjarabaráttunni en opinberir starfsmenn hafa ekki getað beitt verkfallsvopninu fyrir sig með sambærilegum hætti og starfsmenn á almenna vinnumarknum þar sem að verulegar hömlur voru á verkfallsréttinum til ársins 1978 þegar lögnum um Stéttarfélög og vinnudeilur var breytt. Þrátt fyrir að eitt helsta markmiðið með vinnumarkaðslöggjöfinni hafi verið að forbinda átök á vinnumarkaði og stuðla að friði hafa vinnustöðvanir verið afar tíðar (Friðrik Friðriksson og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2010).

Verkfallsrétturinn er einn mikilvægasti réttur launþega og verkalýðshreyfingin hefur sem fyrr sagði barist hatrammlega gegn öllum tillögum sem hafa miðað að því að takmarka þann rétt (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2008). Réttur opinberra starfsmanna til verkfallsaðgerða hefur hins vegar alltaf verið háður frekari takmörkunum. Lög nr. 94/1986 fjalla um kjarasamninga opinberra starfsmanna og um skipulag og heimildir opinberra stéttarfélaganna. Með 14. gr. laga nr. 94/1986 fengu opinber stéttarfélög verkfallsrétt. Hins vegar eru lög nr. 33/1915 enn í gildi en samkvæmt þeim getur opinber starfsmaður átt yfir höfði sér sektir eða allt að tveggja ára fangelsisvistun sé hann þátttakandi í verkfallsaðgerðum (Friðrik Friðriksson og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2010). Lögin „... bönnuðu opinberum starfsmönnum að leggja niður vinnu. Voru þau sett vegna heimstýrjaldarinnar sem þá geisaði.“ (Guðmundur Magnússon, 2004). Á þessu misræmi er tekið í lögnum nr. 94/1986 þar sem kveðið er á um að ákvæði laga nr. 33/1915 eigi ekki við um þá sem taka þátt í verkfallsaðgerðum samkvæmt lögum nr. 94/1986. Þannig hafa ákveðnir starfsmenn og starfsstéttir hins opinbera ekki heimild til að fara í verkfall samkvæmt 19. gr. laga nr. 94/1986, en um þá starfsmenn gilda lögin frá 1915. Með lögum nr. 55/1962 fékk Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) samningsrétt við ríkið. Þannig gátu félagsmenn BSRB samið um kjör

sín með nokkrum takmörkunum. Komi sú staða upp að samningar takist ekki á milli BRSB og ríkisins kemur það í hlut kjaradóms að úrskurða um kjör opinberra starfsmanna. Með 18. gr. laga nr. 29/1976 fékk BSRB takmarkaða verkfallsheimild en hún er bundin við gerð aðalkjarasamnings. Í upphafi var rétturinn einungis í höndum BSRB en færðist seinna meir frá heildarsamtökunum yfir til einstakra félaga opinberra starfsmanna (Friðrik Friðriksson og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2010). Opinberir starfsmenn fóru fyrst í verkfall árið 1977 og hafa eftir það nýtt sér verkfallsréttinn reglulega og þá sérstaklega þeir sem starfa í mennta- og umönnunargreinum (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2004). Færa má rök fyrir að átök á vinnumarkaði séu óhjákvæmanleg og ekkert bendir til að svo muni ekki verða um alla framtíð. Hér á landi hefur þó dregið verulega úr tíðni verkfalla eftir samþykkt hinna svokölluðu þjóðarsáttarsamninga árið 1990 (Guðmundur Magnússon, 2004).

Verkbannsrétt er ekki að finna í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Samkvæmt greinargerð sem fylgdi með lögunum nr. 29 frá árinu 1976 var ekki reiknað með að fjármálaráðherra hefði heimild til að beita verkbanni sökum þess að BSRB færi með verkfallsréttinn en ekki einstök félög opinberra starfsmanna. Enn fremur var sú staðreynd að önnur heildarsamtök opinberra starfsmanna hefðu ekki verkfallsrétt færð sem rök fyrir skortinum á verkbannsréttinum. Þar af leiðandi var niðurstaðan sú að réttur til verkanna kæmi ekki til greina (þingskjal nr. 572/1975–1976). „Verkbannsréttur var ekkert nefndur í þingskjölum við undirbúning laga nr. 94/1986 eða í umræðum um málið á Alþingi. Lögunum hefur verið breytt níu sinnum frá árinu 1986 og ekki var rætt um verkbannsheimild við þær breytingar.“ (Friðrik Friðriksson og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2010). Möguleg orsök þess að hið opinbera hefur ekki verkbannsrétt kann að vera vegna þess að sá réttur hafi verið gefinn eftir í skiptum fyrir þau ströngu skilyrði sem sett voru um verkfallsrétt opinberra starfsmanna (Sérfræðinganefnd Evrópuráðsins telur ..., 1996).

Með lögunum nr. 94/1986 fylgdi greinargerð þar sem vísað er til fyrra ákvæðis í lögum nr. 29/1976 varðandi verkbanntilgangur og ekkert nýtt kemur fram um álit löggjafans. Því má gera ráð fyrir að afstaða ríkisins sé sú sama til verkbannsréttarins, þrátt fyrir að þegar hér var komið við sögu hafi einstök stéttarfélög öðlast verkfallsrétt (Friðrik Friðriksson og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2010).

Þegar aðilum á vinnumarkaði tekst ekki að semja um hagsmunamál sín friðsamlega hefur löggjafinn það úrræði að samþykkja lög á verkföll. Hér á eftir verður fjallað um það úrræði og beitingu þess á síðastliðnum árum.

#### 4.1 Lög á vinnustöðvanir

Samkvæmt grein Friðriks Friðrikssonar og Gylfa Dalmanns Aðalsteinssonar (2010) er rétturinn til vinnustöðvana bundinn ákveðnum skilyrðum sem fyrir segir. Á árunum 1985 til 2010 setti Alþingi lög á verkföll tólf sinnum og voru þær lagasetningar byggðar á ýmsum sjónarmiðum: „Löggjafinn hefur talið sér heimilt að takmarka verkfallsrétt stéttarfélaganna ef fyrirséð er að verkfallsaðgerðir muni hafa neikvæð áhrif á almannahagsmunum, heildarhagsmunum atvinnugreina eða sett verkefni hins opinbera í uppnám. Fyrir utan að banna vinnustöðvarnir er einkenni þessara laga að þau byggjast að meginstefnu til á efnahagslegum rökum, en ekki félagslegum.“ (Friðrik Friðriksson og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2010). Af þessu má sjá að ýmsar ástæður geta verið fyrir því að lagasetningu er beitt til að binda enda á vinnustöðvun. Flokka má umræddar ástæður í þrennt: í fyrsta lagi „Efnahagslegt vægi þjóðarbúsins og stöðugleiki á vinnumarkaði er í húfi“, í öðru lagi „Heildarhagsmunir atvinnugreina eru í húfi“ og í þriðja lagi „Lögmælt verkefni og framkvæmd þeirra hjá hinu opinbera eru í húfi.“ (Friðrik Friðriksson og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2010).

Þegar lög eru sett á verkföll koma deilurnar til kasta gerðardóms sem fær það hlutverk að ákvarða um kaup og kjör. Gerðardómur getur einnig kosið að framlengja síðast gildandi kjarasamninga í fyrirfram ákveðinn tíma. Er það meðal annars gert í þeirri von að samningsaðilar nái saman í sátt (Friðrik Friðriksson og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2010).

Verkbanni er mun sjaldnar beitt heldur en verkfalli og þar af leiðandi eru lög á verkbönn afar fátíð. Hinn 23. mars árið 1993 var lögfest á Alþingi bann við verkföllum, verkbönum og öðrum aðgerðum Stýrimannafélags Íslands sem ætlað var að ýta á um breytta skipan kjaramála á ms. Herjólfu. Með lögunum var Skipstjóraráfélagi Íslands, Stýrimannafélagi Íslands, Vélstjóraráfélagi Íslands, Brytafélagi Íslands og Sjómannafélaginu Jötni annars vegar og stjórn Herjólfu hf. hins vegar gert að ná samningum fyrir 1. júní það sama ár. Að öðrum kosti myndi Hæstiréttur tilnefna þrjá menn í gerðardóm sem



kæmi til með að úrskurða um kjör skipverja á ms. Herjólfri fyrir 1. ágúst (Þingskjal nr. 787/1992–1993). Nánar er gerð grein fyrir þessari vinnudeilu í kafla 9.6 hér á eftir.

Árið 2012 rataði svo í fréttir umræða af Alþingi um að löggjafinn ætti að grípa til lagasetningarúrræðisins ef úr yrði að útgerðarmenn beittu verkbanni á sjómenn (Ríkisútvarpið, 2012). Ekki kom þó til þess að verkbanni væri beitt en nánari grein er gerð fyrir þessari vinnudeilu hér á eftir í kafla 9.8.

Hér á eftir verður fjallað um Samtök atvinnurekenda og gerð stuttlega grein fyrir sögu samtakanna.

## 5 Samtök atvinnurekenda

Ákveðnar forsendur þurfa að vera til staðar svo að myndun samtaka atvinnurekenda eigi sér stað. Slíkar aðstæður mynduðust ekki á íslenskum vinnumarkaði fyrr en þilskipaútgerð hófst í lok 19. aldar. Má segja að atvinnurekendur hafi ekki kosið að bindast samtökum fyrr en þeir sáu hag sínum best borgið með því sem viðbragð við myndun stéttarféлага. Útvegsmannafélagið var stofnað árið 1894 af þilskipaútgerðarmönnum og var það fyrsta vinnuveitendafélagið á Íslandi. Frá aldamótunum 1900 tóku vélskip og botnvörpur smám saman við af þilskipafлотanum sem fór ört hnignandi. Árið 1915 dró til tíðinda í efnahagslífinu en það ár rýrnuðu kjör launþega mikið sökum vaxandi verðbólgu. Varð þessi staða til þess að verkamenn annars vegar og botnvörpuskipaútgerðarmenn hins vegar bundust samtökum til að geta sem best tryggt hagsmuni sína. Árið 1930 hafði heimskreppan teygt anga sína hingað til lands með miklu atvinnuleysi og minni gjaldeyristekjum. Atvinnurekendur reyndu að bregðast við þessum erfiðleikum með því að rýra launakjör og ljóst var að þörf var á heildarsamtökum atvinnurekenda hér á landi (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981). Allar tillögur um launalækkanir vegna verðhjöðunarinnar féllu í grýttan jarðveg hjá verkalyðshreyfingunni sem sífellt fleiri launamenn tilheyrðu (Guðmundur Magnússon, 2004).

Fyrir stofnun Vinnuveitendafélagsins var ekki um nein alsherjarsamtök vinnuveitenda að ræða hér á landi. Atvinnurekendur í einstökum atvinnugreinum höfðu þó bundist samtökum en Útgerðarmannafélagið við Faxaflóa sem stofnað var árið 1894 var fyrst slíkra féлага. Árið 1916 var Félag íslenskra botnvörpuskipaeigenda stofnað af útvegsmönnum og var það aðalfélag íslenskra atvinnurekenda þar til að félag íslenskra vinnuveitenda var stofnað árið 1934. Eggert Claessen hæstaréttarmálaflutningsmaður var upphafsmaður að stofnun Félags íslenskra vinnuveitenda. Leitaði hann til allra helstu atvinnurekenda á höfuðborgarsvæðinu um þátttöku í hinu nýja félagi en alls mættu 42 atvinnurekendur á stofnfundinn 23. júlí árið 1934. Samþykktu allir fundarmenn að stofnað yrði almennt vinnuveitendafélag auk þess sem að Eggert lagði fram frumvarp til félagslaga sem einnig var samþykkt. Tilgangur félagsins var ekki að gegna neinu pólitísku

hlutverki. Ætlunin var að tryggja frið á vinnumarkaði og að vera málsvari vinnuveitenda gagnvart almenningi og hinu opinbera (Guðmundur Magnússon, 2004). Myndun samtaka atvinnurekenda hafði ýmsar breytingar í för með sér. Nú gátu stéttarfélög samið við heildarsamtök í stað þess að þurfa að semja við einstaka vinnuveitendur. Samtakamáttur vinnuveitenda varð meiri og þeir áttu auðveldara með að ná fram kröfum sínum um lægri launakostnað (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981). Upphaflega var ekki gert ráð fyrir að Vinnuveitendasambandið myndi standa í gerð kjarasamninga við einstök félög. Með tímanum varð kjarasamningagerð þó eitt aðal verkefni samtakanna. (Guðmundur Magnússon, 2004).

Árið 1974 var nafni félagsins breytt í Vinnuveitendasamband Íslands en nýja nafninu var ætlað að endurspeglar að um landssamtök væri að ræða auk þess sem það féll betur að breyttum málvenjum (Guðmundur Magnússon, 2004). Í kjölfar mikilla breytinga á vinnumarkaði og sameininga stéttarfélaganna var ákveðið að sameina Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnuálagssamband samvinnufélaganna í eitt félag sem fékk nafnið Samtök atvinnulífsins. Var þetta mikil breyting sem markaði bæði endalok skiptingar atvinnurekenda og þess að einstök fyrirtæki ættu beina aðild að samtökunum. Helstu markmið hins nýja félags voru að vinna gegn verðbólgu og stuðla að blómlegum hagvexti (Samtök atvinnulífsins, 1999).

Í dag eiga sex samtök aðild að Samtökum atvinnulífsins en það eru: Samorka – Samtök orku- og veitufyrirtækja, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins, og Samtök verslunar og þjónustu. Aðildarsamtök samtakanna starfa á grunni mismunandi atvinnugreina. Gegna þau fjölbreyttu hlutverki en þeim er meðal annars ætlað að vera leiðandi í málefnum fyrirtækja á sínu sviði auk leiðbeiningarhlutverks gagnvart hinu opinbera. „Þau leiðbeina m.a. fyrirtækjum í samskiptum þeirra við stjórnvöld og um allt það sem snertir sívaxandi fjölda opinberra reglugerðarákvæða og fyrirmæla.“ Rúmlega 2.000 ólík fyrirtæki, þar sem um 70% launafólks á almennum vinnumarkaði starfa, eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins. Árlegur aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna og er formaður kosinn í árlegri rafrænni kosningu af öllum félagssmönnum. Kemur það í hlut stjórnar að marka stefnu og megináherslur samtakanna. Framkvæmdastjórn stýrir starfsemi samtakanna eftir þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið af stjórn og árlegum

aðalfundi. Á milli aðalfunda fer fulltrúaráð SA með æðsta vald í málefnum samtakanna en það er skipað 100 fulltrúum sem tilnefndir eru af aðildarfélögum sambandsins. Ábyrgð á daglegum rekstri Samtaka atvinnulífsins liggur svo hjá framkvæmdastjóra sem ráðinn er af stjórn samtakanna, en Þorsteinn Víglundsson gegnir nú þeirri stöðu (Samtök atvinnulífsins, e.d.-a).

Hér á eftir verður gerð grein fyrir samþykktum Samtaka atvinnulífsins er varða vinnustöðvanir.

### **5.1 Samþykktir Samtaka atvinnulífsins um vinnustöðvanir**

Greinar 44 til 48 í samþykktum Samtaka Atvinnulífsins fjalla um vinnustöðvanir. Í 44. grein er kveðið á um að komi til vinnustöðvunar hjá aðildarfélagi skuli það félag tilkynna skrifstofu samtakanna um vinnustöðvunina. „Ber þá starfsmönnum SA, framkvæmdastjórn og stjórn að gera allt sem unnt er til þess að vernda hagsmuni þess meðlims er vinnustöðvunin bitnar á.“ Samtök atvinnulífsins taka ákvörðun um hvort beita skuli verkbanni eins og kveðið er á um í 15. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur og eru samtökin félag atvinnurekenda samkvæmt skilningi laganna. Tekur stjórn samtakanna ákvörðun um hvort boðað verður til atkvæðagreiðslu um verkban meðal félagsmanna. „Í tillögu stjórnar skal koma fram hversu víðtækt verkbannið skuli vera og hvenær því er ætlað að koma til framkvæmda. Stjórnin hefur heimild til að einskorða atkvæðagreiðslu við þau fyrirtæki sem verkban er ætlað að taka til. Við atkvæðagreiðslu um verkban ræður fjöldi atkvæða ...“ (Samtök atvinnulífsins, 2012).

Stjórn Samtaka atvinnulífsins getur veitt aðildarfélögum samtakanna og atvinnurekendum innan þeirra heimild til að beita verkbanni. „Atkvæðaréttur fer skv. gildandi atkvæðaskrá samtakanna en stjórnin getur heimilað að atkvæðagreiðsla fari fram skv. félagslögum viðkomandi aðildarfélags, eða án atkvæðagreiðslu, ef einstök aðildarfyrirtæki eiga í hlut. Framkvæmdastjórn ákveður hvort viðhafa skuli póstatkvæðagreiðslu eða greiða atkvæði á kjörfundi og setur nánari reglur um framkvæmd atkvæðagreiðslu. Framkvæmdastjórn, eða þeim sem hún tilnefnir, er heimilt að aflýsa eða fresta boðuðu eða yfirstandandi verkbanni.“ Í 46. grein er kveðið á um heimild framkvæmdastjórnar til að veita undanþágur frá þátttöku í verkbanni. Slík undanþága er þó aðeins veitt sé um sérstakar aðstæður að ræða. Fáist slík undanþága ekki frá framkvæmdastjórn „... má þá bera málið undir stjórn SA sem getur, ef 2/3

fundarmanna á stjórnarfundum eru því samþykktir, veitt hana umbeðnu undanþágu.“ Sé verkþann hafið er félagsmönnum bannað að ráða starfsmenn í vinnu sem eru í verkþanni eða verkfalli hjá öðrum félagsmönnum samkvæmt 47. grein samþykktarinnar. Getur þetta ákvæði einnig átt við um verkþann eða verkfall erlendis sé það ákvörðun framkvæmdastjórnar sambandsins.

Áhugavert er að í 47. grein samþykktarinnar er ákvæði sem að lýtur að því að veita megi meðlimum sambandsins upplýsingar um starfsmenn annarra fyrirtækja innan sambandsins sem eru þátttakendur í verkfalli eða verkþanni. „Þegar verkfall eða verkþann verður hjá félagi innan SA skal hlutaðeigandi, ef hann telur ástæðu til eða framkvæmdastjóri óskar, senda skrifstofu samtakanna skrá yfir launþega þá sem hlut eiga að máli. Er þá heimilt að kynna það þeim félögum sem ástæða þykir til hverjir þátttakendur séu í verkfallinu.“ (Samtök atvinnulífsins, 2012).

48. grein samþykktarinnar lýtur að samstöðu félaga í samtökunum komi til vinnustöðvanna. „Þegar vinnustöðvun stendur yfir hjá einhverjum félagsmanni má enginn félagi í samtökunum vinna gegn hagsmunum hans, t.d. með því að taka að sér, án samkomulags við hlutaðeiganda sjálfan eða stjórn viðkomandi aðildarfélags, framkvæmd á verki, sölu á vöru eða þjónustu sem hlutaðeigandi atvinnurekandi hefur tekið að sér eða á annan hátt nota sér aðstöðuna til þess að rýra viðskipti hans eða starfssvið.“ (Samtök atvinnulífsins, 2012).

Heimildir framkvæmdastjórnar til að stöðva eða hafa áhrif á viðskipti félaga í Samtökum atvinnulífsins eru afar víðtækar þegar vinnustöðvun stendur fyrir dyrum eða er hafin. „Framkvæmdastjórn getur, þegar vinnustöðvun stendur yfir eða er yfirvofandi, bannað atvinnurekendum í samtökunum að hafa viðskipti við tiltekin fyrirtæki eða á sérstaklega ákveðnum sviðum, svo sem að selja tilgreinda vörutegund, og gert aðrar slíkar ráðstafanir sem hún telur nauðsynlegar vegna deilunnar. Ef einhver utan samtakanna vinnur beinlínis gegn hagsmunum félagsmanna sem eiga í vinnustöðvun er öðrum félagsmönnum óheimilt að eiga viðskipti við hann meðan á vinnustöðvuninni stendur.“ Jafnvel þó að vinnustöðvun sé hvorki í gildi né fyrirhuguð er samtökunum heimilt að hafa víðtæk áhrif á viðskipti atvinnurekenda í samtökunum. „Framkvæmdastjórn SA getur samþykkt að sama skali einnig gilda eftir að vinnustöðvun

er lokið, annað hvort um tiltekinn tíma eða þar til framkvæmdastjórnin afléttir slíku viðskiptabanni.“ (Samtök atvinnulífsins, 2012).

Hér á eftir fer umfjöllun um verkban. Helstu hugtök verða skilgreind auk þess sem fjallað verður um framkvæmd, boðun og verkban svörslu.

## 6 Verkbann

Hér á eftir verður fjallað um verkbann og verða helstu hugtök skilgreind. Lítið hefur verið fjallað um verkbönn hér á landi og því ber að geta þess sérstaklega að við gerð þessarar ritgerðar studdist höfundur töluvert við ML ritgerð Ásmundar G. Vilhjálssonar. Ber ritgerðin titillinn Verkbann og er frá árinu 1981. Eins og titillinn gefur til kynna er umfjöllunarefnið verkbann frá ýmsum sjónarhornum.

Í öðrum kafla laga um Stéttarfélög og vinnudeilur sem tóku gildi þriðja september 1938 er fjallað um verkföll og verkbönn eða vinnustöðvanir. Segja má að framkvæmd verkfalls annars vegar og verkbanns hins vegar sé með mjög svipuðum hætti. Þær skyldur sem aðilar hafa gengist við samkvæmt ráðningarsamningi falla niður á meðan á verkbanni stendur. Á því tímabili er því hvorki um það að ræða að vinna sé unnin af hendi né heldur að greiðslur fyrir vinnuframlagi eigi sér stað. Líkja má verkbanni við vopn sem vinnuveitandinn getur gripið til með það að markmiði að binda skjótan enda á kjaradeilu. Áhugavert er að einungis er fjallað um verkbönn í fimm greinum laganna eða greinum 14 til og með 18 (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981). Hér á eftir verða hugtökin vinnustöðvun og verkbann skilgreind auk þess sem gerð verður grein fyrir helstu markmiðum sem beiting úrræðisins er ætlað að ná fram. Vinnulöggjöfin skilgreinir hugtakið vinnustöðvun með eftirfarandi hætti:

„Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnu rekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar.“ (Lög um Stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938).

Hugtakið verkbann er hins vegar ekki formlega skilgreint í lögnum. Ýmsir fræðimenn hafa þó leitast við að skilgreina hugtakið. Hér á eftir verða nokkrar þessara skilgreininga kynntar. Ásmundur G. Vilhjálmsson (1981) byggir skilgreiningu sína á skilgreiningu hugtaksins úr dönskum vinnurétti:

„Vinnustöðvun sem nánar tiltekið er fólgin í því, að einn eða fleiri vinnuveitendur segja upp hóp starfsmanna eða neita að taka við vinnuframlagi þeirra að einhverju eða öllu leyti, án þess að uppsögnin eða neitunin eigi rót að rekja til rekstrarsjónarmiða“.

Þegar um verkþann er að ræða stöðvast umrædd starfsemi að fullu án þess að tilefni sé til vegna rekstrarlegrar afkomu. Af þessu leiðir að grundvallarforsenda er að vinnustöðvun eigi ekki rætur að rekja til ástæðna er varða reksturinn með beinum hætti svo sem skortur á hráefni eða verkefnum. Sé um uppsagnir að ræða vegna þess að samruni fyrirtækja eigi sér stað eða að stöður séu einfaldlega lagðar niður er ekki um verkþann að ræða (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Deilt hefur verið um túlkun hugtaksins verkþann fyrir dómstólum hér á landi. Félagsdómur úrskurðaði árið 2013 um ágreining sem reis vegna tilmæla Landssambands íslenskra Útvegsmanna (LÍÚ). Hafði LÍÚ beint þeim tilmælum til aðildarféлага sinna og félagsmanna að halda skipum sínum frá veiðum frá og með sjómannadeginum 3. júní árið 2012 „Vegna þeirrar alvarlegu stöðu í íslenskum sjávarútvegi sem talin var blasa við, yrðu nefnd frumvörp um stjórn fiskveiða og veiðigjöld að lögum.“ Var það mat Alþýðusambands Íslands að „um væri að ræða pólitíska aðgerð og ólöglegt verkþann sem hefði alvarlegar afleiðingar fyrir félagsmenn ASÍ í ýmsum atvinnugreinum enda sjávarútvegur ein stærsta atvinnugrein þjóðarinnar“ (Alþýðusamband Íslands, e.d.).

Komst Félagsdómur að þeirri niðurstöðu að boðuð tilmæli LÍÚ um vinnustöðvun væru í reynd ekki verkþann samkvæmt 19. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, eða eins og segir samkvæmt dómnum:

„Þegar litið er til framangreinds þykir ekki unnt að líta svo á að í tilkynningunni felist áskorun stefnda og aðildarféлага hans til félagsmanna sinna um vinnustöðvun í skilningi 19. gr. laga nr. 80/1938. Er hún samkvæmt efni sínu tilmæli til félagsmanna um ákveðna aðgerð, án þess þó að séð verði að það hafi haft nokkrar afleiðingar í för með sér, þótt ekki væri farið að þeim tilmælum. Þá heldur stefndi því fram að aðildarfélög hans hafi staðið að fullu við lög- og samningsbundnar skyldur sínar gagnvart starfsmönnum sínum og hafa engin gögn verið lögð fram sem hrekja þá fullyrðingu. Að öllu framangreindu virtu verður ekki fallist á það með stefnanda að umrædd aðgerð stefnda, að beina því til félagsmanna sinna að halda skipum sínum ekki til veiða eftir sjómannadag 2012 og beina þeim þess í stað til Reykjavíkurbarnar nokkrum dögum síðar, teljist vinnustöðvun í skilningi 19. gr. laga nr. 80/1938, eða aðgerð sem geti flokkast sem „rof á friðarskyldu sem jafna má til eiginlegrar vinnustöðvunar“, svo sem segir í athugasemdum með 5. gr., síðar 4. gr., frumvarps sem varð að lögum nr. 75/1996. Þykir engu



breyta að þessu leyti þótt taka megir undir það með stefnanda að umrædd tilmæli stefnda hafi falið í sér hvatningu til óhefðbundinnar notkunar á framleiðslutækjum, fiskiskipaflotanum, enda bar þessi aðgerð engin megineinkenni vinnustöðvunar samkvæmt framangreindri skilgreiningu, eins og fyrr segir. Í ljósi þessarar niðurstöðu verður að hafna kröfu stefnanda um að viðurkennt verði að stefndi hafi með vinnustöðvun brotið gegn ákvæðum 2. tölul. 17. gr. laga nr. 80/1938.“ (Alþýðusamband Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins, 2013).

Á réttindavef Alþýðusambandsins er fjallað um dómsúrskurði Félagsdóms í málum er varða verkban. Þar segir meðal annars:

„Þessi dómur virðist beita annarri nálgun en gert var í Félagsdómum nr. 14/1992 og 7/1999 þar sem fjallað var um aðkomu stéttarfélags að fundarhöldum á vinnutíma og hópuppsögnum félagsmanna. Í þeim dómum lá áherslan á aðkomu stéttarfélaganna en ekki markmiðum eða afleiðingum aðgerðanna gagnvart atvinnurekendum. Ekki verður dregin önnur ályktun af þessum þremur dómum en sú, að stéttarfélögum sé, eins og samtökum atvinnurekenda, heimilt að beina tilmælum til félagsmanna sinna t.d. um þátttöku í fundum á vinnutíma, þ.m.t. mótmælafundum tengdum starfskjörum sínum eða fundum sem haldnir eru til þess að knýja á um aðgerðir stjórnvalda í velferðarmálum, enda hafi það engar afleiðingar fyrir félagsmanninn gagnvart stéttarfélagi sínu að hlíta ekki þeim tilmælum“ (Alþýðusamband Íslands, e.d.).

Til að geta beitt verkban þarf vinnuveitandinn að hafa svokallað húsbóndavald yfir starfsmanninum í krafti ráðningasamninga. Hugtakið húsbóndaskylda er oft einnig nefnt hlýðniskylda og er velþekkt hugtak í vinnurétti. Ein meginskylda starfsmanna er að verða við vilja vinnuveitandans í störfum sínum og felst í þessu hugtaki réttur vinnuveitandans til að leiðbeina og verkstýra starfsmanninum. Í þessu valdi felst til að mynda rétturinn til að ákvarða hvort yfirvinna skuli unnin, þó með miklum undantekningum. Vinnuveitandinn getur skyldað undirmann til að vinna yfirvinnu þurfi að forða verðmætum úr bráðri hættu. Á hugtakið um húsbóndavald vinnuveitandans við svo lengi sem um er að ræða viðeigandi væntingar eða „ ... venjulegum og eðlilegum fyrirskipunum ... “. Eðlilegt hlýtur að teljast að vinnuveitandinn hafi með höndum slíkt vald þar sem það kemur í hans hlut að bera ábyrgð á starfseminni. Af þessu leiðir að sé ekki um að ræða samningssamband á milli aðila þar sem húsbóndaábyrgð á við með tilheyrandi réttindum og skyldum getur verkban ekki komið til og gilda þá almennar reglur um lok samninga. Eftir að verkban er hafið kemur til frestunar á sambandinu sem ella gildir á milli vinnuveitanda og launþega í samræmi við ákvæði

ráðningarsamnings. Um leið og verkbanni lýkur hefst svo aftur sjálfkrafa sama sambandið og áður var í gildi á milli aðila í samræmi við ráðningasamninginn (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Verkbann er meðal annars mótvægisáðgerð vinnuveitenda gegn verkfallsaðgerðum starfsmanna. Á meðan að launþegar hafa rétt til að fara í verkföll hafa vinnuveitendur rétt til að beita verkbanni. Í því felst að í vinnudeilum geta þeir sett verkbann á hópa sem ekki eru í verkfalli. Tilgangur verkbandsheimildarinnar er meðal annars að lágmarka tjón vinnuveitenda af verkfalli, þar sem að vinnuveitendur þurfa ekki að greiða öðrum hópum laun á meðan á verkfalli stendur eins og þeim bæri ella skylda til (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2006).

Verkbann tekur ekki til einstaks starfsmanns heldur þarf að vera um hóp þeirra að ræða. Hins vegar hefur slíkur hópur verið skilgreindur sem að minnsta kosti tveir starfsmenn. Þó ber að hafa í huga að „uppsögn eða höfnun vinnuframlags eins starfsmanns, getur verið verkbann, ef aðrir starfsmenn yrðu fyrir það atvinnulausir“. Getur slíkt til að mynda átt við þegar starfsmenn eru ekki fastráðnir (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Til að átta sig á hvenær er annars vegar um verkbann að ræða og hins vegar hefðbunda uppsögn er mikilvægt að gera skýran greinamun á milli þessara tveggja ólíku hugtaka. Í uppsögn felst yfirlýsing annars aðila að ráðningasamningi til hins aðila samningssins um ráðningarslit. Til að um uppsögn sé að ræða þarf að vera til staðar gildur ráðningarsamningur með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Ráðningasamningar á íslenskum vinnumarkaði innihalda almennt slíkt ákvæði. Í samræmi við samningalög nr. 7/1936 er uppsagnaryfirlýsingin ákvöð og öðlast réttaráhrif frá þeim tíma er hún kemst til vitundar viðtakandans (Viðar Már Matthíasson, 1993).

Oft getur reynst snúið að gera greinamun á milli þess hvort um hefðbundna uppsögn er að ræða eða hvort að verkbanni sé beitt. Þar sem að atvinnurekandinn ber áhættu að starfseminni og jafnframt ábyrgð á henni er eðlilegt að hans mat á því hvort rekstrarlegar forsendur gefi tilefni til aðgerða til að draga úr launakostnaði séu nauðsynlegar vegi þyngst. Þetta þýðir þó ekki að vinnuveitandinn sé í neinum rétti til að beita verkbanni til að koma í veg fyrir réttindaávinnslu starfsmanna (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Sönnunarbyrðin er á herðum stéttarfélags eða sambands stéttarfélaganna sé uppi rökstuddur grunur um að verkbanni hafi verið beitt ólöglega. Almennt má ætla að erfitt sé að færa sönnur fyrir því að rekstrarsjónarmið séu ekki raunveruleg ástæða vinnustöðunar. Helst má ætla að slíkt sé hægt að gera hafi fyrir gætt „ ... óróleika á vinnustöð vegna ágreinings um framkvæmd og túlkun kjarasamnings á milli aðilja ... “ (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Eins og fyrr sagði er helsta markmið verkbanns að binda skjótan endi á kjaradeilu. Til að svo megi verða þarf að koma í veg fyrir að þeir einstaklingar sem verkbannið gildir um ráði sig í aðra vinnu hjá vinnuveitendum sem ekki eiga hlut að kjaradeilunni. Vinnuveitandi getur leitað eftir samkomulagi við aðra vinnuveitendur um að ráða ekki þá starfsmenn sem verkbannið nær til á meðan á verkbaninu stendur. Standi félag vinnuveitenda á bak við ákvörðun um verkban er nærtækast að félagið samþykki slíkar takmarkanir. Í þessu sambandi er áhugavert að í 18. gr. laganna er kveðið á um að stéttarfélagi eða sambandi stéttarfélaganna sé bannað að reyna að koma í veg fyrir að til löglega boðaðs verkbanns komi (Ásmundur G Vilhjálmsson, 1981).

Hér á eftir verður gerð grein fyrir hvernig ber að standa að framkvæmd og ákvörðun um verkban samkvæmt lögum nr. 80/1938.

## **6.1 Framkvæmd og ákvörðun um verkban**

Frá því að lög nr. 80 frá 1938 tóku gildi og allt fram til ársins 1996 þegar lögin voru endurskoðuð voru í gildi þrjár leiðir til að taka löglega ákvörðun um vinnustöðvun í samræmi við ákvæði 15. gr. laga nr. 80/1938. Þessar þrjár leiðir verða til umfjöllunar hér á eftir svo og þær breytingar sem síðar urðu á lögnum.

Í fyrsta lagi var hægt að taka ákvörðun um framkvæmd verkbanns í almennri, skriflegri og leynilegri atkvæðagreiðslu. Atkvæðagreiðslan þurfti að standa yfir í að minnsta kosti sólarhring að undangenginni fullnægjandi auglýsingu félagsstjórnar. Í auglýsingunni þurfti að koma fram hvar og hvenær atkvæðagreiðslan yrði framkvæmd. Hægt er að auglýsa atkvæðagreiðsluna í fjölmiðlum eða með því að tilkynna hverjum og einum félagsmanni um hana. Teldist verkbannið samþykkt ef meirihluti um slíkt náðist í atkvæðagreiðslunni. Þó ber að geta þess að í lögnum var ekki kveðið skýrt á um hvort nóg væri að samþykkt væri með meirihluta meðlima eða fjölda atkvæða. Þó má draga þá ályktun að átt sé við fjölda atkvæða. Hver ber ábyrgð á talningu atkvæða fer svo eftir

samningum félagsins. Kæmi upp ósætti um niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar kynni að þurfa að leggja fram atkvæðaseðla svo unnt væri að sannreyna niðurstöðuna (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Í öðru lagi gat Samninganefnd eða félagastjórn tekið ákvörðun um verkþann svo lengi sem að hún hafði slíkt umboð að undangenginni almennri atkvæðagreiðslu eins og lýst er hér að ofan. Að lokum gat trúnaðarmannaráð tekið ákvörðun um verkþann að því tilskyldu að slíkt samræmdist lögum viðkomandi félags. Vinnustöðvunina þurfti að samþykkja með að lágmarki 75% greiddra atkvæða á fundi trúnaðarmannaráðs. Lögin tóku ekki til þess hve margir yrðu að skipa trúnaðarmannaráð, hvernig það starfaði, væri uppbyggt eða hvernig það væri stofnað (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Áhersla var lögð á að félagsmenn tækju hver fyrir sig sjálfstæða ákvörðun um boðun verkþanns. Hins vegar verður að teljast galli að skýrar sé ekki kveðið á um ýmsa vafabætti. Yfirleitt er ákvörðun um vinnustöðvun tekin með þeim fyrirvara að verkþannið eigi sér stað náist ekki samningar fyrir einhvern fyrirfram ákveðinn tíma sem tilgreindur er sérstaklega (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Samkvæmt 14. gr. hafa stéttarfélög, félög atvinnurekenda og einstakir atvinnurekendur rétt til að beita verkföllum og verkþönnum til að þrýsta á um að kröfum verði mætt eða til að verja hagsmuni sína. Einstaklingar, samvinnufélög, hlutafélög og aðrir þeir sem stunda atvinnurekstur hafa samkvæmt lögnum rétt til að taka sjálfstæða ákvörðun um boðun verkþanns. Séu þessir atvinnurekendur hins vegar félagsbundnir þarf félagið sem þeir tilheyra að taka ákvörðun um vinnustöðvun og ólögætt er að hver og einn taki slíka ákvörðun upp á sitt einsdæmi. Af þessu leiðir að við inngöngu atvinnurekanda í félag atvinnurekenda er viðkomandi að takmarka rétt sinn til persónulegrar ákvarðanatöku um boðun verkþanns. Af ofangreindu leiðir enn fremur „ ... að félög vinnuveitenda, hvort heldur sérgreinafélög þ.e. félög vinnuveitenda í ákveðinni starfsgrein eða héraðsfélög þ.e. almenn vinnuveitendafélög á tilteknum stað, geta samþykkt verkþann vegna sjálfs sín eða einstakra meðlima sinna“ (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981). Enn fremur er áhugavert að af lögnum má draga þá ályktun „ ... að vinnuveitendafélög hafi almennt rýmri rétt til að ráða innri málefnum sínum og skipulagi, þar á meðal að fela tilteknum aðilja ákvörðunarvald um verkþann, en stéttarfélög“ (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Þegar lög nr. 80/1938 voru endurskoðuð árið 1996 urðu nokkrar breytingar. Til dæmis varð það að bindandi reglu að til vinnustöðvunar væri einungis boðað eftir að leynileg atkvæðagreiðsla hefði farið fram á meðal félagsmanna samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 (þingskjal nr. 739/1995–1996). „Í máli Fd. 1/2002 var ágreiningur um hvort að skilyrði 3. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938, um að samningaviðræður eða viðræðutilraunir um framlagðar kröfur hafi reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara“ (Friðrik Friðriksson, 2010). Boðað hafði verið til verkbanns 16. mars 2001 sem hefjast átti 24. mars sama ár. Var það álit dómsins að túlka bæri skilyrði laganna þröngt og dæmdi hann því verkbannið ólöglegt á þeirri forsendu að skort hefði á að formlegar samningaviðræður fyrir milligöngu sáttasemjara ættu sér stað frá því að samningsaðilar lögðu fram kröfur sínar í lok maí árið 2000 (Alþýðusamband Íslands og Alþýðusamband Vestfjarða gegn Samtökum atvinnulífsins, 2001).

Jafnframt var það mat vinnuhópsins sem vann að endurskoðuninni að binda ætti í lög að verkfalli eða verkbanni væri einungis beitt þegar samningaviðræður á milli deiluaðila væru fullreyndar. Þar sem að afleiðingar vinnustöðvunar eru margvíslegar og koma við hagsmuni fjölmargra einstaklinga er eðlilegt að gera ríka kröfu til þess að deiluaðilar fullreyni friðsamlegar aðferðir við lausn ágreinings áður en afdrifaríkari aðferðum er beitt (þingskjal nr. 739/1995–1996). Var það því mat vinnuhópsins að krafa yrði gerð til þess að áður en til verkfalls eða verkbanns gæti komið hefðu samningaviðræður átt sér stað á milli deiluaðila auk þess sem að leitað væri til Ríkissáttasemjara og viðræðuáætlun gerð. Tilgangur viðræðuáætlunar var bætt samningatækni auk þess sem að viðræður gætu þá hafist fyrr sem myndi skila sér í auknu svigrúmi og líkum á að samningar næðust áður en í óefni stefndi. Samkvæmt tillögunum var aðilum að kjarasamningi gert að koma sér saman um ákveðið skipulag viðræðna að lágmarki tíu vikum áður en kjarasamningur rann út. Að öðrum kosti kemur það í hlut sáttasemjara að gefa út slíka viðræðuáætlun eigi síðar en átta vikum áður en kjarasamningur rennur út (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2008).

Hér á eftir verður fjallað um hvernig ber að standa að boðun verkbanns.

## 6.2 Boðun verkþanns

Auk þess að eiga að stuðla að friði á vinnumarkaðnum er Vinnulöggjöfinni einnig ætlað að draga úr neikvæðum aukaverkunum vinnustöðvanna. Felst það meðal annars í því að ákvæði hennar eiga að tryggja hlutaðeigandi ákveðinn fyrirvara áður en til verkþanns kemur. Enn fremur aukast líkurnar á að samningar náist í vinnudeilu þegar menn hafa fyrirhugað verkþann hangandi yfir höfði sér. Fjallar 16. grein laganna sérstaklega um þessi atriði en í henni segir meðal annars að tilkynna beri þeim sem vinnustöðvunin beinist gegn ákvörðunina um hana eigi síðar en sjö sólarhringum áður en hún á að hefjast. Um leið og tilkynningin um vinnustöðvunina er komin til viðtakandans er hann orðinn bundinn af henni jafnvel þó að hann hafi ekki kynnt sér efni hennar frekar. Samkvæmt lögnum er nægjanlegt að senda tilkynninguna á heimili eða vinnustað viðtakandans svo lengi sem það er gert með nægjanlegum fyrirvara. Sé um félag að ræða þarf tilkynningin að berast á hefðbundnum skrifstofutíma til að tryggja megi að tækifæri gefist til að kynna sér efni tilkynningarinnar innan hins gefna frests (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981). „Samningar eru almennt ekki formbundir samkvæmt íslenskum rétti. Þeir eru jafngildir hvort sem þeir eru munnlegir eða skriflegir“ (Lára V. Júlíusdóttir, 2007). Á þetta einnig við um tilkynningu um verkþann og ekki skiptir máli hvort um er að ræða munnlega eða skriflega tilkynningu. Erfiðara getur eðli málsins samkvæmt reynst að færa sönnur fyrir því að munnleg tilkynning hafi borist viðtakandanum innan tilskilins frests (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Ekki er hægt að koma sér undan því að móttaka tilkynningu og fresta þar með upphafi verkþanns. Séu brögð að því að erfitt reynist að afhenda tilkynninguna skal tilkynnandi nýta sér aðstoð stefnuvotts við það (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Á íslenskum vinnumarkaði er í gildi svo nefnd friðarskylda. Hugtakið vísar til þess að þegar kjarasamningar eru í gildi hafa þeir sem eru aðilar að kjarasamningnum eða bundnir af honum, ekki heimild til að stofna til vinnustöðvanna til að vinna að framgangi krafna sinna (Lára V. Júlíusdóttir, 2007). Sú grundvallar afstaða að samninga beri að halda liggur að baki friðarskyldunni (Hrafnhildur Stefánsdóttir, 1997). Er ákvæðinu um friðarskyldu ætlað að tryggja að friður ríki á vinnumarkaði á meðan kjarasamningur er í gildi (Lára V. Júlíusdóttir, 2007 og Hrafnhildur Stefánsdóttir, 1997). Á friðarskyldunni eru þó tvær undantekningar. Annars vegar má boða til verkþanns þó að kjarasamningur sé í

gildi, að því tilskyldu að verkbannið taki ekki gildi fyrir en kjarasamningar eru lausir. Hins vegar er um að ræða beitingu samúðavinnustöðvanna. Réttur stéttarféлага og vinnuveitenda til að boða til samúðarvinnustöðvanna hérlendis er mikill. „Samúðarvinnustöðvun er undantekning frá þeirri meginreglu að ekki megi fyrirskipa vinnustöðvun meðan í gildi er kjarasamningur. Hún er í eðli sínu stuðnings-aðgerð og sem slíkri er henni ekki ætlað að hrófla við gildandi kjarasamningi á milli þess, sem samúðavinnustöðvuninni beitir og hins, sem hana verður að þola.“ (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Hér á eftir verður fjallað um hvaða aðilum atvinnurekenda ber að tilkynna um fyrirhugað verkban.

### **6.3 Tilkynningarskylda**

Fyrst má nefna að vinnuveitend ber að tilkynna Ríkissáttasemjara um áætlað verkban samkvæmt 16. grein laga nr. 33/1978. Þegar að Ríkissáttasemjara berst slík tilkynning ber honum að boða deiluaðila að samningaborðinu enda þótt að deiluaðilar hafi ekki vísað deilunni til hans. Er þetta í samræmi við lög nr. 33/1978 (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Í öðru lagi ber að tilkynna þeim aðilum sem verða fyrir áhrifum af væntanlegu verkbanni um það. Verkbann beinist fyrst og fremst gegn starfsmönnum þess vinnuveitanda sem beitir verkbaninu. Séu ákvæði laganna túlkuð með þrengsta móti mætti álykta sem svo að vinnuveitandanum bæri skylda til að tilkynna hverjum og einum starfsmanna sinna sem verkbannið beindist gegn um það. Hins vegar má einnig líta á það sem svo að stéttarfélagið fari með samningsumboð fyrir starfsmennina samkvæmt lögum og þar af leiðandi ætti að vera fullnægjandi að tilkynna því stéttarfélagi sem fer með samningsumboð fyrir starfsmennina um fyrirhugað verkban. Af þessu leiðir að sé um að ræða starfsmenn sem tilheyra ekki stéttarfélagi, þarf að tilkynna þeim sérstaklega um verkbannið. Þrátt fyrir að stéttarfélag semji ekki um kaup og kjör fyrir hönd þessara aðila eru þeir engu að síður bundnir að samningum stéttarfélaganna þar sem óheimilt er að semja við einstaka vinnuveitendur um lakari kjör en þau sem almennir kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins í viðkomandi starfsgrein eða á umræddu svæði kveða á um samkvæmt 1. gr. laga nr. 9/1974 (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Til að draga saman hverjum ber að tilkynna um verkban má segja að almennt beri að túlka ákvæði um tilkynningaskylduna þröngt. Í hnotskurn má segja að hún nái til þeirra sem voru bundnir af kjarasamningi annars vegar og hins vegar til þeirra sem kröfum er nú beint til vegna nýs kjarasamnings. Enn fremur er vert að hafa í huga að ákvörðun um verkban er bindandi bæði fyrir þá sem eru félagsmenn þegar ákvörðun um hana er tekin og einnig þá er gerast félagsmenn eftir ákvarðanatökuna. Kemur þetta ákvæði laganna í veg fyrir að taka þurfi sérstaklega ákvörðun um vinnustöðvun aftur vegna nýs félaga. Þá er heldur ekki þörf á að tilkynna nýjum félögum sérstaklega um fyrri ákvörðun um verkban (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Hér á eftir verður fjallað um verkban svörslu og framkvæmd hennar en algengt er að ágreiningur myndist um hvernig standa beri að framkvæmd verkban svörslu.

#### **6.4 Verkbannsvarsla**

Gert er ráð fyrir að sömu kvaðir gildi um verkban svörslu eins og um verkfallsvörslu þar sem löggjafinn gerir ekki skýran greinamunun á því um hvers kyns vinnustöðvun er að ræða (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Í 18. gr. vinnulöggjafarinnar segir:

„Þegar vinnustöðvun hefur verið löglega hafin, er þeim, sem hún að einhverju leyti beinist gegn, óheimilt að stuðla að því að afstýra henna með aðstoð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda, sem að vinnustöðvuninni standa“ (lög um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, 18. gr.).

Sé þessi lagagrein túlkuð þröngt er einungis lagt bann við að stéttarfélagið sem hefur fengið tilkynningu um fyrirhugað verkban leitist við að koma í veg fyrir framkvæmd þess með einhvers konar aðstoð frá einstökum félögum eða meðlimum þeirra félaga sem standa að verkbaninu.

Deilt hefur verið um hverjum er heimilt að vinna eftir að verkban tekur gildi. Er þá sérstaklega átt við um ófélagsbundna starfsmenn, eigendur fyrirtækja og ættingja þeirra. Enn fremur hefur verið deilt um rétt stjórnenda til að starfa í verkföllum sem boðað er til með lögbundnum hætti. Ekki er kveðið skýrt á um í lögnum hvort starfsmönnum í verkbaninu sé heimilt að ráða sig til starfa hjá atvinnurekendum sem verkbaninu nær ekki til og eru utan félaga (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).



Standi samtök atvinnurekenda að verkbanni er einstökum félagsmönnum innan félagsins óheimilt að vinna gegn hagsmunum heildarinnar. Í því felst meðal annars að óheimilt er að ráða til sín starfsmenn sem eru í verkbanni og grafa þar með undan áhrifum verkbandsins og hagsmunum annarra atvinnurekenda í félaginu. Enn fremur er það svo að taki samtök atvinnurekenda ákvörðun um að verkbanni skuli beitt eru félagsmenn skuldbundnir til þátttöku jafnvel þó að slíkt sé þeim á móti skapi. Ef einhverjir vinnuveitendur innan sambandsins virða ekki ákvörðun samtakanna um vinnustöðvun er hægt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að leiðrétta það. Á þetta við svo lengi sem að ákvörðun um verkban hefur verið tekin í samræmi við ákvæði vinnulöggjafarinnar um hvernig standa skuli að boðun verkbands (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Sá sem boðar til verkbands hefur nokkuð mikinn rétt til að skipuleggja verkbannið þannig að það hámarki líkurnar á að enda kjaradeilu sem fyrst. Viðkomandi tekur jafnframt ákvörðun um framkvæmdina og hvort verkbannið skuli einungis ná til ákveðinna hluta verks eða starfsgreina. Þessar ákvarðanir þurfa þó að vera í samræmi við ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 80/1938. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981)

Í vinnulöggjöfinni er kveðið á um ábyrgð stéttarfélaga vegna samningsbrota sem félagið eða trúnaðarmenn þess verða uppvísir að. Hins vegar er þar hvergi kveðið á um ábyrgð félags vinnuveitenda ef félagið eða meðlimir þess brjóta ákvæði samninga með ólögumætum vinnustöðvunum. Þó verður að gera ráð fyrir að „þessir aðiljar geti orðið skaðabótaskyldir í samræmi við grundvallarreglur skaðabótaréttarins. Viðurlög við slíkum brotum eru sektir og skaðabætur, sbr. 70. gr. vl.“ (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1981).

Hér á eftir verður fjallað um beitingu verkbanda erlendis og eru bæði tekin dæmi af beitingu úrræðisins á Norðurlöndum um miðja síðustu öld og einnig af nýlegum verkbönum í bandarískum íþróttahæmi.

## 7 Dæmi um beitingu verkbanns erlendis

Vinnuveitendur hafa löngum hagnýtt sér verkbannsvopnið í baráttunni við verkafólk um kaup og kjör. Segja má að alltaf þegar verkbanni sé beitt eigi sér stað ákveðin barátta á milli vinnuveitenda og starfsmanna, annars vegar um það hversu lengi vinnuveitandinn getur staðið undir því að starfsemin liggi niðri og hins vegar hve lengi starfsmennirnir þrúka án launa. Hér á eftir verður fjallað um beitingu verkbanna um miðja síðustu öld á Norðurlöndum. Einnig verða nýleg verkbönn sem beitt hefur verið í vinnudeilum í Bandaríkjunum gegn atvinnumönnum í íþróttum til umfjöllunar.

Samkvæmt Swenson (1991) beittu vinnuveitendur í Svíþjóð og Danmörku verkbanni kerfisbundið áratugum saman eða allt fram til 1950, hvoru tveggja til að tryggja vald sitt og til að berjast niður baráttu verkamanna fyrir bættum kjörum. Þegar einstakir skipulagðir vinnuveitendur (e. organized firms) urðu skyndilega fyrir verkföllum og harkalegum baráttuaðgerðum verkafólks gátu þeir gert ráð fyrir að njóta bæði fjárhagslegrar aðstoðar og annars stuðnings. Verkamennirnir gátu hins vegar ekki verið lengi án launa. Þannig má segja að vinnuveitendur hafi verið ónæmir fyrir ósamhæfðum aðgerðum starfsmanna. Annað var hins vegar uppi á teningnum þegar starfsmenn í verkfalli njóta fjárhagslegs stuðnings félaga sinna í sömu iðngrein á landsvísu eða stéttarfélags. Við slíkar aðstæður höfðu vinnuveitendur takmarkaðan ávinning af tryggingum gegn verkföllum, nema að hægt væri að smala saman nógu mörgum starfsmönnum utan stéttarfélaga (e. scabs) sem tóku ekki þátt í verkfallsaðgerðum og voru reiðubúnir til að ganga í störf hinna. Sem viðbrögð við verkfallsaðgerðunum kölluðu samtök skandinavískra vinnuveitenda eftir því að flest allir eða allir starfsmenn sem eftir voru innan starfs- eða iðngreinarinnar væru beittir verkbanni. Vinnuveitendur fengu þá tjón sitt að hluta til bætt úr vinnudeilusjóðum samtökum vinnuveitenda á sama tíma og starfsmennirnir sem beittir voru verkbanni gerðu kröfu til greiðsla úr verkfallssjóðum sem dvínuðu hratt. Samtökum stéttarfélaga bar þá að koma til aðstoðar en slíkum aðgerðum var mætt af vinnuveitendum með mikilli hörku. Var þá brugðist við með samúðar verkbönnum jafnvel innan fyrirtækja eða greina sem áttu engan hlut að upphaflegu kjaradeilunum og höfðu starfað í kraftri gildra kjarasamninga. Slíkum

almennum verkbönnum (e. general lockouts) var beitt annað slagið og komu þau einstaklega illa við samtök verkamanna þar sem að þau höfðu gríðarlega mikil áhrif á afkomu félagsmanna. Á þessum árum var mjög mikil harka í aðgerðum vinnuveitenda sem vísuðu oft til eigin aðgerða sem blóðtöku (e. bloodletting). Gengu vinnuveitendur jafnvel svo langt að kalla til allsherjar verkbanns í heilu atvinnugreinunum vegna verkfalls örfárra verkamanna (Swenson, 1991).

Miðstýring valds stéttarfélaganna gerðist síðar í Svíþjóð en Danmörku. Hið svokallaða septembersamkomulag var undirritað árið 1899 eftir afar harðar kjaradeilur sem staðið höfðu í fjóra mánuði í Danmörku. Í þeim deilum beittu vinnuveitendur verkbanni grimmt og höfðu að lokum sigur yfir samtökum stéttarfélaganna sem stóðu eftir nánast gjaldþrota (Swenson, 1991). Um tímamótasamkomulag er að ræða sem hafði meðal annars mikil áhrif á vinnulöggjöf Íslendinga (Eðvarð Sigurðsson, 1974).

Töluvert mikið hefur verið fjallað um verkbönn í bandarísku körfuknattleiksdeildinni (hér eftir NBA deildinni) í íslenskum fjölmiðlum á síðustu árum. Hér á eftir verður gerð grein fyrir verkbanni sem hófst í NBA deildinni þann 1. júlí árið 1998 og þeim efnahagslegu áhrifum sem það hafði.

Sem fyrr sagði settu eigendur liða í NBA deildinni verkbann á leikmenn í kjölfar þess að upp úr samningaviðræðum slitnaði. Var deilan erfið úrlausnar en leikmenn máttu verkbannið sem vísbendingu um lítinn samningsvilja eigenda. Snerist deilan meðal annars um hvernig bæri að skipta ágóðanum af sölu miða á leiki og af sjónvarpsútsendingum frá leikjum í deildinni. Höfðu málin þróast þannig að sífellt minni hluti ágóðans rann í vasa eigendanna sem vildu rétta sinn hlut. „Á miðjum áttunda áratugnum sömdu leikmenn og eigendur um að skipta með sér gróðanum af innkomu deildarinnar – sérstaklega af sjónvarpsréttindum og miðasölu – og hafa leikmenn fengið æ stærri hlut af þessum gróða eftir því sem liðið hefur á þetta samkomulag.“ (Verkbann sett á leikmenn, 1998). Einnig var deilt um launapak sem var á greiðslum til leikmanna í deildinni. „Þeim er aðeins leyft að hafa tólf leikmenn á launaskrá í einu og geta aðeins greitt þeim ákveðna heildarupphæð. Í gegnum árin hafa þó verið gerðar ýmsar undanþágur og er hin svokallaða „Larry Bird regla“ mikilvægust þeirra. Sú regla gerir liðum kleift að fara upp fyrir launapakinn með því að semja að nýju við sína eigin leikmenn sem eru með lausan samning.“ (Verkbann sett á leikmenn, 1998). Undanþágan hafði orðið til þess að eigendur voru farnir að greiða leikmönnum

stjarnfræðilega háar upphæðir og vildu þeir nú ná böndum yfir ástand launamálanna. Fyrirsjáanlegt var að áhrif verkbansins yrðu mikil og var jafnvel gert ráð fyrir að ekki yrði leikið aftur í deildinni fyrr en í lok árs. Landsmótið í körfuknattleik átti að hefjast um mánuði eftir að verkbannið skall á og væri það enn í gildi myndi enginn leikmaður úr NBA deildinni leika með landsliðinu. Verkbannið þýddi einnig að liðum var óheimilt að leitast við að ná samningum við einstaka leikmenn (Verkbann sett á leikmenn, 1998).

Í október árið 1998 höfðu samningar enn ekki náðst. Verkbannið þýddi að ekki var hægt að spila tugi æfingaleikja samkvæmt venju. Hafði það miklar fjárhagslegar afleiðingar fyrir eigendur liðanna bæði vegna tapaðra tekna af miðasölu og einnig vegna þess að ekkert fékkst greitt fyrir sjónvarpsútsendingar frá leikjum enda var ekki um neina að ræða. Að sögn Russ Granik, aðstoðarformanns NBA var tapið vegna þessa allt að 40 milljónum dollara. Allt benti til þess að leiktímabilið hæfist ekki á venjubundnum tíma en til stóð að hefja samningaviðræður á ný eftir langt hlé (Æfingaleikjum aflýst í..., 1998).

Þann 19. október sama ár styrktist svo staða eigenda liðanna verulega þegar réttur í New York komst að þeirri niðurstöðu að þeim væri ekki skylt að greiða leikmönnum laun meðan á verkbanninu stæði. Setti þessi niðurstaða eðlilega þrýsting á leikmennina um að semja en þeir áttu ekki rétt á neinum launum frá því að verkbannið hófst þann 1. júlí (Eigendur NBA-liðanna, 1998). Þann 6. janúar árið 1999 náðust loks samningar á milli stéttarfélags leikmanna og eigenda liðanna í NBA deildinni eftir rúmlega hálfis árs langt verkbann. Samkomulag náðist meðal annars um þak á launagreiðslur til nýliða og einnig á þak á hæstu laun. Þrátt fyrir það voru launin enn stjarnfræðilega há. „NBA deildin er fyrsta atvinnudeildin sem hefur náð að semja um hámarkslaun fyrir leikmenn, en það reyndist erfiðasti hjallinn í samningaviðræðunum.“ (Keppnistímabilinu bjargað, 1998).

Fjárhagslega tapið af verkbanninu var gríðarlegt þó erfitt sé að leggja nákvæmt mat á upphæðir. Talið er að eigendur liðanna hafi tapað allt að einum milljarði dollara á verkbanninu og leikmenn um helmingi þeirrar upphæðar í formi tapaðra launagreiðslna (Staudohar, 1999).

Hér á eftir fer aðferðafræðikafli þar sem meðal annars er gert grein fyrir þeirri rannsóknaraðferð sem beitt var við vinnslu þessa rannsóknarverkefnis.

## 8 Aðferðafræði

Hér á eftir verður gert grein fyrir markmiðum og tilgangi rannsóknarinnar. Færð verða rök fyrir vali höfundar á rannsóknarspurningum auk þess sem spurningarnar verða lagðar fram. Fjallað verður um rannsóknaraðferðina og með hvaða hætti gagnaöflun, greining og skráning fór fram.

### 8.1 Tilgangur og markmið rannsóknarinnar

Lítið hefur verið fjallað um verkbönn á Íslandi og því vakti rannsóknarefnið sérstakan áhuga höfundar. Markmið rannsóknarinnar var að gera heildstætt yfirlit yfir beitingu og hótanir um beitingu verkanna á rannsóknartímabilinu. Auk þess sóttist rannsakandi eftir að safna saman sem mestum upplýsingum um verkann í rannsókninni. Rannsóknin er einskorðuð við rýni heimilda sem ná yfir tímabilið frá árinu 1938 til ársins 2015. Leitað er svara við rannsóknarspurningunum: Hvað er verkann? Hvenær hefur verkanni verið beitt og við hvaða aðstæður? Hvenær hafa verið uppi hótanir um að beita verkanni og við hvaða aðstæður? Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeirri rannsóknaraðferð sem beitt var við framkvæmd rannsóknarinnar.

### 8.2 Rannsóknaraðferð

Í rannsókninni er notast við eigindlega aðferðafræði (e. qualitative methology) nánar tiltekið svokallaða innihaldsgreiningu (e. content analysis). Öll fyrirliggjandi gögn á rannsóknartímabilinu 1938 til 2015 sem fjölluðu með einum eða öðrum hætti um verkbönn á Íslandi voru rýnd. Gögnum var safnað saman á vefsíðunni [www.timarit.is](http://www.timarit.is) sem að er stafrænt bókasafn á vegum Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns. Á vefnum er meðal annars að finna stafrænar útgáfur íslenskra tímarita og dagblaða frá 17. öld til dagsins í dag. Auk þess voru skrif ýmissa fræðimanna á sviði vinnumarkaðsfræða skoðuð. Tölfræðileg gögn Hagstofunnar um tíðni vinnustöðvana voru ekki rýnd sérstaklega þar sem að ekki er gerð grein fyrir hvort um verkann eða verkfall er að ræða. Þar af leiðandi nýttust þau ekki í þessari rannsókn þar sem hún snýr einungis að verkbönum.

Innihaldsgreiningu gagna er lýst sem hlutlægri (e. objective), kerfisbundinni (e. systematic) og magnbundinni (e. quantitative) aðferðafræði við gagnagreiningu. Innihaldsgreiningu er til að mynda hægt að nýta til að greina ritað mál eða texta eins og á við í þessari rannsókn (Berelson, 1971; Cooper og Schindler, 2011). Berelson leggur áherslu á að innihaldsgreining gagna snúi að því sem sagt er fremur en að leitast sé við að skýra hvað liggur að baki því sem sagt er. Innihaldsgreining einskorðast þar af leiðandi við greiningu á því sem sagt er og varpar engu ljósi á ásetninginn á bak við það eða viðbrögð þess aðila sem meðtekur skilaboðin. Byggt á niðurstöðum innihaldsgreiningar er rannsakandi þó fær um að draga rökstuddar ályktanir um ætlun og viðbrögð (Berelson, 1971). Samkvæmt Berger (1998) gagnast rannsóknaraðferðin best þegar um einhvers konar samanburð er að ræða.

Helstu kostir innihaldsgreiningar sem rannsóknaraðferðar eru til að mynda að framkvæmd hennar fylgir takmarkaður kostnaður þar sem alla jafna er um að ræða upplýsingar sem auðvelt er að nálgast. Enn fremur er um sveigjanlega rannsóknaraðferð að ræða þar sem bæði er hægt að nýta hana til að rannsaka atburði fortíðar og samtímans. Einnig telst henni til tekna að rannsakandinn fylgir fyrirfram skilgreindum þrepum við úrvinnslu og greiningu gagna (Berger, 1998; Hansen, Cottle, Negrine og Newbold 1998).

Gallar innihaldsgreiningar eru meðal annars óvissa um hvort úrtak sé dæmigert, erfiðleikar við skilgreiningu efnistaka og þess sem leggja skal mat á. Auk þess er ekki unnt að færa sönnur fyrir því að ályktanir þær sem dregnar eru af niðurstöðum innihaldsgreiningarinnar séu sannar (Berger, 1998).

Helsti galli rannsóknaraðferðarinnar snýr þó að hlutverki rannsakandans en ekki er unnt að tryggja óhlutdrægni eins og til er ætlast. Ákvarðanir um ýmsa veigamikla þætti eru byggðar á mati rannsakandans. Til að mynda um stærð úrtaks og með hvaða hætti flokkun skuli vera framkvæmd. Kemur það því í hlut rannsakandans að leggja mat á fyrirbyggjandi gögn og hvað eigi erindi við rannsóknina. Ákvarðanir rannsakandans í þessu sambandi skulu þó byggja á fræðilegum undanfara rannsóknarinnar sem gegnir því hlutverki að skýra og tengja saman ákvarðanir rannsakandans (Deacon, Murdock, Pickering og Golding, 2007; Hansen, Cottle, Negrine og Newbold, 1998).

Til að ábyrgjast hlutlægni rannsóknarinnar skiptir sköpum að skilgreina efnið og þá flokkun sem notast er við eins skilmerkilega og frekast er unnt. Er það gert til þess að aðrir rannsakendur eigi þess kost að endurtaka greininguna með sömu niðurstöðum (Berger, 1998).

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu annmörkum og takmörkunum rannsóknarinnar að mati höfundar.

### **8.3 Takmarkanir og annmarkar rannsóknar**

Hagstofan heldur utan um upplýsingar um fjölda vinnustöðvanna hér á landi. Hins vegar er ekki tilgreint sérstaklega hvort um verkþann eða verkfall er að ræða eins og fyrr segir. Því er ekki hægt að nýta þær upplýsingar til að leggja mat á fjölda vinnustöðvunardaga vegna verkþanna (Hagstofa Íslands, e.d.). Höfundur gat því ekki leitað staðfestingar á þeim upplýsingum sem koma fram í þessari rannsóknarritgerð í gögnum Hagstofunnar. Því kunna einhver tilfelli verkþanna eða hótana um verkþönn ekki að hafa ratað í þessa rannsókn.

Þegar höfundur tók til við að leita heimilda og greina fjölmiðlaumfjöllun um verkþönn þar strax á þeim vanda að merking hugtaksins hefur verið nokkuð á reiki og í nokkrum tilfellum er hugtakið notað í ósamræmi við fræðilega skilgreiningu. Höfundur þurfti því að skoða með gagnrýnum hætti alla umfjöllun um verkþann í fjölmiðlum og leggja mat á hvort í reynd væri verið að fjalla um beitingu verkþanns eða hótanir um beitingu verkþanns. Að lokum má nefna að lítið hefur verið skrifað um verkþönn hér á landi og var helsta heimild höfundar ML ritgerð Ásmundar G. Vilhjálmssonar, Verkþann frá árinu 1981.

Hér á eftir fer samantekt höfundar á þeim tilfellum þar sem verkþanni var beitt eða hótanir voru uppi um beitingu úrræðisins. Enn fremur verða tekin dæmi af fréttáflutningi sem sneri með einum eða öðrum hætti að verkþanni og höfundi þótti vel til þess fallinn að varpa skýrara ljósi á úrræðið.

## 9 Greining fjölmiðlaumfjöllunar um verkbönn og verkbanshótanir

Þegar höfundur tók til við að leita heimilda og greina fjölmiðlaumfjöllun um verkbönn bar sem strax á þeim vanda að merking hugtaksins verkban hafði verið óljós. Höfundur þurfti því að skoða með gagnrýnum hætti alla umfjöllun um verkban í fjölmiðlum og leggja mat á hvort í reynd væri verið að fjalla um beitingu verkbanns eða hótanir um beitingu verkbanns. Til að mynda kom fyrir að fjallað væri um verkban þegar í reynd var átt við innflutningsban, yfirvinnubann, verkfall, lögbann eða önnur úrræði. Jafnframt bar oft á því að aðrir aðilar en vinnuveitendur væru sagðir beita verkbanni en slíkt samræmist ekki skilgreiningu hugtaksins. Hér á eftir fara nokkur dæmi um slíkt.

Morgunblaðið vísar að mati höfundar ranglega til yfirvofandi verkfalls hjá Trésmiðafélagi Reykjavíkur í marsmánuði árið 1939 sem verkbanns. Stóð yfir í félaginu atkvæðagreiðsla um hvort boða skyldi til verkfallsaðgerða hjá múrarameisturum í bænum. snerist deilan um rétt múrarameistara og trésmiða til að hafa menn í vinnu á tímakaupi. Ef til verkfallsins kæmi myndi það hafa lamandi áhrif á alla byggingarvinnu (Yfirvofandi verkfall trésmiða ..., 1939). Þremur dögum síðar birtist svo önnur frétt um málið þess efnis að yfirgnæfandi meirihluti meðlima í Trésmiðafélagi Reykjavíkur hafi samþykkt í atkvæðagreiðslu, sunnudaginn 19. mars, að hefja verkban hjá Múrarameisturum væri samkomulag ekki í höfn innan viku (Trésmiðir vilja setja verkban ..., 1939). Af þessu má draga þá ályktun að boðað hafi verið til verkfalls vegna deilna um réttinn til að ráða menn á tímakaupi þó að vísað sé til málsins sem verkbanns í síðari fréttinni.

Dæmi eru um að verkbanni sé til að mynda ruglað saman við innflutningsban, samanber umfjöllun um ban Bandaríkjanna árið 1930 við innflutningi vara frá Rússlandi. Í stað þess að vísa til slíks bans sem innflutningsbans segir í frétt Morgunblaðsins „...settu Bandaríkin verkban á vörur frá Rússlandi, sem unnar voru af ánauðugu fólki.“ (Þrælahald í Rússlandi ..., 1947, 15. júní).

Árið 1948 hafði Dagsbrún stöðvað vinnu við hleðslu síldarflutningaskipsins Hvassafells sem fara átti fram í Hvalfirði, klukkan níu að kvöldi þar sem að skipið hafði



ekki fengið bryggjupláss fyrir um daginn. Vinnan hófst þó ekki samkvæmt áætlun þar sem að tilkynning barst þremur klukkustundum fyrir frá Sigurði Guðnasyni, formanni Dagsbrúnar til Landssambands íslenskra útvegsmanna um að Dagsbrún hefði ákveðið að banna verkamönnum að hefja vinnu við hleðsluna. Samkvæmt fréttinni varð ákvörðun Dagsbrúnar um verkban ekki haggð þrátt fyrir að aðstæður hefðu ekki leyft að löndun skipsins færi fram fyrir um daginn. Enn fremur er sérstaklega tekið fram að ekki sé vitað um viðbrögð verkamannanna vegna „... þessarar árásar kommúnista á hagsmuni þeirra ...“ (Kommúnistar stöðvuðu hleðslu ..., 1948). Er það mat höfundar að hér sé um yfirvinnubann að ræða en ekki verkban, þar sem að verkban er sett af stéttarfélagi en ekki vinnuveitenda eins og kveðið er á um í lögum nr. 80/1938.

Félag járníðnaðarmanna beitti í maí árið 1978 verkbaninu á skuttogarann Rauðanúp samkvæmt fréttáflutningi. Forsaga málsins var sú að Almennar tryggingar tóku lægsta tilboði í viðgerð á togaranum og var það tilboð frá Bretlandi („Stóra strand í viðgerð Rauðanúps ..., 1978). Til þess að unnt væri að sigla skipinu til Bretlands þurfti bráðabirgðaviðgerð að fara fram á því. Beittu þá járníðnaðarmenn verkbaninu til að koma í veg fyrir að bráðabirgðaviðgerðin gæti farið fram og var skipið þar með fast hér á landi þar til viðgerð lyki. Lyktir málsins urðu að Almennar Tryggingar greiddu útgerð Rauðanúps bætur sem samsvöruðu upphaflega tilboðinu sem tekið hafði verið frá Swan Hunter í Bretlandi. Um 10 milljónum munaði á því tilboði og hinu íslenska og þurfti útgerð skipsins að greiða þann mismun (Útgerð Rauðanúps greiðir ..., 1978). Er hér ekki um verkban að ræða þar sem einungis vinnuveitandi eða vinnuveitendur geta beitt verkbaninu samkvæmt lögum nr. 80/1938.

Að lokum má svo nefna dæmi þar sem lögbann er ranglega sagt vera verkban. Árið 1971 reis ágreiningur á milli Matthíasar Einarssonar bónda á Teigi í Mosfellssveit og Hitaveitu Reykjavíkur með þeim afleiðingum að hann lét setja verkban á aðgerðir á landi sínu samkvæmt frétt Morgunblaðsins. Kemur fram að hann hafi reitt fram tryggingu fyrir verkbaninu en ekki liggur ljóst fyrir hve há sú trygging var (Bóndinn á Teigi ..., 1972). Þar sem ekki er kveðið á um neinar greiðslur trygginga í lögum nr. 80 frá 1938 í tengslum við verkbönn dregur höfundur þá ályktun að hér sé í reynd um lögbann að ræða en ekki verkban.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim verkbönum og hótunum um verkbönn sem áttu sér stað á árunum 1938 til 2015. Þrátt fyrir ítrekaðan fréttáflutning af verkbönum á fyrstu árunum eftir 1938 í var það mat höfundar að í reynd hafi í fæstum tilfellum verið um verkban að ræða.

### **9.1 Verkbönn og hótanir um verkbönn á árunum 1938 til 2015**

Nokkuð sérstök deila kom upp árið 1941 sem breska setuliðið er dvaldi hér á landi á þessum tíma átti hlut að. Forsaga málsins var sú að íslenskir verkamenn unnu að ýmsum framkvæmdum fyrir hernámsliðið. Þann 27. desember árið 1940 voru undirritaðir samningar á milli Verkamannafélagsins Bárunnar á Eyrarbakka og Eyrarbyggðahrepps um ákveðin dagvinnulaun. Jafnframt samþykkti hernámsliðið að greiða umrædd laun. Eftir að Dagsbrún hóf verkfallsaðgerðir brugðust Bretarnir við með því að beita verkbaninu á múrara og aðra íslenska verkamenn sem unnið höfðu fyrir þá. Í þónokkurn tíma eftir að verkfalli Dagsbrúnar lauk héldu þeir hins vegar áfram að beita verkbaninu gegn „múrarasveinum“. Því er jafnframt haldið fram í fréttinni að raunveruleg ástæða verkbannsins hafi verið tilraun Breta til að styðja við Vinnuveitendasamband Íslands í deilu þess við múrarasveinana. Hið áhugaverða er hins vegar að ekki var um neina deilu að ræða á þessum tíma á milli þessara aðila. Varð það til þess að fulltrúar múrara óskuðu eftir að dómsmálaráðherra hefði afskipti af málinu (Ganga lögin jafnt ..., 1941). Alvarlegar ásakanir um landráð á hendur Eggerti Claessen lögmanni voru jafnframt birtar á forsíðu Þjóðviljans sem hélt því fram að Eggert hefði gerst brotlegur við íslensk lög með tilraunum sínum til að etja saman bresku herstjórninni og íslenskum launþegum. Það átti hann að hafa gert í samvinnu við Vinnuveitendafélag Íslands með því að bera lygar um stöðu samninga á milli múrarasveina og Vinnuveitendasambandsins í breska hernámsliðið. Þegar Bretum varð ljóst að þeir höfðu verið gíntir til að ýta undir ófrið á vinnumarkaðnum var verkbaninu aflétt (það á tafarlaust ..., 1941).

Í rannsókn höfundar bar oft á því að fréttáflutningur væri litaður af stjórnmalaskoðunum. Alþýðublaðið var svo ekki verður um villst öflugt mál gagn verkalýðsins enda var yfirlýst markmið Alþýðuflokksins sem stóð að útgáfu blaðsins að vera stjórnálaafli verkalýðsfélaganna í landinu (Þórarinn Þórarinsson, 1966). Glögg dæmi um þetta er frétt sem birtist á forsíðu blaðsins 2. janúar 1942. Þar er lesendum

gerð grein fyrir sérstöku samkomulagi prentara við Alþýðuflokkinn og Alþýðublaðið sem var mál gagn flokksins. Samkvæmt samkomulaginu ná verkföll eða verkbönn prentara ekki til Alþýðublaðsins þar sem að prentarar eiga að geta unnið fyrir Alþýðuflokkinn þó vinnustöðvun eigi sér stað. Ástæðan fyrir þessu er samkvæmt fréttinni: „Samningur þessi byggist á sérstöðu, sem Alþýðuprentsmiðjan hefir innan Félags Íslenzkra prentsmiðjueigenda og heimild í fyrri samningum Hins íslenska prentarafélags við prentsmiðjueigendunum að Alþýðuprentsmiðjan hafi leyfi til, þó að verkfall eða verkban sé í prentiðinni, að vinna fyrir Alþýðuflokkinn.“ (Alþýðublaðið kemur út ..., 1942). Alþýðumaðurinn birti einnig frétt um slíka sérsamninga 20. janúar 1942. Er þar vitnað til samninga sem gerðir voru í byrjun árs 1941 á milli samtaka prentara, ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg og Alþýðuprentssmiðjunnar.

„Komi til verkbanns eða verkfalls af hálfu H. í. P. eða F. í. P. eru Alþýðuprentsmiðjan og ríkisprentsmiðjan Gutenberg „undanþegnar því að leggja niður vinnu gegn því, að Alþýðuprentsmiðjan skuldbindur sig til að prenta aðeins það, sem Alþýðuflokkurinn og starfsemi hans krefur eins og ríkisprentsmiðjan skuldbindur sig til að prenta aðeins það, sem starfsemi ríkisins krefur, og báðar skuldbinda sig til að taka ekki fleiri menn til vinnu en verið hafa fastir starfsmenn í minnst mánuð áður en verkfallið eða verkbannið hófst“. („Hræðsla við dauða ...“, 1942).

Blaðið Dagsbrún greinir árið 1956 frá hótunum um verkban sem gengu á báða bóga á milli Vinnuveitendasambandsins og Dagsbrúnar árið 1942. Hinn 10. júní sama ár fékk Eimskip erlenda hermenn til að sinna uppskipun fyrir fyrirtækið. Brugðust hafnarverkamenn við með því að leggja daginn eftir niður vinnu í þremur skipum. Fór Eimskip þá fram á það við stjórn Dagsbrúnar að félagið myndi skipa mönnum aftur til vinnu. Kvaðst félagið ekki geta orðið við þeirri bön og ætluðust forsvarsmenn Eimskips þá til að viðkomandi starfsmenn yrðu reknir úr Stéttarfélaginu. Því hafnaði stjórn Dagsbrúnar einnig. Því næst sendi „Vinnuveitendafélagið ... 25. júní út enn einn SVARTAN LISTA yfir 300 hafnarverkamenn og fyrirskipar að setja þá í verkban! Dagsbrúnarstjórn varð kunnugt um það nokkru eftir hádegi og tilkynnti þegar að yrði svart listinn ekki afturkallaður myndi sett verkban á alla félagsmenn Vinnuveitendafélagsins.“ Á samningafundi sem haldinn var síðar sama dag náðust svo samningar: „... um að eftirvinna skyldi vera frá kl. 6—8 að kvöldi en næturvinna frá kl. 8 að kvöldi til kl. 7 að morgni og skyldi eftirvinna greidd með kr. 4.30 á klst., sem var nær 100% hækkun.“ (Dagsbrún – brjóstfylking alþýðunnar ..., 1956). Mat höfundar er að

hótun Vinnuveitendasambandsins hafi verið verkbannshótun en að Dagsbrún hafi í reynd verið að hóta því að fara í verkfall en ekki verkbann eins og greint er frá í fréttinni þar sem að stéttarfélög geta samkvæmt lögum nr. 80/1938 ekki beitt verkbanni.

Hinn 5. desember 1945 birtist í Morgunblaðinu umfjöllun um nýtt iðnfræðslufrumvarp. Niðurstöður nefndar sem skipuð var af Samgöngumálaráðherra árið á undan eru tíundaðar, en nefndinni var falið það hlutverk að endurskoða iðnaðarnámslöggjöfina. Lagði nefndin fram nýtt frumvarp fyrir Alþingi um iðnfræðslu en frumvarpið fól í sér töliverðar breytingar frá fyrri löggjöf. Nokkur óvissa og ágreiningur hafði verið uppi um hlutverk iðnnema þar sem þeir tilheyrðu vinnuaflinu auk þess að vera námsmenn. Var frumvarpinu meðal annars ætlað að koma í veg fyrir allan misskilning um stöðu þeirra í vinnudeilum. Í 22. gr. frumvarpsins var allur vafi um hlutverk iðnnema tekinn af og kveðið er á um að þeim sé óheimilt að taka þátt í framleiðslu á vinnustað sínum á meðan á verkfalli eða verkbanni stendur (Nýtt frumvarp um iðnfræðslu, 1945).

Morgunblaðið fjallar um nýafstaðið áttunda þing iðnnemasambands Íslands þann 30. september árið 1950. Kemur meðal annars fram „Með tilvísun til 22. greinar iðnnámslaganna lýsir þingið því yfir, að það álítur óheimilt öllum iðnnemum, að vinna að framleiðslustörfum, meðan verkfall eða verkbann stendur yfir á vinnustöðvum þeirra“. (Samþykktir iðnnemaþings, 1950).

Árið 1952 átti sér stað langvinn og erfið vinnudeila í Sandgerði. Morgunblaðið fjallar fyrst um deiluna 28. mars og hið fyrirhugaða afgreiðslubann Verkalýðs- og sjómannafélagsins í Sandgerði sem fresta þurfti þar sem ólöglega hafði verið boðað til þess. Deilt var um hve marga bíla frystihúsin Miðnes og Garður hefðu rétt til að eiga en félögin, sem ráku útgerð, verslun og frystihús, áttu samtals sex bíla sem nýttir voru til allra aðalflutninga (Sandgerðisbílstjórar boða verkbann ..., 1952). Hafði Bifreiðastjóradeild Verkalýðs og sjómannafélags Miðneshrepps sagt upp samningum sínum við fyrirtækin og tók uppsögnin gildi 1. janúar árið 1952 (Bílstjórnarnir neituðu að ..., 1952). Bifreiðastjóradeild Verkalýðs- og sjómannafélagsins í Sandgerði hafði án árangurslaust reynt að fá félögin til að samþykkja að láta bíla félagsmanna stéttarfélagins annast meira magn flutninga fyrir sig og var það aðalkrafa þeirra í deilunni. Var þess krafist að Miðnes og Garður hefðu hvort um sig einn bíl til umráða til

flutninga sem fyrirtækin voru ekki tilbúin til að samþykkja. Brást þá Verkalýðsfélagið við með boðun afgreiðslubanns á alla bíla Miðness og Garðs (Sandgerðisbílstjórar boða afgreiðslubann ..., 1952). Hófst afgreiðslubannið hinn 13. febrúar árið 1952 en Vinnuveitendasamband Íslands hélt því fram að afgreiðslubannið stæðist ekki lög þar sem ekki hafði verið tilkynnt um fyrirhugaða vinnustöðvun til Ríkissáttasemjara. Í mars barst svo Miðnesi og Garði h.f. tilkynning frá Alþýðusambandi Íslands þess efnis að sambandið myndi beita sér fyrir því að bílar fyrirtækjanna fengju heldur ekki afgreiðslu í nágrennasveitarfélögunum. Stéttarfélaginu barst enn fremur liðsstyrkur frá Hlíf í Hafnarfirði og Dagsbrún sem boðuðu til að því er virtist vera samúðar afgreiðslubanns á bíla fyrirtækjanna. Sökum þess að ekki hafði verið boðað til verkfallsins löglega mótmælti Vinnuveitendasambandið einnig þessum „samúðaraðgerðum framangreindra verkalýðsfélaga“ (Bílstjórar neituðu að ..., 1952). Þar sem að afgreiðslubannið uppfyllti ekki ákvæði laga varð þó að fresta öllum aðgerðum til 4. apríl. Haldinn var sáttafundur þar sem félagsmenn Verkalýðsfélagsins buðu fyrirtækjunum að hafa tvo bíla hvort sem þeir höfnuðu umsvifalaust (Sandgerðisbílstjórar boða verkann ..., 1952). Brást Vinnuveitendasambandið við aðgerðum verkalýðsfélagsins með því að boða verkann á þá vörubílsstjóra sem voru í verkfalli. 15. apríl barst svo tilkynning frá Verkalýðsfélaginu þess efnis að það hugðist hætta samúðaraðgerðum sínum að því gefnu að Vinnuveitendasambandið myndi aflétta verkanninu. Verkalýðsfélagið sagði jafnframt upp daglaunasamningi sínum við fyrirtækin frá og með 14. júní. Deilan barst svo til sáttasemjara hinn 5. ágúst en boðað hafði verið til verkfalls frá og með 7. ágúst. Nóttina áður tókust svo samningar sem síðar voru felldir í almennri atkvæðagreiðslu vörubílstjóranna svo verkfallið hélt áfram (Bílstjórar neituðu að ..., 1952, 8. ágúst).

Í janúar árið 1956 fjallar Tíminn um verkann Landssambands íslenskra úvegsmanna sem náði til á fjórða hundrað báta. Forsaga verkannans var sú að samningar náðust ekki á milli ríkisstjórnarinnar og útgerðarmanna í tæka tíð um verðlagningu sjávarafurða (Yfir 300 bátar stöðvaðir ..., 1956). Á árunum 1951 til 1956 var í gildi svokallað bátagjaldeyriskerfi. „Bátagjaldeyriskerfið fól í sér að innflytjendur sumra vara þurftu að greiða álag á gjaldeyri sem þeir keyptu vegna innflutnings. Álagið var lengst af ýmist 26% eða 61% og rann til bátaútvegsmanna og vinnslustöðva bátafisks“ (Gylfi Magnússon, 2012). Þegar gildandi samningur um bátagjaldeyririnn var við það að renna út hinn 30. desember 1955 bauð ríkisstjórnin Landssambandinu að framlengja fyrri samning til loka

janúarmánaðar en því tilboði var hafnað. Í kjölfarið hófst svo róðrabannið (Yfir 300 bátar ..., 1956). Samdægurs birti Tíminn ásakanir á hendur Morgunblaðinu fyrir það að hafa ekki fjallað á gagnrýnin hátt um verkban útvegsmanna og þann kostnað sem verkbannið hafði óneitanlega í för með sér fyrir þjóðarbúið. Samkvæmt pistlinum lét Morgunblaðið yfirleitt ekki sitt eftir liggja þegar verkfallsaðgerðir Stéttarfélaganna stóðu yfir við að benda á neikvæðar afleiðingar verkfalla en hafði hins vegar ekkert að segja þegar kom að verkbanni útvegsmanna (Ríkisstjórnin sannar enn ..., 1956). Daginn eftir birti svo Morgunblaðið lítinn pistil þar sem greint er frá vinnudeilunni og helstu staðreyndum málsins (Stöðvun bátanna, 1956).

17. desember árið 1957 birti Þjóðviljinn frétt um yfirvofandi verkbannsaðgerðir dráttarbrautareigenda. Meðlimir í félagi íslenskra dráttarbrautareigenda höfðu á félagsfundum sínum nokkrum dögum fyrr samþykkt að mótmæla því hámarksverði, sem verðlagsstjóri hafði sett á slippleigu með því að taka enga báta upp í slipp frá og með miðvikudeginum 18. desember. Skyldi verkbannið standa yfir þar til að viðunandi verðlagsákvæði fengjust að mati félagsmanna. Í fréttinni er vísað til verkbannsins sem „... nýjasta tiltæki íhaldsins í efnahagsmálum ...“ auk þess sem því er haldið fram að verðið sem sett var upp af verðlagsstjóra sé hærra en það verð sem ýmsir dráttarbrautareigendur innheimtu áður fyrir þjónustu sína. Íhaldið er ásakað um að standa að skipulagningu verkbannsins. Framkvæmdastjóri landssambands iðnaðarmanna eða eins og Þjóðviljinn orðar það „... íhaldspilturinn Eggert Jónsson ...“ er einnig nefndur til sögunnar sem sérstakur sökudólgur í málinu (Dráttarbrautareigendur boða verkban ..., 1957). Morgunblaðið birti andsvar við grein Þjóðviljans daginn eftir og vísar öllum ásökunum um tók íhaldsins í málinu frá (Dráttarbrautareigendur hætta að ..., 1957).

Mikið gekk á í sjávarútveginum árið 1961 þrátt fyrir að aflabrögð væru einstaklega góð (Gerðardómurinn, 1962) og segja má að allt hafi verið logandi í vinnudeilum hvert sem litið var (Hvar er róíð og hvar ekki?, 1961). Í janúar árið 1961 lýstu útvegsmenn í Vestmannaeyjum yfir verkbanni vegna óánægju með fiskverðið sem fiskvinnslustöðvarnar greiddu. Samtímis voru sjómenn í verkfalli við útvegsmenn og landverkamenn á leið í verkfall 24. janúar (Verkfallavitleysan í Eyjum, 1961). 26. janúar birtist svo önnur frétt um ástandið í Vestmannaeyjum þess efnis að sjómenn hefðu náð

allsherjarsamkomulagi um kjör bátasjómannanna. Róðrar gátu þó ekki hafist þar sem verkþann útgerðarmanna var enn í gildi (Sjómenn samþykktu ..., 1961). Í nóvember náðust loks samningar á milli sjómanna og úvegsmanna um svokölluð síldveiðikjör. Þar með leystist síldveiðideilan og fallið var frá öllum verkföllum og verkþönum (Síldveiðideilan leyst, 1961).

Á sextánda þingi Sambands ungra sjálfstæðismanna í september árið 1961 var meðal annars fjallað um vinnudeilur og töldu ungir Sjálfstæðismenn að ástæða væri til að endurskoða vinnulöggjöfina. Vildu þeir meðal annars „... að settar verði lýðræðislegri reglur en nú gilda um uppsögn samninga og verkfallsboðun ... “. Jafnframt að „Ákvörðun um uppsögn samninga sé því aðeins gild, að viðhöfð sé allsherjaratkvæðagreiðsla, sem minnst 2/3 hlutar félagsmanna taki þátt í, og sé uppsögnin samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða ...“. Varðandi verkþannsréttinn vildu þeir að forseti Íslands hefði vald til að fresta vinnustöðvunum að því gefnu að um væri að ræða „... vinnustöðvun eða verkþann, sem verulega raskar almannahagsmunum eða valdið getur því, að mjög mikil verðmæti fari forgörðum ...“ (Lýðræði verði tryggt ..., 1961).

Deilur í sjávarútvegi héldu áfram og var nær allur flotinn stöðvaður snemmsumars árið 1962 vegna verkfalla eða verkþanna. „Sjómenn hafa stöðvað togarana en útgerðarmenn hafa stöðvað síldveiðiskipin. Togarasjómenn fara fram á kauphækkanir en útgerðarmenn vilja lækka aflahlut sjómanna á þeim grundvelli, að kostnaður útgerðar við öflun hinna nýju tækja hafi verið svo mikil ...“. Erfitt var að finna lausn á deilum sökum lélegrar rekstrarafkomu útgerðarinnar en allir togara þjóðarinnar höfðu verið reknir með tapi á árinu fyrir utan einn. Kom tapreksturinn til vegna þess að aflabrögð höfðu verið léleg (Stöðvun fiskiskipanna, 1962). Í júlí tók svo Gerðardómur afstöðu með útgerðarmönnum og hélt Alþýðublaðið því fram að sú niðurstaða ætti meðal annars rætur að rekja til þess að Alþýðuflokkurinn hefði neitað að tilnefna dómara í dóminn. Er leitt líkum að því að verkþann útgerðarmanna þegar síldarverktíðin átti að hefjast hafi verið neyðarúrræði vegna þeirra miklu fjárhagslegu skuldbindinga sem þeir voru þjakaðir af vegna kaupa á tækjabúnaði. Greip ríkisstjórnin inn í deiluna með gerðardómi á verkþannið til að forða því að síldarverktíðin tapaðist öll vegna verkþannsins (Gerðardómurinn, 1962). Sú ákvörðun ríkisvaldsins að grípa inn í deiluna féll þó ekki í kramið hjá öllum og var hún meðal annars harðlega gagnrýnd af

stjórnarandstöðunni. Jón Þorsteinsson alþingismaður Alþýðuflokksins lét meðal annars hafa eftir sér: „... að verkþann útvegsmanna hefði verið ólöglegt, þar eð það hefði ekki verið boðað á löglegan hátt. Vissulega hefðu sjómannasamtökin átt að höfða mál á hendur LÍÚ vegna hins ólöglega verkþanns, en það hefðu þau ekki gert og mætti það furðulegt teljast ....“. Var það ósk sjávarútvegsráðherra að síldveiðideilan í lok ársins 1962 leystist án frekari afskipta ríkisins (Yfirlýsing Emils á ..., 1962).

Í mars 1963 lögðu alþingismennirnir Matthías Á. Mathiesen, Pétur Sigurðsson og Guðlaugur Gíslason fram tillögu til þingsályktunar. Í ályktuninni skoraði Alþingi „... á ríkisstjórnina að láta fram fara endurskoðun á lögum nr. 80, 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Skal að því stefnt, að frumvarp að nýrri vinnulöggjöf verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi ...“. Skildi meðal annars endurskoða þann fyrirvara sem gefinn væri áður en til vinnustöðvunar kæmi eða eins og sagði í tillögunum: „... sem tryggi ríflegan tíma milli kröfugerðar og verkfalls- eða verkþannsboðunar, svo að sáttaumleitanir geti farið fram með nægilegum fyrirvara, áður en verkfall eða verkþann skellur á ...“ (Endurskoðun laga ..., 1963). Morgunblaðið fjallar aftur um endurskoðun á lögnum um stéttarfélög og vinnudeilur í apríl árið 1963. Þótti þörf á að lögin um verkföll og verkþönn yrðu sanngjarnari með það að markmiði að lágmarka tjón af slíkum aðgerðum. Setja skyldi stífari reglur og stofna hagstofnun launþega og vinnuveitenda. Upplýsingarnar frá slíkri hagstofnun gætu orðið til þess að sjaldnar kæmi til vinnustöðvana. Þá ættu lögin einnig að miða að því að koma í veg fyrir:

„...að þjónusta við börn og sjúklinga verði hindruð með verkfalli eða verkþanni. Settar skuli ákveðin fyrirmæli til að koma í veg fyrir eyðileggingu þegar framleiddrar vara eða framleiðslutækja af völdum verk falla og verkþanna. Tryggja skal ríflegan tíma milli kröfugerðar og verkfalls eða verkþannsboðunar, svo að sáttaumleitanir geti farið fram með nægilegum fyrirvara. Einnig skuli settar nánari reglur um það, á hvern hátt til slíkrar stöðvunar skuli koma innan viðkomandi félaga og félagasamtaka...“ (Endurskoðun lag um ..., 1963).

Vinnuveitendasamband Íslands samþykkti í janúar árið 1964 að beita allsherjar verkþanni um allt land gegn félagsmönnum í Trésmiðafélagi Reykjavíkur. Skyldi verkþannið taka gildi frá og með 25. janúar þar til samningar næðust á milli



Meistarafélags húsmiða í Reykjavík og Trésmiðafélagsins. Hafði vinnudeilunni þegar verið vísað til sáttasemjara ríkisins (Vinnuveitendur setja verkband ..., 1964).

Vinnuveitendasamband Íslands lýsti yfir verkbandi á Trésmiðafélag Reykjavíkur frá og með 7. október árið 1965 (Verkband á meðlimi ..., 1965). „Beitti ... VSÍ þessu vopni til þess að koma í veg fyrir mismunun milli hinna einstöku trésmiðameistara í Reykjavík ....“ (VSÍ samþykkir heimild ..., 1974). Áhrif slíks verkbands voru víðtæk og komu meðal annars í veg fyrir vinnu við húsbýggingar víða í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Kópavogi og Garðahreppi (Verkband á trésmiði, 1965). Eftir að verkbandið hófst stóðu svo yfir sleitulausir sáttafundir með sáttasemjara (Látlausir sáttafundir, 8. október). Deilan leystist viku síðar þegar meðlimir Trésmiðafélags Reykjavíkur samþykktu sáttatillögu sáttasemjara ríkisins í allsherjaratkvæðagreiðslu (Trésmiðadeilan leystist í gær, 1965).

Í janúar árið 1968 lokuðu frystihúsaeigendur frystihúsum sínum. Hafði Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna haft veg og vanda að því að frystihús innan samtakanna sem og hraðfrystihús á vegum Sambands íslenskra samvinnufélaga tækju ekki á móti fiski í frystingu. Eigendur hafa þó verið misjafnlega viljugir til að taka þátt í verkbandinu. Umbúðamiðstöðin, dótturfyrirtæki sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hefur hins vegar neitað að selja viðkomandi fyrirtækjum umbúðir og þannig í reynd þröngvað þeim til að taka þátt í verkbandinu. Ríkisstjórnarinnar beið hins vegar hið vandasama verkefni að ákvarða hve miklum fjármunum skyldi verja til frystihúsanna auk þess sem finna þurfti leiðir til að afla þeirra fjármuna sem færu í slíkar styrkveitingar. Ljóst var að vandi frystihúsanna var alvarlegur þar sem að reksturinn stóð ekki undir sér þrátt fyrir miklar annir (SH setur umbúðabann ..., 1968). Að sögn Alþýðublaðsins var þessari ráðstöfun ætlað „... að pína ríkisstjórnina og Alþingi ...“. Jafnframt er í gangi orðrómur um að þeir frystihúsaeigendur sem ekki voru áfjáðir í að taka þátt í verkbandinu hafi verið neyddir til þess með hótunum um að kassaverksmiðja samtaka frystihúsanna myndi ella ekki sjá þeim fyrir nauðsynlegum umbúðum (Frystihúsin lokuð ..., 1968).

IÐJA félag verksmiðjufólks í Reykjavík boðaði til verkfallsaðgerða hjá Kassagerð Reykjavíkur h.f., Ísögu og Umbúðamiðstöðinni. Brást Félag íslenskra iðnrekenda við verkfallsboðuninni með því að efna til atkvæðagreiðslu um boðun verkbands á IÐJU. Samþykkt var á almennum félagsfundi Félags íslenskra iðnrekenda að fela stjórn félagsins að ákvarða um heimild til stjórnar félagsins til að lýsa yfir verkbandi á IÐJU.

Skyldi stjórnin ákvarða um upphafsdagsetningu verkbansins (Sérstakar viðræður iðnrekenda ..., 1968). Verkfall Iðju á fyrirtækin þrjú skyldi svo hefjast á miðnætti hinn 13. apríl eftir tveggja sólarhringa frestun í kjölfar fundar með sáttanefnd (Verkfall Iðju ..., 1968). Óskuðu iðnrekendur eftir því að IÐJA myndi fresta verkfallsaðgerðum sínum frekar gegn sams konar frestun fyrirhugaðra verkbansaðgerða iðnrekenda. IÐJA var hins vegar ekki tilbúin til að gangast við neinu slíku samkomulagi. Þar af leiðandi boðuðu iðnrekendur til verkbans frá 21. apríl sama ár. (Verkbann iðnrekenda fellur ..., 1968). 17. apríl árið 1968 fjallar Morgunblaðið enn og aftur um aðgerðir Iðju og fyrirhugað verkbann á járníðnaðarmenn. Þar segir frá því að nauðsynlegt sé að grípa til verkbans á járníðnaðarmenn og hjálparmenn í járníðnaði til að vernda hagsmuni félagsmanna Vinnuveitendasambandsins. Verkfall Iðju hefur meðal annars í för með sér stöðvun á gasframleiðslu hjá Ísaga hf. sem verður á nokkrum dögum til að stöðva starfsemi vélsmiðjanna. Þar af leiðandi var samþykkt að setja verkbann á járníðnaðarmenn frá og með 24. apríl árið 1968 að ósk Meistarafélags járníðnaðarmanna (Verkbann boðað á ..., 1968). „...Félag járníðnaðarmanna gerði verkfall hjá Ísaga, en ekki öðrum fyrirtækjum ...“ (VSÍ samþykkir heimild, 1974). Í fréttaflutningi Morgunblaðsins af verkbansaðgerðum Vinnuveitendasambands Íslands á járníðnaðarmenn gætir að mati höfundar ruglings á notkun hugtakanna verkbann og verkfall. Var í reynd um verkbansaðgerð að ræða þrátt fyrir að vísað sé til vinnustöðvunarinnar sem verkfalls í frétt Morgunblaðsins hinn 16. febrúar árið 1974.

Í apríl árið 1968 höfðu 26 verkalýðsfélög boðað til vinnustöðvana auk verkbanna á Iðju og Meistarafélag járnsmiða (26 verkalýðsfélög ..., 1968). Um miðjan apríl samþykktu rafverktakar heimild til verkfalls (Sjö daga verkfall ..., 1968). Verkbann iðnrekenda hjá Meistarafélagi járníðnaðarmanna stóð enn yfir í byrjun apríl og gekk Stálvík h.f. í félagið 3. apríl. Var því einnig verkbann í gildi hjá Stálvík hf. frá og með inngöngu þess í félagið (Verkfalls- og verkbansaðgerðir halda áfram ..., 1969).

Á almennum félagsfundi í Vinnuveitendasambandinu árið 1974 var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða „... að heimila sambandsstjórninni að ákveða verksviptingu hjá félagsmönnum Vinnuveitendasambandsins í yfirstandandi kjaradeilu og ákveða, hve víðtæk verksviptingin skuli vera í hverju tilviki eða í heild ...“. Fram kemur í fréttinni að Vinnuveitendasambandið hafi samþykkt sambærilega heimild í síðustu

samningum en ekki kom til þess að beita þyrfti verkbanni þá. Kemur ennfremur fram að verkbannsvopninu hafi hingað til „... yfirleitt aðeins verið beitt gegn svæðisbundnum verkföllum eða verkföllum gegn einstökum atvinnurekendum...“ (VSÍ samþykkir heimild ..., 1974).

Í kjölfar þess að Vinnuveitendasambandinu bárust verkfallsboðanir frá 55 verkalýðsfélögum um allt land árið 1975, var samþykkt tillaga um að boða til félagsfundar um verksviptingaraðgerðir. „Sambandsstjórnarfundur Vinnuveitendasambands Íslands samþykkir að boða til almenns félagsfundar um verksviptingaraðgerðir.“ Hafði Vinnuveitendasambandið áður beitt verkbönum á einstök félög en aldrei á starfsgreinar í heild sinni. Að sögn Barða Friðrikssonar skrifstofustjóra VSÍ kölluðu óvenjulegar aðstæður og slæm staða atvinnuveganna á verkbannsaðgerðir þar sem aðilar innan sambandsins „... væru óvenju illa undir það búnir að taka sér launagreiðslur á meðan tekjur fyrirtækjanna eru engar...“ (Beita vinnuveitendur verkbanni?, 1975). Að mati höfundar er ekki hægt að draga aðra ályktun af þessum orðum en þá að markmið Vinnuveitendasambandsins með fyrirhuguðum verkbannsaðgerðum hafi verið að draga úr því fjárhagslega tapi er óhjákvæmanlega myndi fylgja svo víðtækum verkföllum.

Á félagsfundum Vinnuveitendasambandsins 9. júní árið 1975 var svo samþykkt að veita framkvæmdastjórninni heimild til verkbanns. Skyldi sambandsstjórnin ákvarða hve „...víðtæk verkasviptingaaðgerð sambandsins ætti að verða og hvenær hún komi til framkvæmda...“. Kváðu lög Vinnuveitendasambandsins á um að 75% greiddra atkvæða þyrfti til að samþykkja verkbannsheimildina en hún var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum (Félagsfundur VSÍ ..., 1975).

27. janúar árið 1976 „... var haldinn almennur fundur í Vinnuveitendasambandi Íslands og var þar samþykkt samhljóða að heimila 40 manna stjórn sambandsins að boða til verkbanns ef og þegar ástæða þætti til ...“. Kom þetta til vegna langdregna samningaviðræðna sem engum árangri höfðu skilað (Skellur allsherjarverkfall á ..., 1976).

Stéttarfélag verkfræðinga boðaði þann 12. ágúst árið 1977 verkfall hjá fjórum verkfræðingum í framkvæmdadeild Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Alls störfuðu þó 31 verkfræðingur hjá Reykjavíkurborg. Brást Reykjavíkurborg þá við með því að boða

verkbann á alla verkfræðingana sem störfuðu hjá sveitarfélaginu. Samningsumleitarnir stóðu yfir en nokkuð bar á milli deiluaðila bæði varðandi launahækkarnir og gildistíma kjarasamnings (Borgarráð setti verkbann ..., 1977). Taldi Stéttarfélag verkfræðinga að verkbannsboðun Reykjavíkurborgar bæri vott um stefnubreytingu í samningamálum. „Borgaryfirvöld ekki beitt verkbanni fyrr á sína starfsmenn né heldur hafa aðrir atvinnurekendur notað það í áratugi. Til viðbótar þessari breyttu stefnu gagnvart verkfræðingunum kemur svo, að Reykjavíkurborg hefur yfirleitt gengið inn í samninga, sem stéttarfélög hafa gert...“ (Formaður Stéttarfélags verkfræðinga ..., 1977). Ástæðu Verkbanssins mátti samkvæmt greinargerð frá skrifstofu borgarstjóra rekja til þess að Stéttarfélag verkfræðinga hafði áður beitt þeirri aðferð að setja einungis nokkra meðlimi félagsins í verkfall. „Í kjaradeilu aðila fyrir u.þ.b. ári síðan beitti Stéttarfélagið svipuðum vinnubrögðum, þ.e. að boða verkfall örfárra verkfræðinga á vinnustöðum ... var reynt með verkfalli 2 verkfræðinga í skrifstofu byggingarfulltrúa að draga úr eða stöðva byggingarframkvæmdir í borginni.“ Hafði því verið ákveðið að beita verkbanni frá og með 25. ágúst árið 1977 og skyldi það standa þar til verkfallinu væri aflýst eða samningar næðust á milli aðila (Borgin býður 24,3% hækkun ..., 1977).

Albert Guðmundsson, formaður launamálanefndar Reykjavíkurborgar vísaði því alfarið á bug að verkbannið væri liður í stefnubreytingu hjá Reykjavíkurborg. Vildi hann meina að brugðist hefði verið við með þessum hætti sökum þess hvernig Félag verkfræðinga hefði hingað til kosið að haga sinni kjarabaráttu. Höfðu þeir meðal annars beitt setuverkföllum og reynt að lama starfsemi hinna ýmsu deilda innan borgarinnar með því að boða verkfall hjá nokkrum verkfræðingum í einu endurtekið. „Þegar Stéttarfélag verkfræðinga ákvað enn einu sinni að beita svipuðum vinnubrögðum með boðun verkfalls fjögurra verkfræðinga hjá verkáætlanadeild Rafmagnsveitu Reykjavíkur, þótti okkur í launamálanefndinni mælirinn fullur“. (Albert Guðmundsson ..., 1977). Þann 20. ágúst árið 1977 boðar svo Félag verkfræðinga víðtækari verkfallsaðgerðir. „Við höfum ákveðið að svara verkbanni borgarinnar með verkfallsboðun hjá þeim 27 verkfræðingum, sem verkbann borgarinnar beinist að. Verkfall þeirra kemur til framkvæmda á miðnætti aðfaranótt föstudagsins 26. ágúst eða degi síðar en verkbannið...“ (Verkfræðingar hjá Reykjavíkurborg ..., 1977). Að sögn Gunnars H. Gunnarssonar mátti rekja ákvörðun Félags verkfræðinga um frekari verkfallsboðun til orða Alberts Guðmundssonar. „Það að við gripum til verkfallsaðgerða kom til vegna

þeirrar yfirlýsingar Alberts Guðmundssonar ... að borgin myndi ekki að óbreyttum aðstæðum bjóða betur en 7 1/2%, sem við teljum með öllu óaðgengilegt fyrir okkur. Það má því segja, að það hafi verið launamálanefnd borgarinnar, sem tók af skarið..." (Höfum ekki rætt ..., 1977). Í byrjun september sama ár barst svo stuðningsyfirlýsing frá BHM sem hvatti félagsmenn sína sérstaklega til að ganga ekki í störf verkfræðinga. „BHM lýsir furðu sinni á þeirri óbilgirni Reykjavíkurborgar að beita nú í fyrsta sinn verkþanni gegn hópi launþega, og það í byrjun kjaradeilu. BHM mun vinna að því að tryggja verkfræðingum þeim, sem nú eru í verkþanni, möguleika á að fylgja fram kröfum sínum og leita í því sambandi eftir fjárstuðningi bæði innanlands og utan ...". (BHM styður verkfræðinga, 1977). Samningar náðust í deilunni 12. september og lauk þar með öllum verkfalls- og verkþannsaðgerðum deiluaðila (Samið við verkfræðinga ...], 1977).

Í apríl 1978 boðaði Verkamannasamband Íslands til útflutningsþanns sem gilda átti frá og með 12. apríl til og með 15. apríl. Guðmundur J. Guðmundsson formaður Verkamannasambandsins kvað verkamenn myndu gera allt sem í þeirra valdi stæði til að tryggja að útflutningsþannið héldi. „EF frystihús eða útgerðaraðilar hugsa sér að bjarga sér með því að láta togara sigla með afla ... munum við beita okkur fyrir því að afgreiðsla verði stöðvuð á íslenskum fiskiskipum erlendis. Hafa ráðstafanir verið gerðar til þess að hafa samband við féлага okkar í Þýzkalandi, Bretlandi og í Færeyjum...". Sagði hann jafnframt að fulltrúar vinnuveitenda hefðu haft uppi hótanir um beitingu verkþanns. „...þeir hefðu látið í það skína að þeir hefðu heimild til verkþannsaðgerðar...“ (VMSI um framkvæmd ..., 1978).

Í mars árið 1979 náðist samkomulag á milli samninganefndar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og samráðsnefndar ríkisstjórnarinnar. Í samkomulaginu var meðal annars kveðið á um að ráðherrar eða sveitastjórnir sem segðu upp kjarasamningi gætu „...einhlíða lagt á verkþann eða skotið einstökum málum ... til gerðardóms ...“ (Samkomulag ..., 1979).

Í kjölfar þess að verkfall yfirmanna á farskipum skall á 25. apríl 1979 tilkynnti Sambandsstjórn Vinnuveitendasambands Íslands að tekin yrði afstaða til beitingu verkþanns. „Sambandsstjórn VSÍ hefði verið boðuð saman til fundar í dag klukkan 11 og þar yrði tekin afstaða til þess, hvort stjórnin ákvæði boðun verkþanns með 7 daga fyrirvara eða heimilaði framkvæmdastjórn VSÍ að boða það“ (Farmannaverkfall hófst ...,

1979). Vinnuveitendasambands Íslands samþykkti á fundi sínum heimild til framkvæmdastjórnar „til verksviptingar hjá félagsmönnum vegna yfirstandandi verkfalls yfirmanna á farskipum“ Kom það í hlut framkvæmdastjórnarinnar að ákveða hvenær (verksviptingin) verkbannið skyldi hefjast og hvernig það skyldi vera framkvæmt. Að sögn Þorsteins Pálssonar framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins var „þessi verkbannsheimild ... lágmarksviðbrögð gegn ... óbilgirni og harðar kröfur sjómanna í verkfallsmálinu og ... kæmi verkbannið til framkvæmda væri það ekki annað en eðlilegt svar vinnuveitenda við verkfalli sjómanna, vinnuveitendur færu sömu leið og að sömu lögum og þeir“ (Vinnuveitendasambandið: Ákveður í dag ..., 1979). Áhrif verkbanns voru meðal annars mikil á Vestmannaeyinga sem þurftu að sætta sig við að ekki fékkst undanþága til áframhaldandi reksturs Herjólfss frá stjórn Farmanna- og fiskimannasambandsins (Ákvörðun um verkbann frestað, 1979). Tók verkbannið sem beindist gegn Sjómannafélagi Reykjavíkur, Sjómannasambandi Íslands, Félagi matreiðslumanna og Þernufélagi Íslands gildi frá og með miðnætti 10. maí. Var helsti tilgangurinn „að knýja á um að samningar við undirmenn og yfirmenn á farskipum séu gerðir samtímis“. Sagði Þorsteinn Pálsson að mikil harka yfirmanna í samningaviðræðum hefði kallað á verkbannsaðgerðirnar (Harka færast í farmannadeiluna, 1979). Hefðu þeir meðal annars boðað til verkfallsaðgerða áður en kom til þess að aðilar funduðu um lausn deilunnar (Guðmundur Hallvarðsson ..., 1979). Sameiginlegur sáttafundur var svo haldinn hjá sáttasemjara ríkisins 3. maí árið 1979 (Farmannadeilan: Stefnt að ..., 1979). Alþýðusamband Íslands og Sjómannasamband Íslands voru allt annað en sátt við þessar verkbannsaðgerðir. Að mati Alþýðusambandsins voru þær „... bein árás á verkalyðshreyfinguna í heild ...“ og skyldu viðbrögðin vera harkaleg eftir því. Alþýðusambandið taldi hins vegar að verkbannið gæti haft alvarleg áhrif á samskipti aðila vinnumarkaðarins og alvarlegum eftirköstum (Getur haft ófyrirséðar ..., 1979). Þótti Framkvæmdastjórn Farmanna- og fiskimannasambandsins nóg um ummæli ríkistjórnarinnar í fjölmiðlum og taldi að sú umræða væri hlutdræg og ekki til þess fallin að liðka fyrir um lausn deilunnar. „Framkvæmdastjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands lýsir furðu sinni á þeirri freklegu íhlutun ríkisstjórnarinnar um kjaradeilu yfirmanna á kaupskipum, ... Með sífelldum yfirlýsingum ráðherra í fjölmiðlum, sem hafa orðið þess valdandi að vinnuveitendur neita öllum viðræðum ...“ (Farmenn um „ógnanir“ félagsmálaráðherra ..., 1979). Afleiðingar verkbannsins voru

miklar og lágu alls tuttugu og eitt farskip við höfn 16. maí árið 1979. Auk þess var gert fyrir að sjö skip til viðbótar sem voru á leið til landsins yrðu einnig föst í höfn vegna verkbannsins (21 skip hefur stöðvazt ..., 1979). Tilmæli bárust frá ríkisstjórninni um „afboðun eða frestun verkfalla og verkanna í yfirstandandi kjaradeilu aðilanna, gegn 3% grunnkaupshækkun fram til áramóta“. Hvorki Vinnuveitendasamband Íslands né Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vildu verða við þessari tillögu (Farmannadeilan: Báðir aðilar höfnuðu ..., 1979).

Voru vinnuveitendur fastir á þeirri skoðun sinni að kjarasamningar sem hefðu í för með sér aukinn kostnað fyrir atvinnurekendur kæmu ekki til greina. Var Vinnuveitendasambandið orðið úrkula vonar um að ríkisstjórnin kæmi með viðunandi lausn á deilunni og hugleiddu nú „... víðtækar varnaraðgerðir...“. Samkvæmt frétt Morgunblaðsins er um að ræða víðtækar verkbannsaðgerðir sem þó átti eftir að ákvarða endanlega um (Vinnuveitendur íhuga víðtækar ..., 1979).

Þann 5. júní árið 1979 þegar verkfall yfirmanna á farskipum hafði staðið í sex vikur taldi Vinnuveitendasamband Íslands sig ekki geta lengur staðið aðgerðalaust hjá og boðaði til almenns samúðarverkbanns í fyrsta sinn. „Vegna þess ástands sem skapast hefur í landinu vegna verkfalla fámennra starfshópa telur fundurinn nauðsyn bera til að boða til almenns samúðarverkbanns frá og með 18. júní 1979 er nái til allrar starfsemi félaga innan Vinnuveitendasambands Íslands“. Voru þó ýmsir hópar undanþegnir verkbannsboðuninni auk þess að hægt var vegna sérstakra ástæðna að óska eftir undanþágu frá verkbaninu til Vinnuveitendasambandsins (VSÍ boðar almennt samúðarverkbann ..., 1979).

Magnús Magnússon, ráðherra vakti máls á þeirri alvarlegu stöðu sem blasti við þegar flestir launþegar landsins yrðu í verkbaninu og ættu þar af leiðandi ekki rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta. „Þegar allt bendir til að meirihluti þjóðarinnar verði atvinnulaus og tekjulaus er útilokað annað, að mínu mati, en ríkisstjórnin skerist í málið, áður en svo verður komið ... “ (Verkbannið sviptir launþega bótum, 1979). Grafíska sveinafélagið boðaði til verkfalls 9. júní árið 1979 sem mótvægisáðgerð vegna verkbanns vinnuveitenda (Grafíska sveinafélagið boðar verkfall, 1979).

Menn voru orðnir langþreyttir á verkbaninu og sendi ASÍ meðal annars frá sér yfirlýsingu um málið eftir miðstjórnarfund 12. júní árið 1979. „Miðstjórnin vekur

sérstaka athygli á að verkanni þessu er beint gegn félögum innan ASÍ, sem ekki eiga í neinni vinnudeilu við Vinnuveitendasambandið. Verkbannsboðun þessi er algert einsdæmi og á ekkert skylt við samúðarvinnustöðvanir verkalýðsfélaga gegn atvinnurekanda sem þau hafa átt í deilu við..." (Miðstjórn ASÍ um verkannið ..., 1979).

Ríkisstjórnin óskaði aftur eftir því við Vinnuveitendasambandið 13. júní sama ár að verkannsaðgerðum yrði aflýst. Til vara var svo óskað eftir frestun vegna hinna margvíslegu neikvæðu afleiðinga verkannsins. Ríkisstjórnin var þó ekki með neina lausn á málinu og tóku deiluaðilar sér umhugsunarfrest (Sambandsstjórnarfundur vinnuveitenda ..., 1979, 13. júní). Daginn eftir að ósk ríkisstjórnarinnar barst Vinnuveitendasambandinu tók sambandsstjórn þess ákvörðun um að fresta samúðarverkbanninu um eina viku. Skyldi verkann hefjast aftur 25. júní ef samningar næðust ekki á meðan á frestuninni stæði. Í kjölfar frestunarinnar ákvað Félag grafískra sveina einnig að fresta boðuðu verkfalli sínu til 25. júní (Grafískir sveinar frestuðu ..., 1979).

Þann 19. júní árið 1979 þegar tveir mánuðir voru liðnir frá því að deilur hófust setti Ríkisstjórnin bráðabirgðalög sem bundu enda á verkföll á farskipum og á verkannsaðgerðir Vinnuveitendasambandsins. Öðluðust löggin strax gildi og skyldu gilda til áramóta. Gerðardómur sem skipaður væri þremur mönnum tilnefndum af Hæstarétti skyldi ákvarða „... fyrir 1. ágúst um kaup, kjör og launakerfi áhafna á íslenskum farskipum. Skal ákvörðun dómsins vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laganna“. Enn fremur náði bannið til allra samúðaraðgerða (Bráðabirgðalög vinstri stjórnarinnar ..., 1979). Þessi aðgerð þýddi þó engan veginn að friður kæmist á milli deiluaðila og voru ýmsir afar óánægðir með inngrip stjórnvalda. Stjórn og samninganefnd sjómannafélags Reykjavíkur mótmælti til dæmis bráðabirgðalögunum harðlega, þrátt fyrir ákvörðun um að fylgja þeim. (Útgerðarfélag verða krafín ..., 1979).

Múrarafélag Reykjavíkur taldi verkann það er Vinnuveitendasambandið hafði boðað og koma átti til framkvæmdar 25. júní árið 1979 ólöglegt. Ástæða þess álits var að félagið taldi ekki að sambandsstjórn Vinnuveitendasambandsins væri „... löghæfur aðili til að ákveða verkann á meðlimi Múrarafélags Reykjavíkur fyrir hönd Múrarameistarafélags Reykjavíkur. „Verkbannið hafði verið boðað í nafni VSÍ. Segir í bréfinu að Múrarafélagið geti ekki fallið á að sambandsstjórn VSÍ sé trúnaðarmannaráð



Múrarmeistarafélags Reykjavíkur. Enn fremur sé á það að líta að meirihluti sambandsstjórnar sé ekki skipaður félögum í Múrarmeistarafélaginu...". Lög númer 80 frá 1938 kveða á um að heimild trúnaðarmannaráðs til að ákvarða um vinnustöðvun grundvallist af því að lög viðkomandi félags feli trúnaðarmannaráðinu slíkt vald. Er gerður skýr greinarmunur á félögum og samböndum (Múrarafélagið stendur fast ..., 1979). Aðalfundur Hlífar í Hafnarfirði mótmælti einnig fyrirhuguðu verkbanni Vinnuveitendasambands Íslands auk þess að lýsa yfir þungum áhyggjum af verðlagsþróun (Aðalfundur Hlífar í Hafnarfirði ..., 1979).

Í ágúst árið 1979 óskaði Félag íslenska prentiðnaðarins eftir því við Vinnuveitendasambandið að það boðaði strax til verkanns á Grafíska sveinafélagið. Hafði Grafíska sveinafélagið boðað vakta- og yfirvinnuverkfall (yfirvinnubann). Tilgangur verkannsins skyldi vera að knýja á um lausn deilunnar (Félag íslenska prentiðnaðarins ..., 1979). Vinnuveitendasamband Íslands varð svo við þeirri beiðni þann 1. september og skyldi verkbannið taka gildi þann 9. september (VSÍ boðar verkann á grafíska, 1979). Þann 13. september tókust svo samningar á „... milli Grafíska sveinafélagsins og Félags íslenska prentiðnaðarins. Kauphækkunin, sem um samdist, er innan ramma 3% kaup-taxtahækkunar, en er deilt niður á launaflokka innan 3% markanna. Því er launahækkun til félagsmanna Grafíska sveinafélagsins frá 0% og upp í 5,1%. Grafískir samþykktu samningana á félagsfundi í gær með 37 atkvæðum gegn 13, en í Félagi prentiðnaðarins voru þeir samþykktir einróma ...“ (Grafískir fengu 3% meðaltalshækkun, 1979).

Í september árið 1979 boðaði Vinnuveitendasamband Íslands til verkanns gegn félögum í Blaðamannafélagi Íslands sem mótmælti þeirri aðgerð harðlega. Hafði verið boðað til verkannsins án þess að samningaviðræður færu fram þrátt fyrir að Blaðamannafélagið hefði óskað eftir viðræðum. Verkbannið var hins vegar afboðað í kjölfar þess að samningar náðust á milli Grafíska sveinafélagsins og Félags íslenska prentiðnaðarins (Blaðamenn fordæma verkannsboðun, 1979).

Haustið 1980 hafði félag bókagerðarmanna boðað til verkfalls hjá dagblöðum sem standa átti í viku en vegna formgalla á verkfallsboðuninni varð verkfallsboðunin stytta í tvo daga. Félag íslenska prentiðnaðarins taldi að þessi verkfallsboðun væri fljótfærnisleg þar sem að hún væri til þess fallinn að gera samningaviðræðurnar erfiðari. Félagsfundur

í Félagi íslenska prentiðnaðarins brást ókvæða við og ályktaði eftirfarandi um málið: „Til þess að firra atvinnurekendur í prentiðnaði frekara tjóni verður að grípa til gagnaðgerða, ef vænta má slíkra vinnubragða í auknum mæli.... “. Barst því tillaga til sambandsstjórnar Vinnuveitendafélags þess efnis að kæmi til frekari vinnustöðvunaraðgerða stakra viðsemjenda FÍP í þessari deilu myndi Vinnuveitendasamband Íslands boða til verkbanns hjá öllum þeim er störfuðu hjá fyrirtækjum innan Félags íslenska prentiðnaðarins. Skyldi þetta þó einungis gert að því gefnu að Félagi íslenska prentiðnaðarins þætti ástæða til (Formgalli styttir verkfall ..., 1980). Ákvað stjórn og samninganefnd Félags íslenska prentiðnaðarins að boða til verkfalls frá og með 17. nóvember auk þess sem ákveðið var að ítreka bréf frá 18. september þess efnis að óskað væri eftir verkbannsaðgerðum á aðra starfsmenn sem störfuðu hjá fyrirtækjum innan Félags íslenska prentiðnaðarins ef til verkfallsaðgerða kæmi (VSÍ ræðir beiðni FÍP ..., 1980).

Í nóvember árið 1980 boðaði Vinnuveitendasamband Íslands til verkbanns og samúðarverkbanns á virkjunarsvæðinu við Tungnaár. Forsaga þess var að Verkalýðsfélagið Rangæingur boðaði til verkfalls við virkjunarstaðina við Sigöldu og Hrauneyjarfoss frá og með 18. nóvember. Vinnuveitendasambandið brást við með því að boða verkban og samúðarverkban sem beindist gegn öllum þeim starfsmönnum sem unnu hjá fyrirtækjum sem voru meðlimir í Vinnuveitendasambandi Íslands á virkjunarsvæðinu við Tungnaár (Verkfall og verkban ..., 1980). Funduðu starfsmenn sem unnu við framkvæmdirnar við Hrauneyjarfoss þann 14. nóvember en samningaumleitarnir gengu afar illa og litlu munaði að upp úr þeim slitnaði. „Fundur starfsmanna við Hrauneyjarfoss ... skorar á samninganefnd sína að svara verkbandi atvinnurekenda og smánarlegu tilboði þeirra með festu og standa saman um að verjast þeim kjaraskerðingaráformum sem í tilboðinu felast...“ (Hrauneyjarfossdeilan: Verkbandið og ..., 1980). Þann 20. sama mánaðar bárust svo fregnir af undanþágu Vinnuveitendasambandsins til eins verktaka á virkjunarsvæðinu. „Vegna þess, að einn verktakinn við Hrauneyjarfoss stendur tímalega illa með verk sitt, sem hann á að hafa skilað fyrir áramót, hefur Vinnuveitendasamband Íslands heimilað undanþágu frá verkbandi því sem það hefur boðað...“ (Sáttafundur í Hrauneyjarfossdeilunni ..., 1980). Eftir inngrip frá Sigurði Óskarssyni forsætisráðherra og sáttasemjara ríkisins náðust samningar þann 20. nóvember. „Vorur samningar undirritaðir vegna

Tungnaársvæðissamnings af fulltrúum VSÍ, Rangæings og viðk. landssambanda...“ (Verkalýðsfélagið Rangæingur:Lausn, 1980).

Stéttarfélag verslunarmanna undirritaði kjarasamning í október árið 1980. Í nóvember boðaði Vinnuveitendasamband Íslands til samúðarverkbanns gegn félagsmönnum í Verslunarmannafélaginu sem störfuðu í prentiðnaðarfyrirtækjum. Magnús L. Sveinsson formaður félagsins harmaði þetta mjög og efaðist um að félagið hefði undirritað nýgerðan kjarasamning hefði slíkt verið fyrirsjáanlegt. „...Þetta eru því kaldar kveðjur, sem hljóta að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar síðar meir...“ (Magnús L. Sveinsson um ..., 1980). Stjórn og trúnaðarmannaráð Blaðamannafélags Íslands samþykkti vinnustöðvun hjá Dagblaðinu, Morgunblaðinu, Vísi og Vikunni frá og með 20. nóvember. Var vinnustöðvunin tilkomin vegna verkbannsboðunar sambandsstjórnar Vinnuveitendasambands Íslands en verkbannið skyldi hefjast 19. nóvember (Blaðamenn boða verkfall ..., 1980).

Þann 18. nóvember árið 1980 náðist svo loks samkomulag í prentiðnaðinum með þeim afleiðingum að verkbanni var aflýst. „FÉLAGSFUNDIR í Bókbindarafélagi Íslands og Grafíska sveinafélaginu samþykktu í gær nýgerðan kjarasamning bókagerðarmanna og aflýstu bæði félögin verkföllum. Þar með var aflýst verkbanni Vinnuveitendasambands Íslands gegn blaðamönnum á Morgunblaðinu, Dagblaðinu og Vísi og öðrum starfshópum á þeim blöðum og í fyrirtækjum prentiðnaðarins (Verkbanni aflýst í prentiðnaðinum, 1980).

Rétt um ári eftir að samningar náðust og verkbanni Vinnuveitendasambands Íslands í prentiðnaðinum var aflýst risu aftur upp deilur. Fundur í Félagi Íslenska prentiðnaðarins sem haldinn var 5. nóvember 1981 samþykkti „...að hefja allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um boðun verkbanns á meðlimi þeirra félaga sem nú þegar hafa boðað verkfall eða aflað sér verkfallsheimildar, þ.e. Félags bókagerðarmanna og Blaðamannafélags Íslands...“. Var áætlað að verkbannið myndi hefjast 17. nóvember ef atkvæði féllu með verkbannsboðuninni. Jafnframt var samþykkt að fela stjórn og samninganefnd Félag Íslenska prentiðnaðarins að meta hvort hún teldi í framhaldinu þörf á að óska eftir því við sambandsstjórn Vinnuveitendasambands Íslands „... að boða frekari verkbönn á aðra starfsmenn fyrirtækja innan vébanda félags Íslenska prentiðnaðarins...“ (Félag Íslenska prentiðnaðarins ..., 1981). Daginn eftir var svo

verkbannið á bókagerðarmenn og blaðamenn samþykkt (FÍP: verkban samþykkt, 1981). Blaðamannafélag Íslands brást við boðuðu verkbaninu með því að boða til verkfalls frá 20. nóvember árið 1981. Skyldi verkfallið ná til Morgunblaðsins, Dagblaðsins og Vísis (Undirnefndir í deilu ASÍ ..., 1981). Samningar náðust í deilunni 24. nóvember og var verkbaninu þar með aflýst en beðið niðurstöðu atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna (Samningurinn víða samþykktur ..., 1981).

21. desember árið 1981 boðaði Félag íslenskra vinnuveitenda „... til verkbanis gagnvart félagsmönnum þeirra sjómannafélaga, sem boðað hafa verkfall...“. Ákvað sambandsfundur Vinnuveitendasambandsins að verkbaninu skyldi hefjast á miðnætti 30. desember ef samningar væru enn lausir. Einnig var á fundinum tekin ákvörðun um að kæmi til frekari verkfallsaðgerða annarra sjómannafélaga yrði einnig beitt verkbaninu á þær aðgerðir (Í framhaldi af verkfallsboðun ..., 1981).

Deilur í sjávarútvegi héldu áfram að vera áberandi á nýju ári og 1982 hófst með því að vélstjórar neituðu að veita frekari undanþágur frá verkfalli sínu. Hafði Vinnuveitendasamband Íslands sett verkban á Vélstjórafélag Íslands, Vélstjórafélag Suðurnesja og vélstjóra í Grindavík frá og með 30. desember 1981. Voru vélstjórar staðfastir í því að veita ekki fleiri undanþágur þrátt fyrir alvarlegar afleiðingar fyrr en vinnuveitendur afléttu verkbaninu (Vélstjórar neita fleiri undanþágum, 1982). Að mati Svavars Gestssonar ráðherra beindust aðgerðir gegn ríkisstjórninni. „Það sem er óvenjulegt í stöðunni, er að nú hefur verið skellt á verkbönum og fjöldauppsögnum og allt sett í hnút. Þetta er pólitísk aðgerð og ætluð til þess að kleggja á ríkisstjórninni...“ Formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna var þessu þó engan veginn sammála. „Verkbann útvegsmanna og uppsagnir fiskvinnslufyrirtækja eru varnaraðgerðir vegna verkfalls sjómanna. Um það hefur ekki verið ágreiningur, hvar í flokki sem menn kunna að vera eða hvort í hlut eiga einkaaðilar, samvinnufyrirtæki, hlutafélög eða bæjarútgerðir...“ (Kristján Ragnarsson um ..., 1982).

Þegar verkbaninu var enn í gildi um miðjan janúar árið 1982 héldu ellefu bátar frá Vestmannaeyjum til veiða. Höfðu skipstjórnarnir á bátunum úr Eyjum staðið í deilu við báta frá Þorlákshöfn um svæðið í hinum svokallaða „Kanti“ suður og austur af Eyjum. Var það því ætlun þeirra að verða fyrri til að leggja net sín á því svæði. Tilmæli bárust svo „... frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna um að draga netin þegar aftur og

koma með þau í land þar sem ekki væri búið að ganga frá samningum og fiskverð væri ekki afgreitt.“ Því næst hafði bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum afskipti af lögbrotunum. „Skömmu síðar bárust bátunum 11 skeyti frá bæjarfógeta í Vestmannaeyjum þar sem þeim var skipað að halda þegar til hafnar þar sem þeir væru ekki með frágengna lögskráningu á áhöfn...“ Var þeirri skipun hlýtt af öllum sem hlut áttu að málinu (Eyjabátar „Þjófstörtuðu“ á vetrarvertíð ..., 1982). Höfðu útvegsmenn ákveðið að hefja ekki róðra fyrr en búið væri að ákvarða um fiskverð. Þegar sú ákvörðun lá fyrir 18. janúar leystist úr kjaradeilunum fyrir utan deilur um stærri skuttogara (Útgerð og aflabrögð, 1982).

Samþykkti sambandsstjórn Vinnuveitendasambands Íslands þann 3. júní árið 1982 að boða til verkbanns frá og með 18. júní „...gagnvart öllum þeim verkalýðsfélagum, sem boða verkfall frá og með þeim tíma, hafi samningar þá ekki tekizt...“ Líkt og oft áður frá 1938 var um að ræða viðbrögð við verkfallsboðunum stéttarfélaganna. „Vegna áskorunar Alþýðusambands Íslands og ákvörðunar einstakra verkalýðsfélagna um boðun allsherjarverkfalls samþykkir sambandsstjórn Vinnuveitendasambands Íslands að boða verkban ... gagnvart öllum þeim verkalýðsfélagum sem boða verkfall frá þeim tíma, hafi samningar þá ekki tekist...“ (VSÍ boðar verkban ..., 1982).

Verkföll og verkbönn höfðu víðtæk áhrif á árinu 1982 og er óhætt að segja að miklar deilur hafi geislað á vinnumarkaðnum. Uppbygging ferðaþjónustu var hafin en stóð ógn af miklum deilum á vinnumarkaði. „... verkföll eða verkbönn eru keðjuverkandi og um langa framtíð geta verkföll og verkbönn nú heft ferðamannþjónustu, en hún byggir tilvist sína að verulegu leyti á þeim árstíma sem nú fer í hönd, en stendur um skamma hríð ...“ Vildi Ferðamannaráð að allir sem einhvern hlut ættu að vinnudeilum gerðu sitt allra besta til að ná samningum (Ferðamálaráð: Ferðaþjónustan öll ..., 1982).

Í janúar árið 1984 kom upp vinnudeila í Álverinu í Straumsvík og lýsti hluti starfsmanna þar yfir verkfalli. Ragnar S. Halldórsson forstjóri ÍSAL var langþreyttur á verkfallsaðgerðum eða eins og hann orðaði það: „Það fer að verða árlegur viðburður að verkfall er gert hjá ÍSAL, þar var síðast verkfall í nóvember 1982 og nú rúmu ári seinna eru þeir aftur komnir í verkfall. Þetta er eitthvað sem er að verða kækur hjá þeim, að því er virðist.“ Félagsmenn í Verzlunarmannafélagi Hafnarfjarðar og nokkrir matsveinar voru ekki í verkfalli. Varðandi þann möguleika á að beita verkbanni á þann hóp sem ekki var í

verkfalli stóð ekki til að gera það nema staðan yrði svo slæm að hætta þyrfti vinnslu vegna verkfallsins. „Það verður sjálfsagt óhjákvæmilegt ef verksmiðjan verður að loka fyrir fullt og fast, vegna aðgerða þessara manna, en það þarf ekki að gera það í fyrstu atrennu...“ (Verkalýðsfélögin í álverinu í Straumsvík ..., 1984).

Í september árið 1984 höfðu ýmis verkalýðsfélög tilkynnt um verkföll. Til að mynda höfðu Verkalýðsfélagið á Selfossi, Hellu, Vík í Mýrdal og Kirkjubæjarklaustri öll boðað verkfall frá og með 15. september til og með 17. september í sláturhúsum Sláturfélags Suðurlands. Félag bókkargerðamanna var einnig í verkfalli og var sú deila komin til ríkissáttasemjara. Samþykkti framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands því þann 6. september að funda meðal annars um hugsanlega beitingu verkanna. „Vinnuveitendur eru í vörn en ekki sókn. VSÍ mun afla sér verkannsheimilda vegna boðaðra verkfalla, en ég ítreka að engin ákvörðun hefur verið tekin um að beita verkanni. Ákvarðanir þar að lútandi verða teknar þegar og ef til boðaðra verkfalla kemur. Við erum aðeins að fara fram á verkannsheimild...“ sagði Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands (VSÍ ræðir verkann, 1984).

22. október árið 1984 samþykktu svo félagsmenn í Félagi bókkargerðarmanna nýgerðan kjarasamning eftir sex vikna langt verkfall sem hafði meðal annars þær afleiðingar að Morgunblaðið kom ekki út (Að loknu sex vikna verkfalli, 1984). Var þá verkanni sem bæði hafði verið boðað á blaðamenn og prentara aflétt (Bókkargerðarmenn samþykktu nýgerðan ..., 1984). Í kafla 2.1 er gerð nánari grein fyrir þessu verkanni og dómi Félagsdóms.

Í júní árið 1985 heimilaði sambandsstjórn Vinnuveitendasambands Íslands að heimila framkvæmdastjórninni að boða bæði til verkanns og samúðarverkanns gegn Sjómannafélagi Reykjavíkur sem stóð í verkfalli. Var að sögn Vinnuveitenda um varnaraðgerðir að ræða sökum tíðra verkfalla hjá sjómannasambandinu:

„Verkfall Sjómannafélags Reykjavíkur hefur nú í annað sinn á 5 mánuðum lamað útgerð og fiskvinnslu í Reykjavík. Tvívegis hafa samningar tekizt og jafn oft verið felldir af örlitlum hluta félagsmanna Sjómannafélagsins. Verfall þetta er óvenjulegt og sýnir glögg brotalöm í vinnulöggjöfni, sem heimilar að langt innan við 10% af félagsmönnum verkalýðsfélags geti haldið hundruðum manna í mörgum starfsstéttum atvinnulausum svo vikum skiptir...“ (Sambandsstjórn VSÍ ..., 1985).

Í byrjun árs árið 1987 voru uppi getgátur um hvort Vinnuveitendasamband Íslands myndi grípa til verkbanusaðgerða vegna verkfalls undirmanna á kaupskipum. Þórarinn V. Þórarinsson framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins gaf sterklega í skyn að verkbanni yrði beitt ef samningar næðust ekki fljótlega. „Það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um verkban, en það liggur beint við að ef þetta verkfall dregst á langinn þá neyðumst við til þess. Þar væri um að ræða varnaraðgerð af okkar hálfu til þess að hafa stjórn á þessari vinnustöðvun...“ (Enn engin lausn ..., 1987).

Sjö félög verslunarmanna höfðu boðað til verkfalls sem átti að hefjast á miðnætti þann 21. apríl árið 1988. Í kjölfar þess samþykkti Sambandsstjórn Vinnuveitendasambands Íslands að veita framkvæmdastjórn VSÍ verkbannsheimild á þau félög verslunarmanna sem boðað höfðu verkföll. Um einhverjar undanþágur frá verkfallsboðuninni var þó að ræða meðal annars „... til happdrætta líknarfélaganna, öryggisgæslufyrirtækja og nokkurra heilbrigðisstofnana. Flestum undanþágubeiðnum var hafnað.“ Hafði Vinnuveitendasambandið ekki tekið ákvörðun um beitingu verkbanns og töldu ekki að hótanir um slíkt yrðu til þess að gera deiluna enn erfiðari úrlausnar. Voru menn þó tilbúnir til að bregðast strax við ef útlit yrði fyrir að samningar næðust ekki og beita verkbaninu. Að sögn Þórarins V. Þórarinssonar var beiting verkbanns að hluta til hugsuð til að halda valdajafnvægi á milli vinnuveitenda og launþega í deilunni. „Verkbann myndi veita okkur sömu stjórn á verkfallinu og verslunarmannafélögin hafa, þannig að þau sætu ekki ein að því að ákveða hvað skuli unnið og hvað ekki...“ (Verkfall verslunarmanna hefst ..., 2001).

Um miðjan maí árið 1988 samþykkti Sambandsstjórn Vinnuveitendafélags Íslands að veita framkvæmdastjórninni heimild til verkbanns á þau verkalýðsfélög sem boðað höfðu verkfall starfsmanna í Álverksmiðjunni í Straumsvík. Höfðu tíu verkalýðsfélög boðað verkfall í verksmiðjunni frá 21. maí og kröfðust verulegra launahækkana. Að sögn Vinnuveitendasambandsins yrðu afleiðingar verkfallsins verulegar til lengri tíma auk þess sem launakröfurnar væru óhóflegar í ljósi þess að ÍSAL greiddi starfsmönnum sínum hærri laun en aðrar sambærilegar verksmiðjur í Evrópu (Sambandsstjórn VSÍ: Samþykkt ..., 1988).

Verkfall mjólkurfræðinga í Mjólkurbúi Flóamanna hófst á miðnætti hinn 19. september árið 1989. Höfðu deiluaðilar reynt að ná samkomulagi hjá ríkissáttasemjara í

kjölfar yfirvinnubanns og verkfallsboðunar en illa gegnið. Kom nú til greina að Vinnuveitendasambandið og Vinnumálasamband samvinnufélaganna settu verkban á Mjólkurfræðingafélag Íslands (Verkfall mjólkurfræðinga hófst ..., 1989).

Allir hópar starfsmanna um borð í Herjólfí höfðu í mars árið 1993 tekið þátt í samningaviðræðum hjá ríkissáttasemjara. Viðræðurnar gengu afar illa og voru litlar líkur taldar á að samkomulag næðist. Morgunblaðið kvaðst hafa áreiðanlegar heimildir fyrir því að verkbaní yrði beitt tafarlaust á þá hópa sem ekki væru þátttakendur í verkföllum ef viðræðurnar skiluðu ekki árangri (Verkban sett í Herjólfisdeilu?, 1993). Þann 16. mars samþykkti svo fundur framkvæmdastjórnar Vinnuveitendasambands Íslands að beiðni Herjólfis hf. verkban á alla sextán manna áhöfn Herjólfis. Til greina kom að bæjarstjórn Vestmannaeyja myndi leita eftir því að löggjafinn setti lög á deiluna (Verkban samþykkt á alla ..., 1993). Samdægurs ákvað bæjarstjórnin í Eyjum að óska eftir lagasetningu á aðgerðirnar í Herjólfí. „Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti á fundi í gær að óska eftir því við ríkisstjórnina að hún flytji frumvarp til laga á Alþingi til að binda enda á kjaradeilur, verkfall og verkban á Herjólfí.“ Var sérstaklega óskað eftir að heildarlausn myndist á málinu vegna hinna miklu neikvæðu afleiðinga sem deilurnar höfðu á Vestmannaeyinga (Bæjarstjórnin í Eyjum ..., 1993). Verkfall stýrimanna á Herjólfí hafði staðið frá 3. febrúar eða í sjö vikur þegar Alþingi samþykkti frumvarp Halldórs Blöndals samgönguráðherra sem bannaði öll verkföll og verkbönn á Herjólfí (Alþingi bannar vinnustöðvun ..., 1993). Lagasetningin var kærð af Alþýðusambandi Íslands til Alþjóðavinnuálastofnunarinnar þann 23. mars árið eftir. Taldi Alþýðusambandið að lagasetningin bryti í bága við alþjóðasamþykktir um samninga- og félagafrelsi. Var nefnd Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) um félagafrelsi því sammála: „...setning laga 23. mars 1993 um bann við verkfalli og verkbaní á ms Herjólfí, sem m.a. hafi verið beit gegn stéttarfélagi sem ekki átti beina aðild að umræddri deilu, sé íhlutun sem takmarki rétt stéttarfélags til að ganga til frjálsra samninga við atvinnurekendur. Slíkt er brot á þeirri meginreglu að aðilar skuli ganga óheftir til kjarasamninga og fer nefndin þess á leit við ríkisstjórnina að hún forðist í framtíðinni að grípa til slíkrar íhlutunar með lagasetningu...“ (Niðurstaða nefndar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar ..., 1995).

Nokkuð var um gagnrýni á boðun verkanna og verkfalla. Oft á tíðum var tekin ákvörðun um að beita þessum afdrifaríku úrræðum þrátt fyrir að einungis lítill hluti



félagsmanna væri í raun á bak við þær ákvarðanir. Sem dæmu um þessa gagnrýni má nefna pistil sem birtist í Morgunblaðinu þann 14. ágúst árið 1994 og fjallaði um hugsanlega endurkoðun Vinnulöggjafarinnar. Að sögn Magnúsar L. Sveinssonar átti það ekki bara við þegar að verkalýðshreyfingin var að kjósa um verkföll að afar lítið hlutfall félagsmanna væri viðstatt kosningarfundinn.

„Sambandsstjórn VSÍ, innan við áttatíu manns getur ákveðið verkbann. Þessi gagnrýni á því ekki bara við verkalýðshreyfinguna það er hins vegar ekkert óeðlilegt að menn spyrj svona. Þegar auglýstur er félagsfundur þar sem taka á afstöðu til verkfallsboðunar, þá vita allir félagsmen að hverju stefnir. Þeir sem sitja heima vita um hvað fundurinn fjallar og gera sér þá grein fyrir því að þeir, sem mæta á fundinn eru þeir, sem taka ákvörðun.“

Framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins Þórarinn V. Þórarinsson taldi að ef setja ætti hömlur á verkfallsréttinn ætti það sama að gilda um rétt vinnuveitenda til að boða til verkbanns, „... ef takmarka eigi rétt til verkfalla verði það sama að gerast varðandi verkbann. Samkvæmt reglum VSÍ er það sambandsstjórn VSÍ, sem getur lagt á verkbann ... því hafi undantekningarlaust verið beitt sem varnaraðgerð gegn verkföllum. Í sambandsstjórninni eru tæplega áttatíu manns...“ Taldi Þórarinn að það væri úrelt aðferðafræði að lítill hluti félagsmanna gæti haft lamandi áhrif á fyrirtæki eða starfsgreinar: „... það er að mínu viti tímaskekkja að örlitlir hópar geti lamað starfsemi heilla fyrirtækja eða atvinnugreina og bakað öðrum launþegum gríðarlegt tjón. Í mínum huga ætti verkfall að vera slík undantekning að það væri ekkert tiltökumál að kalla eftir leynilegri bréfflegri atkvæðagreiðslu allra þeirra, sem verkfallið ætti að taka til...“ (Opnir fyrir breytingum, 1994).

Um miðjan nóvember árið 1995 skilaði vinnuhópur félagsmálaráðherra um samskipti á vinnumarkaði áfangaskýrslu til ráðherra. Varð sú áfangaskýrsla grunnurinn að drögum að frumvarpi um breytingu á lögum um sáttastörf í vinnudeilum sem fyrirhugað var að leggja fram á Alþingi vorið 1996. Verkalýðshreyfingin var hins vegar afar ósátt við frumvarpið og taldi að það fæli „í sér verulega skerðingu á réttindum verkalýðsfélaga.“ Taldi Björn Grétar Sveinsson, formaður Verkamannasambands Íslands meðal annars að frumvarpið drægi mikið úr verkfallsréttinum: „Ýmis atriði sem tengjast þessum hugmyndum hafi auk þess ekki verið rædd til hlítar og megi þar nefna miðlun sáttasemjara, fyrirkomulag atkvæðagreiðslu um hana, boðun verkfalls og verkbanns, hlutverk ríkissáttasemjara í vinnudeilum og vinnufyrirkomulag ...“ (Óánægja innan

verkalýðshreyfingarinnar ..., 1996). Félagsmálanefnd Alþingis sendi frumvarpið um breytingar „... á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur til umsagnar talsvert á þriðja hundrað aðila í þjóðfélaginu...“ Gafst þeim aðilum frestur til 17. apríl árið 1996 til að veita umsögn sína. Samkvæmt Þórarni V. Þórarinssyni, þyrftu lög Vinnuveitendasamband Íslands að taka verulegum breytingum ef frumvarpið yrði óbreytt að lögum. „...Það mun þýða að öll þau fyrirtæki, sem nú eru innan vébanda VSÍ, færu framvegis með atkvæðisrétt í almennri atkvæðagreiðslu við afgreiðslu kjarasamninga og til að taka ákvarðanir um verkþann, en fyrirtækin eru 2.668 talsins í dag ...“.Væri það að hans sögn veruleg breyting frá núverandi fyrirkomulagi: „... Skv. samþykktum VSÍ tekur 21 manns framkvæmdastjórn allar ákvarðanir um gerð kjarasamninga og sambandsstjórn, sem er skipuð 78 fulltrúum, hefur úrslitavald um hvort boðað er til verkþanns. Í sambandsstjórn sitja 9 aðildarfélög og 66 beinir meðlimir...“ (Félagsmálanefnd hefur frumvarp ..., 1996).

Fulltrúar launþega og Vinnuveitenda sameinuðust í mikilli andstöðu gegn hinu nýja frumvarpi, hvort tveggja efnislega og vegna þeirra vinnubragða sem viðhöfð voru við vinnslu frumvarpsins. Ari Skúlason, framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins gerði til að mynda alvarlegar athugasemdir við þau atriði í skýrslu vinnuhópsins sem átti eftir að fullvinna. „Í skýrslu vinnuhópsins sé tekið fram að ýmis atriði hafi ekki verið rædd til hlítar og engin ákveðin niðurstaða legið fyrir um mikilvæg atriði s.s. miðlun sáttasemjara, fyrirkomulag atkvæðagreiðslu um hana, boðun verkfalls og verkþanns, hlutverk ríkissáttasemjara í vinnudeilum og um vinnustaðafyrirkomulagið...“ (Ómar Friðriksson, 1996).

Í apríl árið 1996 barst álit sérfræðinganevndar Evrópuráðsins á íslensku vinnulöggjöfnni. Niðurstaðan var sú að ýmsum veigamiklum þáttum væri ábótavant: „... nokkur atriði í íslensku vinnulöggjöfnni brjóti í bága við félagsmálasáttmála Evrópu, sem Ísland hefur fullgilt. Nefndin gerir athugasemd við að rétturinn til að standa utan stéttarfélaga sé ekki tryggður í íslenskum lögum. Þá gagnrýnir hún að verkfallsréttur opinberra starfsmanna sé háður fleiri takmörkunum en sáttmálinn leyfi og að á Íslandi hafi verkalýðsfélög einkarétt á að boða til verkfalls.“ Taldi nefndin einnig að verkfallsréttur opinberra starfsmanna væri of takmarkaður: „Lagaákvæðin ... eru væntanlega einkum í III. kafla laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna frá 1986,

en þar eru ýmsir þröskuldar, þ.e. strangari skilyrði en gilda á almennum vinnumarkaði, t.d. um fyrirvara verkfallsboðunar, hlutfall félagsmanna í stéttarfélagi sem verða að samþykkja hana og fleiri atriði ...". Hafði Morgunblaðið heimildir fyrir því að þessi ströngu skilyrði fyrir verkfallsrétti opinberra starfsmanna mætti rekja til þess að ríkið hafði gefið eftir verkbannsréttinn (Sérfræðinganevnd Evrópuráðsins telur ..., 1996).

Í samantekt Morgunblaðsins um væntanlegar breytingar á verkfallsréttinum samkvæmt frumvarpinu um breytingar á vinnulöggjöfinni kemur eftirfarandi fram varðandi verkbannsréttinn: „Ákvörðun um verkfall og verkbann tekin í leynilegri atkvæðagreiðslu með þátttöku a.m.k. fimmtungs atkvæðisbærra og þarf meirihlutinn að samþykkja. Póstkostning er heimil og gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Taki vinnustöðvun til ákv. hóps þarf helmingur þeirra að taka þátt og meirihluti að samþykkja...“ . Alþýðusambandið var hins vegar ekki fylgjandi þessum breytingum. Var það þeirra mat að breytingarnar væru ekki í samræmi við samþykktir Alþjóða Vinnumálastofnunarinnar um félagafrelsi. Jafnframt var það mat þeirra að hættara yrði við langdregnum verkföllum og að hópum yrði mismunað eftir stærð þar sem auðveldara yrði að boða til verkfalls stærri hópa. Meirihluti Félagsmálanefndar lagði fram breytingatillögur á frumvarpinu sem fólu í sér að 25% þátttöku þyrfti í atkvæðagreiðslu til að hefja vinnustöðvun, hvort heldur sem um er að ræða almenna vinnustöðvun eða einungis fyrir afmarkaðan hóp launþega. Skyldi niðurstaða atkvæðagreiðslunnar ráðast af meirihluta greiddra atkvæða (Frumvörp til laga um stéttarfélög ..., 1996).

Morgunblaðið hafði fregnir af því að stjórnendur Hólmadrangs hf. á Hólmavík íhuguðu í maí árið 1997 að setja verkbann á starfsmenn sína sem voru í verkfalli. Einnig kom til greina að loka verksmiðjunni fram til loka ágústmánaðar. Verkbann hefði þann kost að hægt yrði að festa kaup á hráefni og undirbúa verksmiðjuna svo hægt væri að halda áfram störfum ef verkfallinu lyki um sumarið (Rækjuvinnsla Hólmadrangs ..., 1997).

Vinnuveitendafélag Íslands boðaði til verkbanns á þá starfsmenn Básafells sem ekki voru í verkfalli. Skyldi verkbannið hefjast á miðnætti 11. júní árið 1997 og beinast gegn 16 starfsmönnum sem tilheyrðu Verkstjórafélagi Vestfjarða, Vélstjórafélagi Ísafjarðar, Sveinafélagi byggingamanna á Ísafirði og félagsmanna í Baldri. Um tímamótaviðburð var

að ræða en verkbanni hafði aldrei áður verið beitt á Ísafirði að sögn Péturs Sigurðssonar forseta Alþýðusambands Vestfjarða (Vestfjarðadeilan enn í ..., 1997). Ríkissáttasemjari lagði fram miðlunartillögu í hinni svokölluðu Vestfjarðadeilu sem ekki var samþykkt. Önnur tillaga var lögð fram af ríkissáttasemjara sem átti eftir að bera undir atkvæði þann 6. júní. Fyrstu viðbrögð Alþýðusambands Vestfjarða voru þó ekki jákvæð og hafði Pétur Sigurðsson forseti sambandsins leitað skýringa hjá Vinnumálasambandinu á boðuðu verkbanni: „Ég hefði haldið að friðarskylda væri við Félag byggingamanna og ég veit heldur ekki til að Vélstjórafélag Ísafjarðar sé í neinni deilu við þá og þess vegna viljum við vita rökstuðning þeirra og efumst um lögmæti verkbannsins...“ Hugðist sambandið leita eftir „... riftun og Vinnumálasambandinu jafnvel stefnt fyrir félagsdóm ef ekki koma fram rök ...“ (Meðal atriða í nýrri ..., 1997).

Í október árið 1997 hafði Félag vélstjóra verið í verkfalli það sem af var ári. Að sögn Kristjáns Ragnarssonar, formanns Landssambands íslenskra útvegsmanna gengu viðræður ekkert. Staðan var alvarleg og voru útvegsmenn farnir að íhuga að boða til verkbanns þar sem verkfallið var að þeirra mati óleysanlegt (Kristján Ragnarsson, formaður LÍÚ ..., 1997).

Vélstjórar á 79 fiskiskipum höfðu boðað til verkfalls frá og með miðnætti 2. janúar árið 1998. Í kjölfar verkfallsboðunarinnar samþykkti stjórn og samninganefnd Landssambands íslenskra útvegsmanna að boða til verkbanns á alla starfsmenn sem störfuðu á þeim skipum sem myndu stöðvast vegna verkfalls vélstjóra. Eftir að verkbannsboðunin barst samninganefnd Vélstjórafélags Íslands, íhugaði félagið að fresta boðuðu verkfalli. Samkvæmt lögum má fresta verkfallinu um allt að 28 daga og þarf ekki að tilkynna um slíka frestun nema með þriggja daga fyrirvara (Útvegsmenn samþykkja verkbannt ..., 1997).

Sjómannasambandið dró í efa að atkvæðagreiðslan um boðun verkbanns Landssambands íslenskra útvegsmanna hefði verið lögmæt. Voru lögfræðingar sambandsins fengnir til að leggja mat á lögmæti verkbannsboðunarinnar en efasemdirnar byggðust á því að öll atkvæði um verkbannsboðunina hefðu verið talin upp úr sama potti. Hafði Landssamband íslenskra útvegsmanna gert athugasemd við að sömu aðferð var beitt við talningu atkvæða um verkfallsboðun vélstjóra í janúar. Á það reyndi þó ekki fyrir dómstólum þar sem að vélstjórar tóku ákvörðun um að endurtaka

atkvæðagreiðsluna (SSÍ kannar nú ..., 1997). Var það mat lögfræðinga sjómannasambandsins að talningaraðferð Landssambands íslenskra útvegsmanna hefði ekki veirð lögleg. Var því ákveðið „...að fá úr því skorið fyrir Félagsdómi hvort heimildin fyrir verkbanni, sem Landssamband íslenskra útvegsmanna, LÍÚ, aflaði sér nýlega, væri lögleg...“ (Ákvörðun LIÚ um ..., 1997).

Véltjórafélag Íslands ákvað 18. desember árið 1997 að fresta verkfallsaðgerðum sínum sem hefjast áttu á miðnætti 1. janúar 1998 til 16. janúar. Var sú ákvörðun meðal annars tekin til að minnka líkurnar á að bráðabirgðalögum yrði beitt á verkfallið. Í kjölfar frestunar verkfallsins ákvað Landssamband íslenskra útvegsmanna að fresta boðuðu verkbanni á fiskiskipafлотann til 20. janúar (Véltjórar segjast óttast ..., 1997).

Í janúar árið 1998 benti allt til þess að kjaradeila á milli félaga sjómanna og útvegsmanna yrði erfið úrlausnar. Deilan snerist í grunnatriðum um ósamkomulag um verðmyndun á fiski. Var beðið niðurstöðu úr atkvæðagreiðslu Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (FFSÍ) um boðun verkfalls 2. febrúar. Sem fyrr sagði hafði Véltjórafélag Íslands tekið ákvörðun um að fresta boðuðu verkfalli sínum frá 1. janúar til 16. janúar árið 1998. Brást Landssamband Íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) við þeirri frestun með því að fresta einnig boðuðu verkbanni sínu á fiskiskipafлотann til 20. janúar sama ár. Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna deildi áhyggjum forsætisráðherra af stöðu samningaviðræðnanna (Forysta sjómanna og útvegsmanna ..., 1998). Hann hélt því fram að tilgangur verkbannsins væri ekki að ná fram kröfum sínum í kjaradeilunni heldur væri um varnaraðgerð að ræða (Flotinn siglir hraðbyri í verkfall, 1998). „Nú heyrst að aðalrökin fyrir verkfalli séu að verjast okkar kröfum. Við gerum kröfur til ýmissa leiðréttinga ef til verkfalls kemur en við ætlum ekki í verkbannsaðgerðir að eigin frumkvæði (Forysta sjómanna og útvegsmanna ..., 1998, 3. janúar). Útvegsmenn vildu reyna til þrautar að ná samningum enda miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi og óskuðu þeir ekki eftir að stjórnvöld beittu lagasetningu til að leysa deiluna (Flotinn siglir hraðbyri í verkfall, 1998).

Langflestir félagar í Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands og Alþýðusambandi Vestfjarða samþykktu að boða til verkfalls bæði yfirmanna og undirmanna á fiskiskipum frá og með öðrum febrúa árið 1998. Umboð Farmanna- og

fiskimannasambands Íslands var skýrt að mati Guðjóns A. Kristjánssonar forseta þess: „Það liggur fyrir að við höfum fullt umboð til að keyra inn í átök ef mál þróast á þann veg. Okkur ber þó auðvitað að semja ef grundvöllur skapast þess.“ (Sjómannadeilan: Höfum fullt ..., 1998). LÍÚ ákvað að leggja drög að verkfallsboðun á þá sjómenn sem ekki ættu hlut að væntanlegu verkfalli sjómannasamtaka sem boðað er frá með 2. febrúar en verkbannið átti að taka gildi frá og með 9. febrúar sama ár. Sem fyrr segir höfðu vélstjórar boðað til verkfalls frá og með 16. janúar en íhuguðu nú að fresta því til mánaðarmóta (Sjómannadeilan: Höfum fullt ..., 1998).

Ekkert þokaðist í samkomulagsátt og Kristján Ragnarsson, formaður LÍÚ var myrkur í máli. „Það er full ástæða til þess að vera herskáir. Deilan horfir mjög alvarlega og illa. Við ætlum að verjast með öllum tiltækum ráðum...“ Ákvað stjórn LÍÚ að framkvæma atkvæðagreiðslu um boðun verkþanns á allan fiskiskipaflotann frá og með 9. febrúar 1998. Að mati Helga Laxdal, formanns Vélstjórafélags Íslands bitnað verkþann aðallega á útgerðarmönnum „Þetta eru mennirnir sem annast viðhald skipanna og hægt væri að nýta kæmi til verkfalls. Verkþann á þá kemur því harðast niður á útgerðinni sjálfri“ (Verkþann á vélstjóra ..., 1998). Áhrif verkþanns yrðu margvísleg, meðal annars „að ef undir- og yfirmenn ákveða að fresta boðuðu verkfalli sinna félagsmanna, þá geta þeir það ekki án samþykkis útvegsmanna“ (LÍÚ vill verkþann ..., 1998). Kristján Ragnarsson tjáði sig um stöðu deilunnar þann 14. janúar í Dagblaðinu Vísi og sagði þá meðal annars að torskilið væri hvers vegna vélstjórar hefðu aftur frestað boðuðu verkfalli í samræmi við verkfall skipstjórnamanna og undirmanna. Frestunin var samþykkt af LÍÚ en „... vélstjórar höfðu ekki lagaheimild til frestunar án samþykkis útgerðarmanna ...“ (Vélstjórar frestuðu verkfalli ..., 1998).

Þann 15. janúar árið 1998 fór fram málf lutningur í máli sem Sjómannasambandið höfðaði gegn Vinnuveitendasambandinu vegna verkþanns sem Vinnuveitendasambandið hafði boðað á sjómenn en hafði nú verið aflýst. Sem fyrr sagði var ástæða verkþannsins verkfallsboðun Vélstjórafélagsins. Þrátt fyrir að verkþanninu hefði verið aflýst vildu deiluaðilar fá úrskurð félagsdóms, þar sem Vinnuveitendasambandið hugðist boða aftur til verkþanns þann 9. febrúar sama ár, á alla þá sjómenn sem ekki höfðu samþykkt verkfallsboðunina. Um áhugaverðan ágreining

var að ræða sem sneri að því hvort Vinnuveitendasambandinu hefði verið heimilt að boða til verkannsins.

„... framkvæmdastjórn VSÍ ákvað að leggja tillögu um verkann undir félagsmenn sína, en að álit Sjómannasambandsins ber aðildarfélögum Landssambands íslenskra útvegsmanna að leggja slíka tillögu fram. Jóhann Halldórsson benti á að samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur mættu aðeins félög atvinnurekenda boða verkönn ...“ (Úrskurður félagsdóms um verkann ..., 1998). „... 93,7% félagsmanna í Landssambandi íslenskra útvegsmanna samþykktu tillögu um verkann frá og með 9. febrúar hefðu samningar ekki tekist. Verkbannið nær til sjómanna sem felldu tillögu um verkfall 2. febrúar og vélstjóra á minni skipum, sem ekki hafa boðað verkfall ...“ (93,7% félagsmanna í ..., 1998).

Þann 22. janúar árið 1998 tók Félagsdómur ákvörðun um að vísa máli því sem Sjómannasambandið hafði höfðað gegn Vinnuveitendasambandinu frá þar sem að búið væri að aflýsa verkanninu. Var það álit dómsins að í kröfu Sjómannasambandsins fælist krafa um álit félagsdóms á lögfræðilegu álitamáli án þess að úrlausn deilumálsins hefði þýðingu í málinu. Var frávísunin vonbrigði fyrir báða aðilla sem sóttust eftir niðurstöðu í málinu. Gat Sjómannasambandið nú annað hvort áfrýjað málinu til Hæstaréttar eða höfðað nýtt mál vegna verkannsins sem boðað hafði verið til frá og með 9. febrúar. Ef ákveðið yrði að áfrýja málinu til Hæstaréttar þýddi það þó ekki að efnislegur úrskurður fengist þar sem Hæstiréttur gat bara staðfest úrskurð félagsdóms eða gert honum að taka efnislega á málinu (Félagsdómur vísaði verkannsmálinu frá, 1998). Varð úr að sjómannasambandið höfðaði annað mál fyrir félagsdóm vegna seinna verkannsins sem boðað hafði verið til með sama hætti og verkannsins sem félagsdómsmálið fjallaði um (Nýtt mál fyrir félagsdóm, 1998). Þann 7. febrúar árið 1998 kvað Félagsdómur svo upp úrskuð sinn þess efnis að verkannsboðun Vinnuveitendasambandsins hefði verið ólögumæt þar sem hún samræmdest ekki ákvæðum 14. og 15. greina laga um stéttarfélög og vinnudeilur. „ Þá kemst dómurinn að þeirri niðurstöðu í málinu, að ákvæði félagslaga VSÍ geti ekki samþýðst þessum lagaákvæðum vinnulöggjafarinnar.“ Í niðurstöðum Félagsdóms var vísað í þær breytingar sem gerðar höfðu verið á lögnum um stéttarfélög og vinnudeilur árið 1996. Ljóst var að tilgangur breytinganna var að gæta jafnræðis á milli aðila og að bregðast við gagnrýni á það hversu fámennur hópur

afgreiddi samninga og tók ákvarðanir um verkbönn. Því þurfti nú að bera stærri breytingar undir atkvæði félagsmanna. Vinnuveitendasambandið brást illa við úrskurðinum: „Þórarinn V. Þórarinsson gagnrýnir niðurstöðu Félagsdóms harðlega og segir nauðsynlegt að gerð verði breyting á vinnulöggjöfinni í kjölfar þessarar niðurstöðu. Þá segist hann ætla að leggja til við framkvæmdastjórn VSÍ að samtökin beiti sér fyrir því að Félagsdómur verði lagður niður í núverandi mynd.“ Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambandsins var hins vegar afar ánægður með niðurstöðuna. „... stærsti sigur okkar í málinu er að fá það viðurkennt að lög Vinnuveitendasambandsins standast ekki lög um stéttarfélög og vinnudeilur. Ví hefur alla tíð verið miðstýrð stofnun sem hefur vaðið yfir verkalýðshreyfinguna. Það er íhugunarefni að það skuli koma allt í einu í ljós nú að lög VSÍ standast ekki landslög. Þetta sýnir vel hvers konar risa við höfum verið að berjast við ...“ Forseti Alþýðusambandsins, Grétar Þorsteinsson taldi dóminn athyglisverðan og að hann staðfesti afstöðu sambandsins. „... Þarna er verið að staðfesta það viðhorf hjá okkur að sú aðferð sem Vinnuveitendasambandið hafði við þessa atkvæðagreiðslu væri ekki í samræmi við löggjöfina...“ (Úrskurður Félagsdóms ..., 1998).

Strax í kjölfar þess að dómur Félagadóms féll reis upp ágreiningur um launamál. „ÁGREININGUR er kominn í ljós á milli forsvarsmanna vinnuveitenda og sjómanna um hvort þeir skipverjar á fiskiskipaflotanum, sem ekki eru í verkfalli, muni halda launatryggingu sinni eða verða felldir út af launaskrá vegna verkefnaskorts í kjölfar dóms Félagsdóms í gær, þar sem verkþann LÍÚ á sjómenn er dæmt ólöglegt. LÍÚ boðaði verkþannið með samþykki framkvæmdastjórnar VSÍ og átti það að koma til framkvæmdar 9. febrúar ...“ Að mati Þórarins V. Þórarinssonar, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins hafði dómur Félagsdóms takmörkuð áhrif á yfirstandandi kjaradeilu. „...Þórarinn segir að þó boðað verkþann hafi verið fellt úr gildi muni sömu reglur gilda varðandi launagreiðslur þeirra starfsmanna sem verkþannið átti að ná til en eru ekki í verkfalli og gilda um landverkafólk. Þeir geta dottið af launaskrá vegna verkefnaskorts af völdum verkþannsins...“. Þessu voru vélstjórar algjörlega ósammála en þeir vonuðust eftir að niðurstaða Gerðardóms yrði til að hvetja útgerðarmenn til að ganga til samninga (Félagsdómur dæmir boðað ..., 1998). Útgerðin þurfti að mati lögfræðings LÍÚ að greiða þeim launþegum sem ekki voru í verkfalli laun en um



umtalsverðar fjárhæðir var að ræða eða um 20-30 milljónir króna vikulega á meðan á verkfallinu stóð (Útgerðin borgar ..., 1998).

Í kjölfar úrskurðar Félagsdóms árið 1998 hófst mikil umræða um hvort ástæða væri til að leggja Félagsdóm niður en sitt sýndist hverjum í því sambandi (Félagsdómur var stofnaður ..., 1998). Deilan var enn óleyst og ekkert þokaðist í samkomulagsátt. Þann 9. febrúar ákvað ríkisstjórnin að leggja fram frumvarp um að banna sjómannaverkfallið. Þann 10. febrúar náði stjórnarandstaðan hins vegar að stöðva flýtimeðferð á frumvarpinu. Samkvæmt frumvarpinu skyldi þriggja manna nefnd vera skipuð af sjávarútvegsráðherra til að kanna verðmyndun á fiski. Mikill hiti var í mönnum vegna frumvarpsins og Davíð Oddson var afskaplega ósáttur við framgöngu stjórnarandstöðunnar. „... þetta á sér ekki fordæmi í sögunni. Það hefur aldrei áður gerst að frumvarp ríkisstjórnar hafi ekki náðst á dagskrá í þinginu. Ég átta mig ekki á hvað liggur að baki því að stjórnarandstaðan vill fresta því að verkfallið leysist og menn geti sótt fisk í sjó. Menn eru að gera sér að leik að því að tefja málið. Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur stjórnarandstöðinni...“ (Stjórnarandstaðan hafnaði flýtimeðferð ..., 1998). Sjómenn frestuðu svo verkfalli sínu áður en frumvarp ríkisstjórnarinnar um stöðvun verkfalls þeirra kom til umræðu á Alþingi (Má stöðva verkfall ..., 1998).

Stjórn Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði setti verkband hinn 9. júlí árið 2000 sem viðbrögð við yfirvinnubanni Verkalýðs- og sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar (Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði ..., 2000). Hafði verið útskipunar- og yfirvinnubann í gildi frá 30. júní (Handalögmál í verkbandsdeilu, 2000). Loðnuvinnslan hafði því verið lokuð og ekki getað tekið á móti hráefni í rúmlega tvær vikur. Ástæða þess að yfirvinnubannið var sett á voru breytingar á vaktafyrirkomulaginu en fækka átti mönnum sem gengu vaktir um einn mann án þess að breytingar yrðu að öðru leyti á tækjabúnaði eða öðrum framleiðsluþáttum. Var deilunni vísað til ríkissáttasemjara. Að sögn Gísla Jónatanssonar, framkvæmdastjóra Loðnuvinnslunnar er það ófrávíkjanlegur réttur atvinnurekenda að ákvarða um fjölda starfsmanna. „... þetta er ekki umsemjanlegt ...“ (Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði ..., 2000). Í ágústmánuði árið 2000 dró svo til tíðinda í Loðnuvinnslunni þegar kalla þurfti til lögreglu. Slóst í brýnu á „... milli félagsmanna Verkalýðs- og sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar og verkstjóra hjá Loðnuvinnslunni hf. við útskipun á 800 tonnum af mjöli...“. Var félagsmönnum verkalýðsfélagsins vísað frá uppskipunarsvæðinu

af lögreglunni svo unnt væri að ljúka verkinu (Handalögmál í verkbannsdeilu, 2000). Deilan leystist svo með samningum um miðjan september sama ár (Bogi Pálsson ..., 2000).

Í febrúar 2001 lögðu útvegsmenn drög að verkbanni á þá sjómenn sem ekki höfðu samþykkt fyrirhugað verkfall sem hefjast átti þann 15. mars. Að sögn Friðriks J. Arngrímssonar, framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra útvegsmanna, var um nauðsynlega sparnaðarráðstöfun að ræða. „Ef einn hópur sjómanna samþykkir verkfall en annar ekki kemur upp sú staða að við sitjum uppi með hluta áhafnarinnar á launum án þess að geta róíð. Verkfall kallar því á þann möguleika að boðað sé verkban...“ (Útvegsmenn undirbúa verkban á sjómenn, 2001). Þann 17. mars var deilan í hörðum hnút og gekk hvorki né rak á fundum deiluaðilla (Sjómannadeilan er í ..., 2001). Útgerðarmenn héldu fast við áform sín um að boða til verkbanns. Þegar kosið var um verkbannsboðunina hjá Útvegsmannafélagi Austfjarða þann 15. febrúar tóku félagsmenn með 72,41% atkvæða þátt og voru þeir allir samþykkir verkbannsboðuninni (Útvegsmenn: 100 prósent ..., 2001).

Útlitið var ekki bjart í sjávarútvegi að mati Hólmgeirs Jónssonar, framkvæmdastjóra Sjómannasambandsins. Benti allt til þess að verkfall hæfist um svipað leyti og hápunktur verktíðarinnar væri þar sem að sjómenn höfðu verið samningslausir í rúmlega ár. Myndi verkban útgerðarmanna ná til allra sjómanna nema þeirra á Snæfellsnesi og hafa mikil áhrif. Erfitt yrði fyrir sjómenn að standa í langvinnri kjaradeilu þar sem sum félögin voru ekki með verkfallssjóði og þar sem þeir voru til staðar voru þeir fremur rýrir (Búast við að ..., 2001).

Síðla kvölds mánudaginn 19. mars árið 2001 varð frumvarp ríkisstjórnarinnar um frestun á verkfalli sjómanna til 1. apríl að lögum. Að sögn ríkisstjórnarinnar var þetta neyðarráð til að bjarga verðmætum og til þess að deiluaðilar hefðu lengri tíma til að leysa úr deilum sínum. Inngripið í deiluna mætti harkalegri gagnrýni frá stjórnarandstæðingum þar sem verkfallið hafði aðeins staðið í þrjá daga. Var það mat þeirra að inngripið væri einungis til þess fallið að gera lausn deilunnar erfiðari. Að mati Árna M. Mathiesens sjávarútvegsráðherra, hlytist af verkfallinu óbætanlegur fjárhagslegur skaði auk áhrifanna á atvinnulífið. Staðan væri sérlega viðkvæm þar sem

130 þúsund tonn væru enn eftir af loðnukvóta landsmanna sem metin væri á um 1,5 milljarð króna í útflutningsverðmætum (Alþingi samþykkir lög ..., 2001).

Í apríl voru vinnustöðvanir hafnar á ný, þar sem samningar höfðu ekki tekist. Að sögn Kristins Arnars Pálssonar, formanns verkfallsnefndar sjómannasamtakanna, var nokkuð um að skip héldu engu að síður til veiða. „...Það eru brögð að því að verið sé að setja í land sjómenn og ráða aðra í staðinn, gjarnan fjölskyldumeðlimi eða eigendur. Það er ólöglegt því þar er verið að ganga í störf sjómannanna. Einnig eru dæmi um að útgerðarmenn reyni að skrá málamyndaeignarhlut á skipverja og telji sig þannig vera í rétti til að halda skipinu til veiða. Kaldhæðnin er síðan sú að LÍÚ hefur sett verkban á umbjóðendur sína og þegar útgerðarmenn róa eru þeir um leið að brjóta á eigin félagi...“ (Sjómenn segja marga ..., 2001). Þann 26. apríl sendu Samtök atvinnulífsins frá sér tilkynningu þar sem óskað var eftir að aðildarfyrirtæki réðu ekki verkfallsmenn í vinnu. Minnt var á að samkvæmt 47. grein samþykta samtakanna væri félagsmönnum óheimilt að ráða launþega sem væru í verkfalli eða verkbandi. Einnig var óskað eftir því að ef einhverjir hefðu þegar verið ráðnir yrðu þeir látnir hætta störfum (Ekki ráða sjómenn, 2001).

Um miðjan maí árið 2001 birtist í Dagblaðinu Vísi frétt þess efnis að hásetar á Núpi BA frá Patreksfirði fengju ekki greidda kauptryggingu þrátt fyrir að vera ekki í verkfalli. „...staðan er orðin hroðaleg hjá mörgum okkar. Við fáum ekki krónu en yfirmenn fá greitt úr verkfallssjóði. Svo er okkur bara sagt að þetta verði að hafa sinn gang og við skulum vera rólegir á meðan. Þá höfum við fengið boð um það frá útgerðinni að við megum búast við að vera boðaðir á sjó í kvöld...“ Pétur Sigurðsson, forseti Alþýðusambands Vestfjarða, skýrði málið þannig að sjómenn sem tilheyra verkalýðs- og sjómannafélögum á sunnanverðum Vestfjörðum hefðu aldrei boðað til verkfalls. Alþýðusamband Vestfjarða krafðist þess að fram færi „... endurnýjun á samningi sem gerður hefur verið í samfloti allra sjómanna á Vestfjörðum sl. 40 ár. Sjómannafélag Ísfirðinga og félagið í Bolungarvík hafi reyndar klofið sig út úr þessu samfloti núna ... þegar ljóst var að sjómenn innan ASV væru ekki í verkfalli hafi Útvegsmannafélag Vestfjarða gripið til þess ráðs að boða einhliða verkfall á þessa sjómenn, sem kallað var verkband samkvæmt gömlu löggjöfinni.“ Þessu mótmælti Alþýðusamband Vestfjarða. „Til þess að geta boðað verkfall (verkband) þá þurfa að hafa farið fram

samningaviðræður og árangurslausir samningafundir hjá sáttasemjara. Þetta er það sem breyttist þegar vinnulöggjöfinni var breytt." Höfðu árangurslausar samningaumleitarnir aldrei átt sér stað að sögn Péturs Sigurðssonar formanns félagsins. Hafði hann hug á að ná fundi ríkissáttasemjara til að mótmæla verkbaninu (Hásetar ekki í ..., 2001). „... við höfum ekki viðurkennt það, höfum mótmælt því og ætlum að fara í mál við þá vegna þess ef þeir ekki láta segjast. Þeir hafa tvisvar boðað verkban á okkur án þess að uppfylla þau skilyrði sem vinnulöggjöfin setur...“ (Forystumenn Sjómannasambandsins og ..., 2001). Pétri var afar misboðið vegna málsins:

„Samkvæmt lögum er ekki lengur talað um verkban heldur verkfall. Til þess að vinnuveitendur geti boðað verkfall verður að fara eftir nákvæmlega sama ferli og gildir um verkfallsboðanir verkalýðsfélaga. Áður gátu vinnuveitendur samþykkt verkban á hverja sem var sem jafnvel voru ekki tengdir deilum. Við teljum að útgerðarmenn hafi ekki farið að lögum og þetta mál fer fyrir félagsdóm því við verðum að fá úr þessu skorið. Deilan stendur um það hvort við höfum haldið með þeim árangurslausan samningafund með ríkissáttasemjara, eins og útgerðarmenn halda fram. Við teljum slíkan fund ekki hafa farið fram. Fundur sem útgerðarmenn vitna í fór fram að minni ósk um verkbaninu sem þeir höfðu boðað á okkur. Á þessum fundi viðurkenndu þeir að hafa ekki uppfyllt skilyrði fyrir verkbaninu og drógu það til baka. Um leið afhentu þeir mér annað bréf þar sem sagði að farið hefði fram sáttafundur og það átti þá að vera þessi sami fundur sem ég hafði óskað eftir og var einn á.“ (Pétur Sigurðsson formaður ..., 2001).

Vonaðist Árni M. Mathiesen, sjávarútvegsráðherra, til þess að samkomulag næðist á milli allra deiluaðila án þess að beita þyrfti lögum á deiluna (Forystumenn Sjómannasambandsins og ..., 2001). Þann 15. maí árið 2001 birtist frétt í Dagblaðinu Vísi af frumvarpi til laga um stöðvun verkfalls sjómanna. „Miklar sviptingar urðu á Alþingi í gær vegna frumvarps til laga um að stöðva verkfall sjómanna. Undir morgun samþykkti sjávarútvegsnefnd að fella út úr frumvarpsdrögunum ákvæði sem kveður á um að gerðardómur skuli taka mið af nýgerðum kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands. Samkvæmt frumvarpinu skal gerðardómur skipaður af Hæstarétti skera úr um fjölmörg deilumál sjómanna og útgerðarmanna ef ekki næst samkomulag milli deiluaðila...“ Deilan var þó enn í hörðum hnút: „Samninganefnd Sjómannasambandsins kom saman klukkan tíu þar sem fastlega var búist við að verkfalli yrði aflýst. Sú aðgerð mun þó engu breyta þar sem verkban LÍÚ er enn í gildi sem og verkfall yfirmanna...“ (Sviptingar á Alþingi ..., 2001). Alþingi samþykkti þann 16. maí frumvarp til laga meðal annars um kjaramál fiskimanna. Þar með var verkfall sjómannafélaga og verkban útvegsmanna

stöðvað. Menntu voru ekki á eitt sáttir um þess aðgerð en að sögn Árna M. Mathisens sjávarútvegsráðherra var um nauðsynlega að aðgerð að ræða. „... Það vita allir að sjómannaverkfall á Íslandi getur ekki staðið óendanlega. Þegar sjómannaverkfall hefur staðið tvöfalt lengur en það hefur lengst staðið síðustu tuttugu ár er nauðsyn á því að Alþingi gripi inn í til þess að verja þjóðarheill...“ (Sjávarútvegsráðherra segir verið ..., 2001).

Sem fyrr sagði féll lagasetning stjórnvalda á deiluna víða í grýttan jarðveg. Halldór Björnsson, varaforseti Alþýðusambands Íslands greindi frá ástæðum ákvörðunar sambandsins um að höfða mál á hendur íslenska ríkinu auk þess sem jafnvel stóð til að skjóta málinu til alþjóðastofnana. „... ég held að málið sé þannig að það standist hvorki lög né alþjóðasamþykktir. Ég óttast fordæmin. Ef þetta gengur eftir getur ríkisvald á hverjum tíma gripið til svona aðgerða. Sjómannasambandið hefur aflýst verkfalli og Vestfirðingar hafa ekki verið í verkfalli. Það eru allir gerðir að einu og allir færðir undir það sama hvort sem þeir eru aðilar að deilunni eða ekki...“ Sagði Halldór einnig að verkabanni hefði verið beitt með nýjum hætti í deilunni (ASÍ höfðar mál vegna sjómannalaga ..., 2001).

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Alþýðusambands Íslands gegn ríkinu og Samtökum atvinnulífsins vegna lagasetningar á verkfall sjómanna féll í mars árið 2002. Taldi dómurinn að lagasetningin hefði verið lögmæt svo lengi sem lögin og gerðardómurinn hefðu ekki náð til þriggja stéttarfélaganna á Snæfellsnesi sem ekki voru í verkfalli. Að sögn Hólmgeirs Jónssonar, framkvæmdastjóra Sjómannasambands Íslands, voru félögin þrjú því með lausa samninga. Þar til ljóst væri hvernig atvinnurekendur hyggðust bregðast við dómnum væri erfitt að spá fyrir um framhaldið. Var hann jafnframt hissa á því að verkabann Landssambands íslenskra útvegsmanna á aðildarfélög Alþýðusambands Vestfjarða sem ekki voru í verkfalli hefði ekki verið dæmt ólögmætt. Ljóst var að Alþýðusambandið myndi áfrýja niðurstöðu dómsins um lagasetninguna til Hæstaréttar (Sjómannasambandið: Þrjú félög ..., 2002).

Síðla hausts árið 2004 stefndi aftur í vinnustöðvanir í sjávarútvegi. Stóð til að kalla saman samninganefnd Sjómannasambands Íslands við fyrsta tækifæri til að fá heimild til að undirbúa atkvæðagreiðslu um verkfall. Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna gerði grein fyrir því að ef verkfallsboðun yrði

samþykkt ætluðu útvegsmenn að afla sér heimildar til verkbannsboðunar (Sjómenn undirbúa verkfallsaðgerðir, 2004).

Höfundur greindi engin verkbönn á árunum 2005 til og með 2010. Árið 2011 hafði Drifandi stéttafélag og AFL á Austurlandi boðað til verkfalls bræðslumanna sem aflýst var á síðustu stundu. Að sögn Arnars Hjaltalíns mátti rekja ástæður aflýsingarinnar til hótana atvinnurekenda um beitingu verkbanns. Enn fremur spilaði inn í ákvarðanatökuna að þrátt fyrir að bræðslumenn hefðu aðgang að sterkum verkfallssjóðum gildi það ekki um alla félagsmenn stéttarfélaganna sem yrðu fyrir áhrifum af vinnustöðvuninum (Bræðsluverkfall var afboðað ..., 2011).

Í júní árið 2012 lá allur skipafloti Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) við bryggjur víðsvegar um landið. Tilgangur aðgerðanna var að mótmæla nýju frumvarpi til laga um veiðigjöld og fiskiveiðistjórnun. Dró sjávarútvegsráðherra Steingrímur J. Sigfússon rættmæti aðgerðanna í efa. Bæði Alþýðusambandið og forsætisráðherra töldu að aðgerðirnar uppfylltu ekki skilyrði laga um vinnustöðvanir. Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ taldi hins vegar að aðgerðirnar brytu ekki í bága við lög þar sem ekki væri um verkbanntil að ræða: „... ASÍ vísar í lagagrein sem fjallar um vinnustöðvun, sem væri verkbanntil í okkar tilfalli. En þetta er ekki verkbanntil eða vinnustöðvun í skilningi laganna. Ef við förum í verkbanntil, sem ég vona að komi aldrei til, þá mun það snúa að sjómönnum og starfsfólki, en það er einmitt það sem við erum að reyna að koma í veg fyrir...“ (Enginn sátatónn og skip enn við bryggju, 2012). Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra var harðorð um aðgerðir Landssambands íslenskra útvegsmanna. „... þær aðgerðir sem Landssamband íslenskra útvegsmanna er að fara í núna, sem að mínu viti eru ólöglegar, eru ekkert annað en ósvífnar aðgerðir og eiga auðvitað ekki að líðast...“ Taldi hún einnig að aðgerðirnar væru ólöglegar og þær bæri að túlka sem „... árás á Alþingi...“ (Jóhanna Sigurðardóttir harðorð ..., 2012).

5. nóvember 2012 samþykkti stjórn Samtaka atvinnulífsins „... að heimila Landssambandi íslenskra útvegsmanna að sækja heimild til verkbanntil aðildarfélaganna...“ Þar með hafði Landssambandið öðlast heimild til að ákvarða um verkbanntil á þá sjómenn sem störfuðu hjá þeim fyrirtækjum sem væru meðlimir í Samtökum atvinnulífsins. Skyldi boðað til atkvæðagreiðslu um verkbanntil ef samningar næðust ekki „... um skiptingu aflaverðmætis milli útvegsmanna og sjómanna...“

(Kjaradeila harðnar ..., 2012). Sjómenn voru í lok árs 2012 orðnir langþreyttir á að vera kjarasamningslausir í tvö ár. Hvatti Sjómannadeild Framsýnar Landssambands íslenskra útvegsmanna til að ganga að samningaborðinu. „... þá mótmæltu fundarmenn hótunum LÍÚ um verkþann á sjómenn til að knýja þá til að taka þátt í að greiða aukna skatta á greinina...“ (Sjómenn samningslausir ..., 2012).

Hér á eftir fer umræðukafli þar sem greint verður frá helstu niðurstöðum greiningarinnar.

## 10 Umræða

Markmiðið með rannsókninni var að leita svara við rannsóknarspurningunum: Hvað er verkban? Hvenær hefur verkban verið beitt og við hvaða aðstæðu? Hvenær hafa verið uppi hótanir um að beita verkban og við hvaða aðstæður? Sem fyrr sagði var það mat höfundar að ítrekað væri ranglega vísað til aðgerða sem verkban í fréttaflutningi. Reyndist oft erfitt að gera sér grein fyrir um hvaða úrræði væri í reynd að ræða og að mati höfundar var verkban til að mynda ruglað saman við innflutningsban, lögbann, og verkfall svo nokkur dæmi séu tekin. Áberandi var að eftir því sem leið á rannsóknartímabilið fækkaði verulega þeim tilfellum þar sem um ranga notkun verkban var að ræða. Má því draga þá ályktun að merking hugtaksins hafi fremur verið á reiki á fyrstu árunum og áratugunum eftir að verkban var leitt í lög árið 1938.

Umræðunni hér á eftir er skipt í tvennt. Annars vegar er fjallað um þau verkbönn sem greind voru á rannsóknartímabilinu og hins vegar eru þau tilfelli þar sem atvinnurekendur höfðu uppi hótanir um beitingu verkban á sama tímabili til umfjöllunar.

### 10.1 Verkbönn á árunum 1938 til 2015

Hér á eftir fer samantekt höfundar á öllum greindum verkbönum á árunum 1938 til 2015. Enn fremur eru tekin saman í töflu 1 þau tilfelli á rannsóknartímabilinu þar sem einstakir vinnuveitendur, Vinnuveitendasamband Íslands/ Samtök atvinnulífsins eða Landssamband íslenskra útvegsmanna samþykktu heimild til verkban aðgerða eða settu verkban.



Tafla 1 Samantekt verkanna á árunum 1938 til 2015

Ár	Verkbann
1941	Breska hernámsliðið beitir verkanni gegn múrurum og öðrum verkamönnum.
1952	Vinnuveitendasamband Íslands boðar til verkanns á meðlimi bifreiðastjóradeildar Verkalýðs- og sjómannafélagsins í Sandgerði sem voru í verkfalli.
1956	Landssamband íslenskra útvegsmanna beitir verkanni á fjórða hundrað báta.
1957	Félag dráttarbrautareigenda beitir verkanni og tekur enga báta í slipp.
1961	Útvegsmenn í Vestmannaeyjum beita verkanni vegna óánægju með fiskverð.
1962	Útvegsmenn beita verkanni á togara vegna launadeilna við togarasjómenn. Deilan fer fyrir Gerðardóm.
1964	Vinnuveitendasamband Íslands boðar til allsherjarverkanns.
1965	Vinnuveitendasamband Íslands beitir verkanni gegn Trésmiðafélagi Reykjavíkur.
1968	Frystihús innan Sambands íslenskra samvinnufélaga fara í verkann.
1968	Félag íslenskra iðnrekenda boðar til verkanns á lðju félag verksmiðjufólks.
1968	Vinnuveitendasamband Íslands beitir verkanni gegn Meistarafélagi járnsmiða og hjálparmanna í járníðnaði.
1974	Sambandsstjórn Vinnuveitendasambands Íslands heimilar að verksvipting hjá félagsmönnum sé ákveðin. Var þetta í fyrsta sinn sem kom til greina að beita verkanni á heilar starfsgreinar.
1977	Reykjavíkurborg boðaði verkann á alla meðlimi Stéttarfélags verkfræðinga sem viðbragð við boðuðu verkfalli hluta verkfræðinga sem störfuðu hjá sveitarfélaginu.
1979	Vinnuveitendasamband Íslands samþykkir verkannsheimild á undirmenn á farskipum þeirra skipafélaga sem aðild eiga að sambandinu.
1979	Vinnuveitendasamband Íslands boðar þann 5. júní í fyrsta skipti til almenns samúðarverkanns. Þann 19. júní setur ríkisstjórnin lög á vinnudeiluna.
1979	Vinnuveitendasambands Íslands boðar til verkanns á grafíska sveinafélagið.
1979	Vinnuveitendasamband Íslands boðar til verkanns á Blaðamannafélag Íslands. Afboðað þegar samningar tókust.
1980	Vinnuveitendasambands Íslands boðar til verkanns og samúðarverkanns á virkjunarsvæðinu við Tungnaár.
1981	Félag Íslenska prentiðnaðarins setti verkann á bókagerðarmenn og blaðamenn.
1981	Félag íslenskra vinnuveitenda boðaði til verkanns gegn félagsmönnum þeirra sjómannafélaga sem boðað höfðu til verkfalls.

1982	Vinnuveitendasamband Íslands samþykkti að boða til verkþanns gegn öllum stéttarfélögum sem boðuðu til verkfalls frá og með 18. júní.
1985	Framkvæmdastjórn Vinnuveitendafélags Íslands samþykkti að boða til verkþanns og samúðarverkþanns gegn Sjómannafélagi Reykjavíkur.
1988	Vinnuveitendasamband Íslands fær verkþannsheimild á þau félög verslunarmanna sem boðað höfðu verkföll.
1988	Vinnuveitendafélag Íslands fær verkþannsheimild á þau 10 verkalýðsfélög sem boðað hafa til verkfalls í Álverksmiðjunni í Straumsvík.
1993	Vinnuveitendafélag Íslands samþykkir að beiðni Herjólfss Hf. verkþann á alla áhöfn skipsins. Lög eru sett á allar vinnustöðvunaraðgerðir í Herjólfss 7 vikum eftir að verkfall hófst.
1997	Vinnuveitendasamband Íslands boðaði til verkþanns á þá starfsmenn Básafells sem ekki voru í verkfalli. Fyrsta skipti sem verkþanni er beitt á Ísafirði.
1998	Landssambands íslenskra útvegsmanna samþykkir verkþann á alla starfsmenn sem störfuðu á skipum sem myndu stöðvast vegna verkfalls vélstjóra.
1998	Landssambands íslenskra útvegsmanna samþykkir verkþann á sjómenn sem felldu tillögu um verkþann og á vélstjóra á minni skipum sem höfðu ekki boðað til verkfalls.
2000	Stjórn Loðnurvinnslunnar á Fáskrúðsfirði setti verkþann vegna yfirvinnubanns og útskipunarþanns Verkalýðs- og sjómannasambands Fáskrúðsfjarðar.
2001	Landssamband íslenskra útvegsmanna lagði drög að verkþanni á þá sjómenn sem ekki höfðu samþykkt verkfall. Lög eru sett á deiluna sem frestar verkþanninu til 1. apríl. 16. maí er lagt fram frumvarp til laga um kjaramál fiskimanna sem stöðvar verkföll sjómannafélaga og verkþann útvegsmanna.
2012	Stjórn Samtaka atvinnulífsins veitir Landssambandi íslenskra útvegsmanna heimild til verkþanns á aðildarfélög.

Það sem helst einkenndi umfjöllun um verkþönn fyrst árin eftir að lögin um Stéttarfélög og vinnudeilur voru lögfest var hversu erfitt gat reynst að leggja mat á hvort um verkþann væri að ræða. Fyrsta greinda verkþannið er verkþann breska setuliðsins árið 1941 sem beindist gegn múrurum og öðrum íslenskum verkamönnum sem störfuðu fyrir setuðlið hér á landi (Ganga lögin jafnt ..., 1941). Það vakti sérstaka athygli höfundar hve litaður fréttáflutningur er af stjórnmalafstöðu viðkomandi miðils. Sem dæmi um þetta má nefna að kæmi til verkfalls eða verkþanna hjá prenturum náðu þau ekki til Alþýðublaðsins (Alþýðublaðið kemur út ..., 1942).

Á árunum 1948 til 1957 greindi höfundur þrjú verkbönn. Þau áttu það öll sameiginlegt að tengjast sjávarútvegi með einum eða öðrum hætti. Árið 1952 boðaði Vinnuveitendasamband Íslands til verkbanns vegna verkfallsaðgerða bifreiðastjóradeildar Verkalýðs- og sjómannafélagsins í Sandgerði (Bílstjórar neituðu að ..., 1952). Árið 1956 er svo fyrsta verkbann Landssambands íslenskra útvegsmanna en það fólst í kyrretningu á fjórða hundrað báta (Yfir 300 bátar stöðvaðir ..., 1956). Félag dráttarbrautareigenda var heldur ekki sátt við sinn hlut og boðaði til verkbanns árið 1957 sem fólst í því að neitað var að taka báta í slipp um allt land (Dráttarbrautareigendur boða verkbann ..., 1957).

Á árunum 1958 til 1967 greindi höfundur fjögur verkbönn. Helmingur þeirra tengdist sjávarútvegi með einum eða öðrum hætti og hinn helmingurinn hafði með deilur á milli Húsasmiða og trésmiða að gera. Deilur í sjávarútvegi voru afar áberandi á árunum 1961 og 1962. Í janúar árið 1961 lýstu útvegsmenn í Vestmannaeyjum yfir verkbanni vegna óánægju með fiskverð það er fiskvinnslustöðvarnar greiddu. Samtímis voru sjómenn í verkfalli við útvegsmenn og landverkamenn á leið í verkfall 24. janúar (Verkfallavitleysan í eyjum, 1961). Snemma sumars árið 1962 lá nær allur flotinn til að mynda við bryggju vegna verkfalla eða verkbanna. Beittu útgerðamenn verkbanni á togara vegna launadeilna við togarasjómenn. Endaði deila útgerðarmanna og togarasjómanna fyrir Gerðardómi en sú ákvörðun mætti mikilli gagnrýni (Gerðardómurinn 1962).

Árið 1964 beitti Vinnuveitendasamband Íslands alsherjarverkbanni til að knýja á um að samningar tækjust á milli Meistarafélags Húsasmiða og Trésmiðafélagsins. Skyldi verkbannið standa þar til að samningar næðust (Vinnuveitendur setja verkbann ..., 1964). Var þetta í fyrsta skipti sem atvinnurekendur beittu verkbanni með þessum hætti. Vinnuveitendasamband Íslands lýsti yfir verkbanni á Trésmiðafélag Reykjavíkur frá og með 7. október árið 1965 (Verkbann á meðlimi ..., 1965). Var tilgangur verkbannsins að koma í veg fyrir mismunun milli trésmiðameistara í Reykjavík (VSÍ samþykkir heimild ..., 1974). Áhrif slíks verkbanns voru víðtæk og komu meðal annars í veg fyrir vinnu við húsbyggingar víða í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Kópavogi og Garðahreppi (Verkbann á trésmiði, 1965).

Á árunum 1968 til 1977 greindi höfundur fjögur verkbönn og voru þrjú þeirra á árinu 1968. Í janúar árið 1968 lokuðu frystihúsaeigendur frystihúsum sínum þar sem að

reksturinn stóð ekki undir sér. Hafði Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna haft veg og vanda að því að frystihús innan samtakanna sem og hraðfrystihús á vegum Sambands íslenskra samvinnufélaga tækju ekki á móti fiski í frystingu (SH setur umbúðabann ..., 1968). IÐJA félag verksmiðjufólks í Reykjavík boðaði til verkfallsaðgerða hjá Kassagerð Reykjavíkur hf., Ísögu og Umbúðamiðstöðinni árið 1968. Brást Félag íslenskra iðnrekenda við verkfallsboðuninni með því að efna til atkvæðagreiðslu um boðun verkbanns á IÐJU. Samþykkt var á almennum félagsfundi Félags íslenskra iðnrekenda að fela stjórn félagsins að ákvarða um heimild til stjórnar félagsins til að lýsa yfir verkbanni á Iðju. Skyldi stjórnin ákvarða um upphafsdagsetningu verkbannsins (Sérstakar viðræður iðnrekenda ..., 1968). Óskuðu iðnrekendur eftir því að IÐJA myndi fresta verkfallsaðgerðum sínum frekar gegn sams konar frestun fyrirhugaðra verkbannaaðgerða iðnrekenda. IÐJA var hins vegar ekki tilbúin til að gangast við neinu slíku samkomulagi. Þar af leiðandi boðuðu iðnrekendur til verkbanns frá 21. apríl. (Verkbann iðnrekenda fellur ..., 1968). 17. apríl fjallar Morgunblaðið enn og aftur um aðgerðir Iðju og fyrirhugað verkbann á járníðnaðarmenn. Þar segir frá því að nauðsynlegt sé að grípa til verkbanns á járníðnaðarmenn og hjálparmenn í járníðnaði til að vernda hagsmuni félagsmanna Vinnuveitendasambandsins. Verkfall Iðju hafði meðal annars í för með sér stöðvun á gasframleiðslu hjá Ísaga hf. sem á nokkrum dögum stöðvaði starfsemi vélsmiðjanna. Þar af leiðandi var samþykkt að setja verkbann á járníðnaðarmenn frá og með 24. apríl að ósk Meistarafélags járníðnaðarmanna (Verkbann boðað á ..., 1968).

Árið 1974 var afar sérstakt ástand á vinnumarkaðnum. Hafði Vinnuveitendasambandinu borist verkfallsboðanir frá fimmtíu og fimm verkalyðsfélögum um allt land. Hafði aldrei áður komið til greina að beita verkbanni á heilar starfsgreinar en var nú boðað til félagsfundar um verksviptingaraðgerðir. Vinnuveitendasambandið bar því við að um varnaraðgerðir væri að ræða og slæm staða fyrirtækja kæmi í veg fyrir að þau gætu staðið undir auknum launakröfum (Beita vinnuveitendur verkbanni ..., 1974).

Árið 1977 kom upp verkbann sem vakti sérstaka athygli höfundar. Stéttarfélag verkfræðinga boðaði til verkfalls þann 12. ágúst hjá fjórum verkfræðingum sem störfuðu í framkvæmdadeild Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Í kjölfarið boðuðu borgaryfrvöld til

verkbanns á alla verkfræðinga sem störfuðu hjá sveitarfélaginu (Borgarráð setti verkbannt ..., 1974). Eru þetta einu heimildirnar sem höfundur fann við vinnslu þessarar rannsóknar um að sveitarfélag hefði beitt verkbannt á starfsmenn sína.

Á árunum 1978 til 1987 greindi höfundur níu verkbönn og sker tímabilið sig úr í greiningunnt þar sem að langflestant tilfelli verkbannts greindust á því.

Árið 1979 samþykkti Vinnuveitendasamband Íslands verkbanntsheimild á undirmenn á farskipum þeirra skipafélaga sem aðild áttu að sambandinu. Var um að ræða viðbrögð vegna verkfallsaðgerða sjómanna (Vinnuveitendasambandið: Ákveður í dag ..., 1979). Þann 5. júní sama ár hafði verkfall yfirmanna á farskipum staðið í sex vikur og Vinnuveitendasamband Íslands boðaði til almenns samúðarverkbanns í fyrsta sinn (VSÍ boðar almennt samúðarverkbann ..., 1979). Þann 19. júní þegar tveir mánuðir voru liðnir frá því að deilur hófust setti Ríkisstjórnin bráðabirgðalög sem bundu enda á verkföll á farskipum og á verkbanntsaðgerðir Vinnuveitendasambandsins. Öðluðust lögin strax gildi og skyldu gilda til áramóta. Enn fremur náði bannið til allra samúðaraðgerða (Bráðabirgðalög vinstri stjórnarinnar ..., 1979).

Vinnuveitendasamband Íslands varð við beiðni Félags íslenska prentiðnaðarins um að boða til verkbannts á Grafíska sveinafélagið þann 1. september og skyldi verkbanntið taka gildi þann 9. september árið 1979 (VSÍ boðar verkbannt á grafíska, 1979). Í september árið 1979 boðaði Vinnuveitendasamband Íslands til verkbannts gegn félögum í Blaðamannafélagi Íslands sem mótmælti þeirri aðgerð harðlega. Hafði verið boðað til verkbanntsins án þess að samningaviðræður færu fram þrátt fyrir að Blaðamannafélagið hefði óskað eftir viðræðum. Verkbannið var hins vegar afboðað í kjölfar þess að samningar náðust á milli Grafíska sveinafélagsins og Félags íslenska prentiðnaðarins (Blaðamenn fordæma verkbanntsboðun, 1979).

Í nóvember árið 1980 boðaði Vinnuveitendasamband Íslands til verkbannts og samúðarverkbanns á virkjunarsvæðinu við Tungnaár. Forsaga þess var að Verkalýðsfélagið Rangæingur boðaði til verkfalls við virkjunarstaðina við Sigöldu og Hrauneyjarfoss frá og með 18. nóvember. (Verkfall og verkbannt ..., 1980).

Félag íslenska prentiðnaðarins samþykkti verkbannt á bókagerðarmenn og blaðamenn haustið 1981 (FÍP: verkbannt samþykkt, 1981). Blaðamannafélag Íslands brást við boðuðu verkbannti með því að boða til verkfalls frá 20. nóvember. Skyldi verkfallið ná til

Morgunblaðsins, Dagblaðsins og Vísis (Undirnefndir í deilu ASÍ ..., 1981). Samningar náðust í deilunni 24. nóvember og var verkbaninu þar með aflýst en beðið niðurstöðu atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna (Samningurinn víða samþykktur ..., 1981).

21. desember árið 1981 boðaði Félag íslenskra vinnuveitenda til verkanns á félagsmenn þeirra sjómannafélaga sem boðað höfðu til verkanns. Jafnframt var ákveðið á sambandsfundi Vinnuveitendasambandsins að kæmi til frekari verkfallsaðgerða annarra sjómannafélaga yrði einnig beitt verkanni á þær aðgerðir (Í framhaldi af verkfallsboðun ..., 1981). Skyldi verkannið hefjast þann 30. desember og ná til Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Suðurnesja og vélstjóra í Grindavík (Vélstjórar neita fleiri undanþágum, 1982). Samþykkti sambandsstjórn Vinnuveitendasambands Íslands þann 3. júní árið 1982 að boða til verkanns frá og með 18. júní gegn öllum stéttarfélögum sem boðað höfðu til verkanns (VSÍ boðar verkann ..., 1982).

Í júní árið 1985 heimilaði sambandsstjórn Vinnuveitendasambands Íslands að heimila framkvæmdastjórninni að boða bæði til verkanns og samúðarverkanns gegn Sjómannafélagi Reykjavíkur sem stóð í verkfalli. Var að sögn Vinnuveitenda um varnaraðgerðir að ræða sökum tíðra verkfalla hjá sjómannasambandinu (Sambandsstjórn VSÍ ..., 1985).

Á árunum 1988 til 1997 greindi höfundur fjögur verkbönn. Árið 1988 höfðu Sjö félög verslunarmanna boðað til verkfalls sem átti að hefjast á miðnætti þann 21. Apríl. Í kjölfarið samþykkti Sambandsstjórn Vinnuveitendasambands Íslands að veita framkvæmdastjórn sambandsins verkannsheimild á þau félög verslunarmanna sem boðað höfðu verkföll (Verkfall verslunarmanna hefst ..., 2001). Um miðjan maí árið 1988 samþykkti Sambandsstjórn Vinnuveitendafélags Íslands að veita framkvæmdastjórninni heimild til verkanns á þau tíu verkalýðsfélög sem boðað höfðu til verkfalls í Álverksmiðjunni í Straumsvík (Sambandsstjórn VSÍ: Samþykkt ..., 1988).

Þann 16. mars árið 1993 samþykkti framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands að beiðni Herjólfss hf. verkann á alla sextán manna áhöfn Herjólfss vegna verkfalls stýrimanna á skipinu (Verkbann samþykkt á alla ..., 1993). Verkfallið hafði staðið í sjö vikur þegar Alþingi samþykkti frumvarp Halldórs Blöndals samgönguráðherra sem bannaði öll verkföll og verkbönn á Herjólf (Alþingi bannar vinnustöðvun ..., 1993).

Árið 1997 var verkbanni í fyrsta skipti beitt á Ísafirði þegar Vinnuveitendasamband Íslands boðaði til verkbanns á þá starfsmenn Básafells sem ekki voru í verkfalli. Skyldi verkbannið hefjast á miðnætti 11. júní og beinast gegn 16 starfsmönnum sem tiheyrðu Verkstjórafélagi Vestfjarða, Vélstjórafélagi Ísafjarðar, Sveinafélagi byggingamanna á Ísafirði og félagsmanna í Baldri (Vestfjarðadeilan enn í ..., 1997).

Á árunum 1998 til 2015 greindi höfundur fimm verkbönn sem öll tengdust sjávarútvegi. Árið 1998 samþykkti Landssamband íslenskra útvegsmanna verkban á alla starfsmenn sem störfuðu á skipum sem myndu stöðvast vegna verkfalls vélstjóra. Sama ár samþykkti Landssamband íslenskra útvegsmanna einnig verkban á sjómenn sem felldu tillögu um verkban og á vélstjóra á minni skipum sem höfðu ekki boðað til verkfalls. Árið 2000 setti stjórn Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði verkban vegna yfirvinnubanns og útskipunarabanns Verkalýðs- og sjómannasambands Fáskrúðsfjarðar.

Í febrúar árið 2001 lagði Landssamband íslenskra útvegsmanna drög að verkbanni á þá sjómenn sem ekki höfðu samþykkt verkfall (Útvegsmenn undirbúa verkban á sjómenn, 2001). Þann 19. mars varð frumvarp ríkisstjórnarinnar um frestun á verkfalli sjómanna til 1. apríl að lögum. Að sögn um neyðarráð að ræða til að bjarga verðmætum og til þess að deiluaðilar hefðu lengri tíma til að leysa úr deilum sínum. Inngripið í deiluna mætti harkalegri gagnrýni frá stjórnarandstæðingum þar sem verkfallið hafði aðeins staðið í þrjá daga (Alþingi samþykkir lög ..., 2001).

Í upphafi rannsóknarinnar lagði höfundur upp með þrjár rannsóknarspurningar. Sú fyrsta var: hvað er verkban? Til að draga svarið við þeirri spurningu saman mætti segja að verkban sé í langflestum tilfellum mótvægisáðgerð vinnuveitenda og viðbragð við verkfallsáðgerðum launþega. Er verkban því vopn til að knýja á um skjóta lausn kjaradeilna auk þess að vera nýtt til að draga úr kostnaði þeim sem hlýst af því að þurfa að greiða hluta starfsmanna laun þegar starfssemin er lömuð að hluta til eða að öllu leyti vegna verkfallsáðgerða afmarkaðra hópa.

Hvenær hefur verkban verið beitt og við hvaða aðstæður? Ekki er unnt að svara þeirri spurningu í mjög stuttu máli. Eins og sjá má af samantektinni hér að ofan hefur notkun verkbanns einna helst verið að finna í sjávarútvegi. Á það sér í lagi við á síðustu áratugum en öll þau verkbönn sem höfundur greindi frá árinu 1988 tengdust sjávarútvegi með einhverjum hætti. Tafla 1 gefur þó, nokkuð gott yfirlit yfir hvenær og

hvers vegna verkþann hefur verið sett af vinnuveitendum á rannsóknartímabilinu. Hér á eftir verður fjallað um hótanir um verkþönn á rannsóknartímabilinu auk þess sem síðustu rannsóknarspurningunni fæst svarað.

## 10.2 Hótanir um verkþönn á árunum 1938 til 2015

Nokkuð snúið gat reynst að greina hvenær um hótanir um verkþann væri að ræða. Í sumum tilfellum var til að mynda talað um orðróm um hótanir í fjölmiðlum án þess að nokkuð fengist staðfest. Í töflunni eru aðeins tilgreind þau átta tilfelli þar sem einstakir vinnuveitendur, Vinnuveitendasamband Íslands/Samtök atvinnulífsins eða Landssamband Íslenskra útvegsmanna höfðu uppi hótanir um beitingu verkþanns.

Tafla 2 Samantekt hótanana um verkþönn á árunum 1938 til 2015

Ár	Hótanir um verkþann
1942	Vinnuveitendafélag Íslands hótar verkþanni á 300 hafnarverkamenn í Dagsbrún.
1980	Félagsfundur í Félagi íslenska prentiðnaðarins leggur til við sambandsstjórn Vinnuveitendafélags Íslands að brugðist verði við frekari vinnustöðvunaraðgerðum stakra viðsemjenda félagsins með verkþönnum á alla þá er störfuðu hjá fyrirtækjum innan Félags íslenska prentiðnaðarins.
1978	Vinnuveitendur hóta verkþanni gegn Verkamannasambandi Íslands.
1987	Vinnuveitendasamband Íslands gefur sterklega í skyn að verkþani verði beitt ef verkfall undirmanna á kaupskipum leysist ekki innan skamms.
1997	Stjórnendur Hóladrangs hf. íhuga að beita verkþanni á þá starfsmenn sem ekki voru í verkfalli.
1997	Landssamband íslenskra útvegsmanna hugleiðir verkþann á Félag vélstjóra.
2004	Landssamband útvegsmanna gerði grein fyrir því að verkþanni yrði beitt kæmi til verkfalls Sjómannasambands Íslands.
2011	Drífandi stéttarfélag og AFL á Austurlandi aflýsa verkfalli vegna verkþannshótana atvinnurekenda.

Þriðja og síðasta rannsóknarspurningin var: hvenær hafa verið uppi hótanir um að beita verkþanni og við hvaða aðstæður? Eins og sjá má af töflu 2 tengjast flestar þær hótanir um verkþann sem höfundur greindi á rannsóknartímabilinu sjávarútvegi með



einhverjum hætti og frá og með árinu 1978 tengjst allar hótanirnar sjávarútvegi. Er það í nokkuð góðu samræmi við greininguna á verkbönum þar sem öll greind verkbönn eru í sjávarútvegi eftir árið 1988.

Hér á eftir fara lokaorð höfundar þar sem meðal annars verða reifaðar hugmyndir að framtíðarrannsóknum.

## 11 Lokaorð

Lítið hefur verið fjallað um verkbönn hér á landi. Því vakti það áhuga höfundar að fjalla um þetta viðfangsefni en úrræðinu hefur sérlega lítið verið beitt á liðnum árum. Síðasta tilfellið þar sem verkbanni var beitt var árið 2000 þegar stjórn Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði setti á verkbann, vegna yfirvinnubanns og útskipunarbanns Verkalýðs- og sjómannasambands Fáskrúðsfjarðar. Árið 2001 lagði svo Landssamband íslenskra útvegsmanna drög að verkbanni á sjómenn auk þess sem stjórn Samtaka atvinnulífsins veitti Landssambandi íslenskra útvegsmanna heimild til verkbanns á aðildarfélög.

Síðan árið 1990 þegar hinir svokölluðu þjóðarsáttarsamningar voru gerðir hefur verkfallstíðni lækkað mikið. Fyrir þjóðarsáttarsamningana var verkfallstíðni hér á landi afskaplega há og er því um mikinn viðsnúning að ræða (Sveinn Agnarsson og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2013). Við vinnslu verkefnisins varð höfundi ljóst að í lang flestum tilfellum þegar atvinnurekendur beittu verkbanni var það í kjölfar verkfallsaðgerða. Atvinnurekendur báru því almennt við að um varnaraðgerðir væri að ræða eða tilraun til að draga úr rekstrarkostnaði við að hafa starfsmenn á launaskrá á meðan starfsemin væri lömuð vegna verkfallsaðgerða afmarkaðra hópa. Því má draga þá ályktun að verkbönn séu helst nýtt sem vopn í kjaradeilum og til að spara atvinnurekendum kostnað í vinnudeilum. Er sú niðurstaða í samræmi við fræðilegar skýringar hugtaksins.

Þar sem að verkbönn eru almennt mótvægisáðgerð vinnuveitenda gegn verkfallsaðgerðum launþega þykir höfundi nokkuð rökrétt að verkbönnum fækki samhliða minnkandi verkfallstíðni.

Á tímabilinu sem þessi rannsókn spannar hefur atvinnulífið tekið miklum breytingum. Þar til nýlega tók stefnan í atvinnumálum mið af nýtingu náttúruauðlinda og afkoma landsmanna byggðist fyrst og fremst á útflutningi fiskafurða. Smám saman jukust kröfur um fjölbreytileika í atvinnulífinu og landsmenn urðu ekki eins háðir sjávarútveginum (Garðar Gíslason, 1997). Samfara miklum breytingum í efnahagslífinu hefur viðhorfið til starfsmanna einnig tekið breytingum. Laun starfsmanna eru ekki endilega kostnaðarliður sem þörf er á að lágmarka heldur er í auknum mæli lítið á starfsmenn

sem dýrmæta auðlind og uppsprettu samkeppnisforskots (Inga Jóna Jónsdóttir, 2003). Vel kann að vera að hið breytta viðhorf hafi haft áhrif til lækkunar á tíðni verkanna en sem fyrr sagði tók þessi rannsókn hvorki til þess að greina ástæður þess að verkann er lítið notað né hvers vegna það er svo lítið notað sem raun ber vitni. Þar sem að lítið hefur verið fjallað um verkönn hér á landi er þessi rannsókn skref í þá átt að fylla upp í það þekkingargap sem er til staðar. Að mati höfundar væri afskaplega áhugavert framtíðarrannsóknarefni að kanna hvers vegna verkönnum er svo lítið beitt sem raun ber vitni. Einnig væri áhugavert að kanna sérstaklega hvort fjölmiðlar vísi mögulega í einhverjum tilfellum til verkanns sem annarra úrræða, til að mynda verkfalls. Er það ósk höfundar að rannsókn þessi vekji áhuga á frekari rannsóknum á verkönnum.

## Heimildaskrá

- 21 skip hefur stöðvazt. (1979, 16. maí). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=117481&pageId=1513253](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=117481&pageId=1513253)
- 26 verkalýðsfélög hafa boðað vinnustöðvun: Verkbann á lðju og járnsmíði. (1969, 18. apríl). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=114074&pageId=1402022](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=114074&pageId=1402022)
- 93,7% félagsmanna í LÍÚ samþykktu verkbann: Ágreiningur á milli sjómanna og útvegsmanna um lögmati verkabannsins. (1998, 20. janúar). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=130223&pageId=189653](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=130223&pageId=189653)
- Að loknu sex vikna verkfalli. (1984, 23. október). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=119800&pageId=1599369](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=119800&pageId=1599369)
- Aðalfundur Hlífar í Hafnarfirði: Verðlagspróunin geigvænleg – skert kjör verkafólks. (1979, 29. júní). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=117523&pageId=1514814](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=117523&pageId=1514814)
- Albert Guðmundsson: Engin stefnubreyting með verkabanni – þar sem aðrir viðsemjendur borgarinnar hafa ekki beitt sömu brögðum og verkfræðingarnir. (1977. 19. ágúst). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=116870&pageId=1489461](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=116870&pageId=1489461)
- Alþingi bannar vinnustöðvun stýrimanna á Herjólfu með lögum: Herjólfur siglir að nýju eftir sjö vikna verkfall. (1993, 24. mars). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=125445&pageId=1782470](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=125445&pageId=1782470)
- Alþingi samþykkir lög um frestun á verkfalli sjómanna til 1. apríl næstkomandi: Frumvarpið harðlega gagnrýnt. (2001, 20. mars). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=249090&pageId=3391656](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=249090&pageId=3391656)
- Alþingi, vinnulöggjafarnefnd. (1938). *Álit vinnulöggjafarnefndar, ásamt frumvarpi um stéttarfélag og vinnudeilur*. Reykjavík: Atvinnuáráðuneytið.
- Alþýðublaðið kemur út þrátt fyrir verkfallið: Sérsmningur prentarafélagsins og Alþýðuprentsmiðjunnar. (1943, 2. janúar). *Þjóðviljinn*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=63110&pageId=1061476](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=63110&pageId=1061476)
- Alþýðusamband Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins. Félagsdómur 3/2013
- Alþýðusamband Íslands og Alþýðusamband Vestfjarða (Björn L. Bergsson hrl.) gegn Samtökum atvinnulífsins (Jón H. Magnússon hdl.). Félagsdómur 14/2001.

- Alþýðusamband Íslands. (e.d.). Hvað er verkþann[?]. Sótt 6. ágúst af <http://www.asi.is/vinnurettarvefur/stettarfelog-og-vinnudeilur/vinnustodvanir/verkbann/hvad-er-verkbann/>
- Alþýðusamband Íslands. (e.d.). Laun ekki greidd. Sótt 26. júní 2015 af <http://www.asi.is/vinnurettarvefur/rettindi-a-vinumarkadi/laun-og-vinnutimi/laun-ekki-greidd/>
- Ari Skúlason. (1999, 26. júní). Notkun uppsagna í kjarabaráttu. *Morgunblaðið*. Sótt af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/476448/>
- Arnmundur Backman og Gunnar Eydal. (1986). *Vinnuréttur*. Reykjavík: Mál og menning.
- ASÍ höfðar mál vegna sjómanna laga: „Þetta er ótrúlega gróft.“ (2001, 18. maí). *Fréttablaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=148128&pageId=2125622](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=148128&pageId=2125622)
- Ákvörðun LÍÚ um verkþann. Sjómenn vilja úrskurð Félagsdóms. (1997, 20. desember). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=130150&pageId=1894705](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=130150&pageId=1894705)
- Ákvörðun um verkþann frestað. (1979, 27. apríl). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=117462&pageId=1512506](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=117462&pageId=1512506)
- Ásmundur G. Vilhjálmsson. (1981). *Verkbann* (óutgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Ásmundur G. Vilhjálmsson. (2003). *Skattur á fyrirtæki*. Reykjavík: Skattvís.
- Bann við verkfalli og verkþanni á ms. Herjólfu. nr. 13/1993.
- Beardwell, I. og Holden, L. (ritstjórar). (2001). *Human resource management: A contemporary approach* (3. útgáfa). Harlow: Financial Times Prentice Hall.
- Beita vinnuveitendur verkþanni? (1975, 6. júní). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=116181&pageId=1463810](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=116181&pageId=1463810)
- Berelson, B. (1971). *Content Analysis in communication Research*. New York: Hafner.
- Berger, A. A. (1998). *Media Analysis Techniques*. London: Sage Publications.
- BHM styður verkfræðinga. (1977, 8. september). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=116888&pageId=1490143](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=116888&pageId=1490143)
- Bílstjórnarnir neituðu að samþykkja samning, er samninganefndin gerði: Samningar tókust við verkafólkið. Hið sögulega verkfall í Sandgerði. (1952, 8. ágúst). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=1168http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=108823&pageId=1285889](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=1168http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=108823&pageId=1285889)

- Blaðamannafélag Íslands (Svala Thorlacius hrl.) gegn Nútímanum hf. (Eiríkur Tómasson hrl.). Félagsdómur (12/1984).
- Blaðamenn boða verkfall frá 20. nóvember á þremur dagblöðum. (1980, 12. nóvember). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=118014&pageId=1533703](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=118014&pageId=1533703)
- Blaðamenn fordæma verkbannsboðun. (1979, 15. september). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=117585&pageId=1517283](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=117585&pageId=1517283)
- Blyton, P. og Turnbull, P., J. (2004). *The dynamics of employee relations* (3. útgáfa). Basingstoke: Palgrave Macmillan.
- Bogi Pálsson. (2000, 31. desember). Tryggjum áframhaldandi hagvöxt. *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=133640&pageId=1988999](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=133640&pageId=1988999)
- Borgarráð setti verkban á verkfræðinga – þegar verkfall var boðað hjá 4 af 31. (1977, 17. ágúst). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=116868&pageId=1489426](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=116868&pageId=1489426)
- Borgin býður 24,3% hækkun en verkfræðingar vilja fá 36,9% – segir í greinargerð skrifstofu borgarstjóra. (1977, 18. ágúst). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=116869&pageId=1489444](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=116869&pageId=1489444)
- Bókagerðarmenn samþykktu nýgerðan samning 447:68. (1984, 23. október). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=119800&pageId=1599355](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=119800&pageId=1599355)
- Bráðabirgðalög vinstri stjórnarinnar: Gerðardómur – bann við verkföllum og verkbönum. (1979, 20. júní). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=117514&pageId=1514483](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=117514&pageId=1514483)
- Bræðsluverkfall var afboðað – Formaður Drífanda: „Ekki til einskis barist. Samstaða bræðslumanna hélt. Sáum líka hverjir í hreyfingunni standa í lappirnar þegar reynir á.“ (2011, 17. febrúar). *Fréttir – Eyjafréttir*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=376337&pageId=6125773](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=376337&pageId=6125773)
- Búast við að á annan tug þúsunda verði frá vinnu komi til sjómannaverkfalls. Markaðir í blóma en ógn verkfalls vofir yfir. (2001, 10. mars). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=249060&pageId=3390832](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=249060&pageId=3390832)
- Bæjarstjórnin í Eyjum um Herjólf. Óskað eftir lagasetningu á deiluna. (1993, 17. mars). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=125430&pageId=1782016](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=125430&pageId=1782016)
- Cooper, D. R. og Schindler P. S. (2011). *Business research methods*. (11. útgáfa). Boston: McGraw-Hill.

- Dagsbrún-brjóstfylking alþýðunnar. Fáeinar endurminningar áhorfanda. (1956, 26. janúar). *Dagsbrún*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=357874&pagelId=5722249](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=357874&pagelId=5722249)
- Deacon, D., Murdock, G., Pickering, M. og Golding, P. (2007). *Researching Communications: A Practical Guide to Methods in Media and Cultural Analysis* (2. útgáfa). London: Hodder Arnold.
- Dráttarbrautaeigendur boða verkban. (1957, 17. desember). *Þjóðviljinn*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=216049&pagelId=2779653](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=216049&pagelId=2779653)
- Dráttarbrautaeigendur hætta að taka upp báta. (1957, 18. desember) *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=110514&pagelId=1313710](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=110514&pagelId=1313710)
- Edgell, S. (2012). *The sociology of work: continuity and change in paid and unpaid work* (2. útgáfa). London: SAGE Publications.
- Eðvarð Sigurðsson. (1964, 14. apríl). 202. mál, vinnuvernd. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/raeda/?rnr=2162&lthing=84>
- Eigendur NBA-liðanna. (1998, 20. október). *Dagblaðið Vísir- DV*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=198357&pagelId=2975635](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=198357&pagelId=2975635)
- Ekki ráða sjómenn. (2001, 2. maí). *Fréttablaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=148116&pagelId=2125338](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=148116&pagelId=2125338)
- Endurskoðun lag[a] um stéttarfélög og vinnudeilur. (1963, 11. apríl). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=112199&pagelId=1349870](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=112199&pagelId=1349870)
- Endurskoðun laga um stéttarfélög og vinnudeilur. (1963, 2. mars). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=112162&pagelId=1348989](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=112162&pagelId=1348989)
- Enginn sáttatónn og skip enn við bryggju. (2012, 5. júní). *Fréttablaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=359386&pagelId=5770673](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=359386&pagelId=5770673)
- Eyjabátar „þjófstörtuðu“ á Vetrarvertíð: Héldu í land að boði fógeta eftir að hafa lagt netin. (1982, 15. janúar). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=118499&pagelId=1550829](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=118499&pagelId=1550829)
- Farmannadeila: Báðir aðilar höfnuðu tilmælum ríkisstjórnarinnar. (1979, 17. maí). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=117482&pagelId=1513297](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=117482&pagelId=1513297)
- Farmannadeilan: Stefnt að sameiginlegum sáttafundi eftir helgi. (1979, 4. maí). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=117469&pagelId=1512794](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=117469&pagelId=1512794)
